

EGILL MORAN FRÍÐRIKSSON

Lost in Translation kveikti áhugann

• ferðir • bílar • heimili

allt í MIÐJU BLADSINS



PORSTEINN GUÐMUNDSSON

Hugar að framtíð Svalbarða

Vonast til að spjallþáttur sinn haldi áfram

FÓLK 30



Skólabæklingur Office1 fylgir Fréttablaðinu í dag

Office 1 Superstore

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

13. ágúst 2008 — 218. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MIÐVIKUDAGUR

Góðir gefa

Þekktir Íslendingar gefa varning á markað sem Jóhanna Kristjónsdóttir heldur til styrktar börnum og konum í Jemen.



FÓLK 24

Kunnuglegur texti

Kynningartexti á síðu nýrrar ferðaskrifstofu þykir óþægilega líkur ári eldri texta ferðaskrifstofunnar Oriental.

FÓLK 30

Herðubreið klifin fyrst fyrir 100 árum

Gengið var á fjallið árið 1908 í leit að unnusta en það sem fannst var eiginmaður.



TÍMAMÓT 18


Landsliðshópurinn klár

Ólafur Jóhannesson tilkynnti 20 manna hóp fyrir vináttulandsleik á móti Aserbaidsjan.



ÍPRÓTTIR 26

VEÐRIÐ Í DAG



RÓLEGT í dag verður hæg vestlæg eða breytileg átt. Þjart með köflum en hætt við lítilsháttar skúrum vestan til síðdegis. Hiti 10-16 stig, hlýjast í innsveitum syðra.

VEÐUR 4

Sjálfstæðismenn og Framsókn eiga í óformlegum viðræðum

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks funda í dag um þá viðkvæmu stöðu sem komin er upp í meirihlutasamstarfinu. Oddviti framsóknarmanna neitar að tjá sig um hugsanlegt samstarf við sjálfstæðismenn.

REYKJAVÍK „Ef samstarf við Sjálfstæðisflokkinn kæmi til umræðu tel ég að það þurfi að skoða í fullri alvöru þannig að borgarmálin séu ekki öll í uppnámi,“ segir Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins.

Guðni segir skyldu borgarfulltrúa að koma á sterkum meirihluta. „Ég treysti Óskari Bergssyni og hans fólki til þess að fara mjög vel yfir hvort það kæmi til greina,“ segir Guðni.

Guðni neitar að til greina komi að framsóknarmenn gangi inn í samstarf við Sjálfstæðisflokkinn og F-lista í borginni. „Ég met það svo að þriðja hjólið sé ekki valkostur,“ segir Guðni. „Ef þessi meirihluti er ónýtur er hann búinn og þýðir ekkert að reyna að plástra hann eða bæta.“ Guðni kveðst meta stöðuna sem svo að trúnaður sé að breyta innan meirihlutans í borginni.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er staðan í borginni mjög viðkvæm og sjálfstæðismenn farnir að þreifa fyrir sér við aðra flokka. Þegar Fréttablaðið hafði samband við

Óskar Bergsson, oddvita framsóknarmanna, um kvöldmatarleytið í gær neitaði hann viðræðum við sjálfstæðismenn og vildi ekki tjá sig um hvort slíkt hugnaðist honum.

Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi sjálfstæðismanna, neitaði einnig viðræðum við framsóknarmenn þegar Fréttablaðið náði tali af honum seint í gærkvöld. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að sjálfstæðismenn ætli að funda um meirihlutasamstarfið í dag.

Þá hefur Fréttablaðið heimildir fyrir því að sjálfstæðismenn hafi viðrað við Ólaf F. Magnússon borgarstjóra hugmyndir um að útvíkka samstarfið en Ólafur hafi tekið fálega í slíkar hugmyndir.

„Ég get ekkert sagt um það sem ég ekkert veit um og ég veit ekki annað en að samstarfið gangi vel,“ sagði Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, í samtali við Fréttablaðið í gær.

Geir vill ekki tjá sig um hvort rétt sé að Sjálfstæðisflokkurinn gangi til meirihlutasamstarfs við aðra flokka í borgarstjórn

Reykjavíkur. „Þessi mál eru á forræði borgarstjórnarflokksins okkar og ég ætla hvorki að segja honum fyrir verkum né lýsa sérstökum skoðunum á því.“

Geir segir fylgi Sjálfstæðisflokksins í borginni óviðunandi eins og það mældist í síðustu skoðanakönnun Gallup. „Ég treysti okkar fólki og forystumanninum nýja, Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, til þess að rífa fylgið upp,“ segir Geir.

Aðspurður segir Geir erfitt að átta sig á því hvort fylgistap í könnunum megi rekja til samstarfs sjálfstæðismanna við Ólaf F. Magnússon borgarstjóra.

„Á langri ævi í stjórnámálum lærir að hafa ekki of miklar áhyggjur af fylgissveiflum í skoðanakönnunum enda erfitt að ráða í þær,“ segir Geir. Hann neitar að vera hvatamaður að því að nýtt samstarf verði tekið upp í borginni. „Ég er ekki með puttann í verkum sem aðrir bera ábyrgð á.“

Hvorki náðist í Hönnu Birnu né Ólaf F. í gær. - ht / vs



HEIMSMEISTARARNIR LAGÐIR Strákarnir okkar gerðu sér lítið fyrir og lögðu ríkjandi heimsmeistara Þjóðverja að velli, 33-29, í öðrum leik handboltalandsliðsins á Ólympíuleikunum í Peking í gær. Ísland trónir á toppi B-riðils en næsti leikur liðsins er á morgun gegn Suður-Kóreu. Sjá síðu 26.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Valkostirnir eru öflugur gjaldeyrisforði eða ný mynt, segir Edda Rós Karlsdóttir:

Bankastarfsemi á leið úr landi

VIÐSKIPTI Bankarnir hljóta að skoða allar leiðir til að flytja starfsemi sína úr landi, segir Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbanka Íslands. Annað hvort geri þeir það með flutningi

höfuðstöðva, eða með því að flytja eignir og yfir í erlend dótturfélög.

Í grein sem Edda Rós skrifar í Markaðinn í dag vísar hún til þess að aðstæður bankanna séu hér erfiðar sökum lítills baklands og ekki

horfur á að þær batni í brád. Bankarnir þurfi „lánveitanda til þrautarvara“ en það gerist ekki nema með því að Seðlabankinn auki gjaldeyrisforðann, eða að hér verði skipt um mynt. - óká / Sjá Markaðinn

Guðmundur Sæmundsson: Doktorsritgerð um tungutak íþróttanna

HÁSKÓLI ÍSLANDS „Þetta er ekki venjulegt málfar sem nýtur viðurkenningar í skólakerfinu eða þjóðfélaginu almennt sem gott mál. En margt er þar sem er sterkara en í venjulegu máli,“ segir Guðmundur Sæmundsson. Hann ritar nú doktorsritgerð við Háskóla Íslands um málfar í íþróttum. Guðmundur, sem hefur starfað við menntavísindasvið á Laugarvatni, fellst ekki á að þetta málfar sé viðbjóður í eyrum sínum sem íslenskumann og segir verkefnið mjög athyglisvert og skemmtilegt. Guðmundur skoðar meðal annars hvernig málfarið mótar hópinn sem í kringum íþróttirnar er.

- jbg/sjá síðu 30

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24, alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

Parki INTERIORS



ÚTSALA! 25 - 70 % AFSLÁTTUR



SPURNING DAGSINS



Sigurbjörn, eruð þið rán-stæðir?

„Nei, við erum réttstæðir.“

Sigurbjörn Örn Hreiðarsson tryggði Valsmönnum sigur á Fjölni í fyrrakvöld. Þjálfari Fjölnis taldi rangstöðulykt af markinu og sigurinn með stærri ránum sumarsins.

Vildi pólitískt hæli hérlendis:

Átta nafna maður í haldi

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest úrskurð héraðsdóms um að erlendur karlmaður sem grunaður er um glæpi víða erlendis sæti varðhaldi til 19. september.

Hann framvísaði fölsuðu vegabréfi við komuna til Íslands í júlí, sagðist vera Palestínamaður og sótti um pólitískt hæli. Hann er þekktur meðal alþjóðlegra lögregluþingvalda og er grunaður um ýmsa glæpi í mörgum löndum. Þar hefur hann gengið undir átta nöfnum og sagst vera af ýmsu þjóðerni. Maðurinn hefur tvisvar komið við sögu lögreglu hér vegna ölvunar og óspekta.

- sh

Breyting á Fréttablaðinu:

Markaðurinn á hvítan pappír

FJÖLMÍÐLAR Markaðurinn, viðskiptablað Fréttablaðsins, er frá og með deginum í dag prentaður á hvítan pappír en ekki þann bleika sem lesendur eiga að venjast. „Þetta er gert í hagræðingarskyni“, segir Ari Edwald, forstjóri 365. „Með því að hafa Markaðinn samlitán Fréttablaðinu verður hægt að prenta Fréttablaðið og Markaðinn í einu lagi, sem er að sjálfsögðu mun ódýrara og býður upp á meiri sveigjanleika hvað stærðina varðar. Við höfum ákveðið að hafa þennan háttinn á þessar vikurnar meðan blaðið er ekki stærra en raun ber vitni en svo verður Markaðurinn væntanlega aftur kominn í sitt bleika form þegar blaðið stækkar með haustinu.“

Önnur breytingin er sú að nú er Markaðurinn utan um Allt-blaðið en áður var því ófugt farið.

- jse

Margrét Vilborg Bjarnadóttir hefur störf við viðskiptaskóla Stanford í september:

Þrítug að kenna við Stanford

FÓLK „Þetta leggst rosa vel í mig,“ segir Margrét Vilborg Bjarnadóttir, sem tekur við kennslu- og rannsóknarstöðu við viðskiptaskóla hins virta Stanford-háskóla í Kaliforníu hinn 1. september. Athygli vekur ungur aldur Margrétar, en hún er aðeins þrítug.

„Ég kenni MBA-nemendum „modeling“, það er bestun og hermun,“ segir hún. Hún segir þó aðallega um rannsóknarstöðu að ræða. „Það að ná langt í Stanford snýst í raun meira um að ná langt á rannsóknarsviðinu en þessi kennsla. Ég klára kennsluskylduna á sjö vikum og afganginum af árinu eyði ég í heilbrigðisrannsóknir.“

Margrét er verkfræðingur frá Háskóla Íslands og með doktorsgráðu í aðgerðagreiningu frá Massachusetts Institute of Technology.

„Rannsóknir mínar vestanhafs snúast um hvernig hægt er að beita aðgerðagreiningu í heilbrigðisgeiranum,“ segir Margrét Vilborg. „Þær snúast um það hvernig hægt er að búa til spálíkön, fylgjast með lyfjum á markaði og skapa nýja þekkingu með stórum heilbrigðisgagnagrunnum með upplýsingum um milljónir lífa. Um það snerist doktorsritgerðin mín.“

- gh



MARGRÉT VILBORG BJARNADÓTTIR Margrét er doktor í aðgerðagreiningu, fræðigrein sem snýr að hagnýtingu stærðfræði.

Aldrei fleiri krónur í vanskilum:

Hátt í 70 milljarðar í vanskilum

VIÐSKIPTI Yfir 66 milljarðar króna eru í vanskilum í bankakerfinu, samkvæmt tölum Fjármálaeftirlitsins. Upphæð vanskila hefur aldrei verið hærri. Vanskil jukust verulega á öðrum fjórðungi ársins. Vanskil fyrirtækja nema nú 1,1 prósent af heildarskuldbindingum, en námu 0,5 prósentum við lok fyrsta fjórðungs. Eitt prósent lána einstaklinga er í vanskilum. Á þessari öld varð vanskilahlutfallið hæst haustið 2002, 4,11 prósent. Þá voru um 30 milljarðar í vanskilum, en skuldirnar námu þá um 750 milljórum. Þær eru nú átta sinnum hærri.

- ikh / Sjá Markaðinn



HITI Í KOLONUM Á HÚSAVÍK Svarar Cesar Kristmundsson vörubílstjóri hlífir Þórunni Sveinbjarnardóttur ekkert þó að þau séu þremmingar. Kristján Möller hlýðir á.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Finnst sér mismunnað

Umhverfisráðherra stóð fyrir máli sínu á borgarafundi á Húsavík í gær. Um 300 manns sóttu fundinn, sem haldinn var í Borgarhólsskóla. Mikill hiti var á fundinum og var ráðherrann gagnrýndur í ræðu sem og bundnu máli.

STÓRIÐJA „Auðvitað er mér fulljóst að þið eruð óskull út í mig,“ sagði Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra á fjölmennum borgarafundi í Borgarhólsskóla á Húsavík í gærkvöldi. Kristján Möller samgönguráðherra var einnig á meðal fundarmanna.

Umhverfisráðherrann mætti þangað til að gera grein fyrir þeirri ákvörðun sinni að setja framkvæmdir vegna fyrirhugaðs álvers á Bakka í heildstætt umhverfismat. „Ég er umhverfisráðherra í þessu landi og mér ber að framfylgja lögum um umhverfisnefnd; það er beinlínis starfslysing mín,“ sagði hún.

Fjölmargir Húsavíkingar stigu í pontu og voru margir þeirrar skoðunar að ráðherrann hefði beitt

Húsavíkinga misrétti með því að leggja stein í götu þeirra sem standa að framkvæmdunum fyrir norðan meðan hún léti framgang mála vegna fyrirhugaðs álvers í Helgúvík óáreittan. Ráðherra tók fram að ákvörðun sín væri ekki tilkomin af meinbægni við Húsavíkinga né af sérstakri velvilð við Suðurnesjamann heldur hefði kæra vegna álvers í Helgúvík komið of seint og því hefði hún ekki heimild til að bregðast við í því tilfalli með sama hætti og hún gerði vegna álversins á Bakka.

Bergur Elías Ágústsson, sveitarstjóri Norðurþings, gagnrýndi Þórunni fyrir seinagang. Kæra Landverndar vegna áversins á Bakka hefði borist 18. mars og afgreiðslan hefði ekki átt að taka lengri tíma

en tvo mánuði. Ákvörðunin lá hins vegar ekki fyrir fyrr en 31. júlí síðastliðinn. Hann sagði enn fremur að misræmi væri í málflutningi flokksmanna Samfylkingarinnar en Þórunn hefði sagt að ákvörðun hennar gæti tafið framkvæmdir um nokkrar vikur meðan Katrín Júlíusdóttir, formaður iðnaðarnefndar, hefði sagt að framkvæmdir myndu ekki tefjast um einn dag vegna þessa.

Helgi Kristjánsson, sem talaði fyrir hönd Orkuþings, afhenti ráðherra undirskriftir um fjögur hundruð manna sem skora á stjórnvöld að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að eyða allri óvissu um framkvæmdirnar. Gagnrýndi hann ráðherrann bæði í ræðu sem og bundnu máli.

klemens@frettabladid.is

Gísli Marteinn fer í nám:

Flýgur á borgarstjórnarfund

BORGARMÁL Gísli Marteinn Baldursson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, mun hætta í þeim nefndum og ráðum sem hann situr í á vegum Reykjavíkurborgar.

Ástæðan er að hann hyggst stunda nám í borgarfræðum við háskóla í Edinborg. Ekki mun Gísli hins vegar ætla að taka sér frí sem borgarfulltrúi.

„Af því sem ég best veit ætlar hann að fljúga tvisvar í mánuði á borgarstjórnarfund,“ segir Sif Sigfúsdóttir, fyrsti varaborgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins. „Það hefur alla vega ekki verið talað við mig um að taka sæti hans.“ Ekki náðist í Gísla Marteinn vegna málsins.



GÍSLI MARTEINN BALDURSSON

- vsp

Störf þingsins í september:

Byrjað á fyrirspurnartíma

ALÞINGI Óundirbúnað fyrirspurnir verða á dagskrá fyrsta þingfundar framhaldsþingsins, sem stendur frá 2. til 12. september. Að öðru leyti er dagskráin óákveðin.

Sú tilhöggun að halda þingfundir í september er nýlunda sem ákveðin var með breytingu þingskaparlaga síðastliðinn vetur.

Meðal viðamikilla mála sem að líkindum koma til meðferðar septemberþingsins eru sjúkra-tryggingar, skipulagslög, þróunarsamvinna og innleiðing matvælaöggjafar Evrópusambandsins. Þá er viðbúið að þingið staðfesti bráðabirgðalög sem sett voru í sumar um eigin áhættu tiltekinnar tjónabóla í jarðskjálftanum á Suðurlandi í maí.

- bps

Leit Landsbjargar og lögreglu að manni við Vík í Mýrdal var byggð á gabbí:

Gabbarinn gæti borgað brúsann

LÖGREGLAN Leit að manni við Reynisdranga við Vík í Mýrdal í gær byggðist á gabbbíll. Björgunarteymi 27 björgunarsveitarmanna var kallað út, ásamt lögreglu, björgunarskipi frá Vestmannaeyjum, þyrllu og gúmmibát frá Vík.

„Þetta er rándýrt útkall,“ segir Guðmundur Ingi Ingason, varðstjóri hjá lögreglunni á Hvolsvelli, en segir að ekki sé búið að reikna út hve mikill kostnaðurinn sé. Hann útilokar ekki að gabbarinn verði rúkkadur um kostnaðinn.

„Við fengum upplýsingar um að maður væri í hásku úti á sjó,“ segir Kristinn Ólafsson, framkvæmdastjóri slysavarnafélagsins Landsbjargar. Hann segir kostnaðinn ekki mikinn fyrir Landsbjörg, vegna þess að allir hjá Landsbjörg séu sjálfboðaliðar.

„Hitt er hins vegar alvarlegra, að menn rjúka frá daglegum störfum sínum þegar útköll koma og þau störf eru ekki unnin á meðan. Það er mjög sýrt að einhver einstaklingur finni sér leik í því að kalla okkur út að gamni,“ segir Kristinn.

Símtalið var rakið og segir Guðmundur Ingi að það hafi ekki komið frá nálægu svæði.

- vsp



BJÖRGUNARSVEIT Bátar, þyrllu, skip og björgunarsveitarmenn voru kallað út til að sinna gabbbútkalli.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Viðvarandi líkamslykt?

Dr. Mist úðavökvinn er verðlauna uppfinding. Nýtt líf fyrir fólk sem glímur við mikla svitaeða táfylu. Græðir einnig sár og kláða vegna skordýra- og móskítóbíts. Efnið skilur ekki eftir sig bletti á húð eða fatnaði né veldur ertingu.

Byggt á uppfindingu úr Dauðahafinu.

Þú trúir okkur ekki fyrr þú reynir Dr. Mist!

ÚTSÖLUSTADIR: LYFJA LÁGMÚLA OG HAGKAUP
HEILDSÖLUDREIFING: PARLOGIS



Áfram strákar!

Til hamingju með tvo stórsigra á Ólympíuleikunum í Peking.
Kaupþing er stoltur styrktaraðili íslenska handknattleikslandsliðsins.
Baráttukveðjur!

 KAUPÞING
Hugsun lengra

GJALDMÍDLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	81,78	82,18
Sterlingspund	155,53	156,29
Evra	121,79	122,47
Dönsk króna	16,323	16,419
Norsk króna	15,192	15,282
Sænsk króna	12,963	13,039
Japanskt jen	0,7419	0,7463

SDR 129,27 130,05

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

158,8034

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR Verktakar vinna hörðum höndum við að klára framkvæmdir á Skólavörðustíg fyrir opunarhátíðina á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Endurnýjun Skólavörðustígs:

Framkvæmdum að ljúka

SKIPULAGSMÁL Framkvæmdum á efri hluta Skólavörðustígs er nú að ljúka og keppast verktakar við að leggja lokahönd á yfirborðsfrágang í tæka tíð fyrir sérstaka opunarhátíð næstkomandi laugardag.

Í tilkynningu frá Framkvæmda- og eignasviði segir að allt yfirborð götu og gangstétta hafi verið endurnýjað ásamt lögnum veitufyrirtækja. Einnig hafi verið skipt um jarðveg og upphitað góturými nái nú frá Skólavörðuholti niður í Kvos. Í tilkynningunni segir að áhersla hafi verið lögð á að hraða framkvæmdum sem mest og halda gönguleiðum opnum þar sem um vinsæla verslunar- og göngugötu sé að ræða. Verkáætlun hafi staðist að mestu. - ovd

BANDARÍKIN

Máli Plame vísað frá dómi

Áfrýjunardómstóll í Bandaríkjunum hefur staðfest frávisun málshöfðunar Valerie Plame gegn háttsettum meðlimum Bush-stjórnarinnar. Hún sakaði meðal annars Dick Cheney um að hafa átt þátt í að koma upp um að hún væri leyniþjónustufulltrúi CIA.

LEIÐRÉTTING

Æja, listamannsnafn Þóreyjar Bergljótar Magnúsdóttur, misritaðist í aukablaði Fréttablaðsins Heimili og hönnun hinn 8. ágúst. Beðist er velvirðingar á því.

Rússar hafa samþykkt að hefja friðarviðræður við Georgíumenn:

Rússar segjast hættir árásum í Georgíu

GEORGÍA, AP Dmitri Medvedev Rússlandsforseti fyrirskipaði í gær rússneska hernum að hætta árásum í Georgíu. Rússar hafa síðustu fimm daga barist við Georgíumennviðhliðaðskilnaðarsinna frá héruðunum Suður-Ossetíu og Abkasíu í Georgíu.

Medvedev fundaði með Nicolas Sarkozy Frakklandsforseta í gær. Að loknum fundinum tilkynnti Medvedev að Rússar hefðu samþykkt tillögur Evrópusambandsins um vopnahlé og alþjóðlegar viðræður um stöðu Suður-Ossetíu og Abkasíu.

Átökin hófust á fimmtudag þegar Rússar brugðust við

árásum Georgíumanna í Suður-Ossetíu. Rússar réðust í fyrradag á skotmörk í Georgíu utan Suður-Ossetíu og Abkasíu. Líklega hafa þúsundir látist í átökunum. Tugir þúsundir hafa flúið heimili sín.

Þrýstingur Vesturlanda virðist hafa átt þátt í ákvörðun Rússa að hætta árásum í Georgíu. En Rússar segjast hafa náð því markmiði sínu að vernda rússneska ríkisborgara og friðargæsluá í aðskilnaðarhéruðum Georgíu. Þeir hafa einnig skilið georgíska herinn eftir veikari og skaðað olíuflutninga um Georgíu til Evrópu. - gh



NICOLAS SARKOZY OG DMITRI MEDVEDEV Sarkozy sagði í gær að Evrópusambandið væri reiðubúið til að senda friðargæsluá á átakasvæðin í Georgíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

SAKA RÚSSA UM ÞJÓÐARMORÐ

■ Georgíustjórn lagði í gær fram kærnu gegn Rússum fyrir Alþjóðadómstólunum í Haag. Saka þeir Rússa um þjóðernishreinsanir í Georgíu frá 1993 til 2008. ■ Aðalsaksóknari Alþjóðastríðsglæpadómstólsins í Haag, Luis Moreno-Ocampo, sagði möglegt að rannsakarir yrðu meintir stríðsglæpir á átakasvæðunum í Georgíu. ■ Mannréttindadómstóll Evrópu krafðist þess af Rússum að þeir hættu aðgerðum sem ógnuðu lífi óbreyttra borgara í Georgíu.



SANDDÆLUSKIP Í HVALFIRÐI Eigandi Hjarðarness yst við sunnanverðan Hvalfjörð segir heilan veg hafa horfið í sjóinn eftir að malarnám hófst í sjónum undan jörðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Deila í Hvalfirði um malartöku í sjónum

Jarðareigandi í Hvalfirði segir malarnám fyrirtækisins Björgunar á hafsbotni valda strandrofi. Forstjóri Björgunar vísar í Siglingastofnun, sem telur áhrif malarnáms á landrof lítil. Óvissa um er málið segir umhverfissvið borgarinnar.

UMHVERFISMÁL „Það stórsér á jörðinni, það er meðal annars farinn heill vegur,“ segir Sigursteinn Józefsson, landeigandi í Hjarðarnesi í Hvalfirði.

Að sögn Sigursteins hefur landrof orðið við jörð hans frá því að Björgun hóf vinnslu í sjónum þar úti fyrir um aldamótin. Fyrirtækið hafi fram undir þann tíma ekki getað stundað sjávarvinnslu undan Hjarðarnesi vegna háspennustrengs sem lá þar yfir Hvalfjörðinn. Strengurinn hafi hins vegar verið tekinn upp og lagður í Hvalfjarðargöngin þegar þau voru byggð.

Sigursteinn segir björgun alla tíð hafa þrætt fyrir áhrif þess að dæla efni úr sjó á strandlengjuna. Hann kveðst hafa undir höndum ljósmyndir sem sýni landrofið og þær

breytingar sem orðið hafi í Hjarðarnesi á síðustu árum. Fréttablaðið hefur þó ekki fengið myndirnar til birtingar. „Sjónvarpið ætlar að vera á undan með þetta,“ segir Sigursteinn.

Gunnlaugur Kristjánsson, forstjóri Björgunar, segir fyrirtækið stunda malarnám á þremur stöðum í sjó; í Kollafirði, í Hvalfirði og í Faxaflóa. Hver og einn þessara þriggja staða sé nú í umhverfismati hjá Skipulagsstofnun.

„Ég tel að það væri best fyrir alla aðbíðaeftiraðniðurstaðaumhverfismatsins liggja fyrir,“ segir Gunnlaugur.

Forstjóri Björgunar vísar til þess að landrof hafi verið þekkt héraðs í gegnum aldirnar. „Til dæmis var Saltvíkurbærinn á Kjalarnesi

fluttur þrisvar eða fjórum sinnum frá landnámi fram til um 1700 vegna landrofs. Þá var Björgun ekki með starfsemi,“ segir Gunnlaugur, sem ennfremur kveðst vilja vekja athygli á því hversu gríðarlega mikill akstur þungaflytningabíla sparist með efnistöku úr sjó miðað við flutninga úr náumum langt inni í landi.

Umhverfismat vegna þriggja fyrrnefndra námasvæða er lengst komið vegna Kollafjarðar. Í umsögn til Skipulagsstofnunar segir umhverfissvið Reykjavíkurborgar að óvissa sé í niðurstöðum Siglingastofnunar um áhrif strandrofs: „Gætu því námur sem liggja rétt innan við mörkin í raun verið að valda auknu strandrofi.“

gar@frettabladid.is

Kornverð kann að lækka:

Uppspera góð vestanhafs

BANDARÍKIN, AP Kornuppspera í Bandaríkjunum virðist ætla að verða betri en óttast var eftir mikil flóð í Miðvesturríkjum Bandaríkjanna í júní. Er nú áætlað að uppsperan verði sex prósentum minni en í fyrra, en það ár var metuppspera. Er betri afkoma rakin til hagstæðs veurfars í sumar. Uppspera sojabauna og hveitis stefnir einnig í að fara fram úr fyrri væntingum.

Líklegt er að verð frá framleiðendum vestra lækki nokkuð fyrir vikið. - gh



NESJAVELLIR Héðan kemur stór hluti af heitu vatni Orkuveitunnar.

Orkuveita Reykjavíkur:

Aukin sala á heitu vatni

ORKUMÁL Framleiðsla Orkuveitu Reykjavíkur á heitu vatni fyrir höfuðborgarsvæðið jókst fyrstu sex mánuði ársins miðað við sama tímabil í fyrra. Í fyrra nam framleiðslan 38,2 milljónum rúmmetra en í ár 41,9 milljónum rúmmetra sem er aukning um 9,7 prósent. Þrátt fyrir hitabylgjuna í nýliðnum júlí jókst framleiðslan í þeim mánuði miðað við í fyrra um sautján prósent og nam 3,4 milljónum rúmmetra.

Samkvæmt gögnum Orkuveitunnar hefur verð á heitu vatni frá fyrirtækinu lækkað að raungildi um 35 prósent frá árinu 2005. - gar

Imodium®
Við bráðum niðurgangi



Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

Imodium® (loperamið) 2 mg töflur. Imodium er fánlegt án lyfseðils og er notað við bráðum niðurgangi (skammtimeðferð). Langvarandi alvarlegur niðurgangur, þ.m.t. niðurgangur vegna af hraðar læmingar. Skammtar og lyfjagjöf: Bráður niðurgangur: Byrja skal meðferðina með 2 töflum, en skömmtun er síðan 1 tafla eftir hverja hægbalsum með niðurgangi, þó ekki þéttar en á 2-3 klst. frest. Sólarhringskammtur á ekki að fara yfir 8 töflur. Langvarandi niðurgangur: Skömmtun er í upphafi 2 töflur. Skömmtun er síðan einstaklingsbundin á bilinu 1-8 töflur á sólarhring, lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára. Varnaráhrif: Við langvarandi bólgusjúkdóm í þörmum getur lyfið dulið einkenni um skyndilega versnun. Lyfið hefur einungis áhrif á sjúkdómseinkenni. Ef sjúkdagur hefur háan hita eða blóð í hægðum og ef meðferð á að vera langvarandi, þarf að finna og meðhöndla undirliggjandi orsök eins og kostur er. Imodium meðferð skal stöðva við merki um hægbalstrengi eða önnur merki um ofullnægjandi þarmahreyfingar. Sjáist bati ekki innan tveggja sólarhringa við bráðum niðurgangi, á að hætta gjöf Imodium og huga aðra meðferð. Hja almannisjúklingum á meðferð með Imodium á að stöðva meðferð við fyrstu merki um þannig kyð. Tilkynnt hefur með um einstaka lífveruáhrif með róbólgu. Imodium á að nota með varð á sjúklíngum með skerta lífrastarfermi. Leið til lækris eða lyfjafærings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfið. Leið fylgiseðilinn vandlega áður en þyrjað er að nota lyfið. Handhafi markabreyfis: Janssen-Cilag AB. Umbúið á Íslandi: Vistor hf., Hörgatun 2, 210 Garðabær.


VEÐURSPÁ



Sigurður P. Ragnarsson
Veðurfræðingur

BREYTINGAR FRAMUNDAN Lítils- háttar breytingar verða á veðurlagi hjá okkur eftir daginn í dag. Má reikna með að á morgun verði nokkuð meiri úrkomuhætta vestan til og sums staðar norðvestan til. Enn fremur bætir nokkuð í vind vestan til á föstudag og um helgina.

Á MORGUN 3-10 m/s, stífastur norðvestan til.



FÖSTUDAGUR 5-13 m/s, stífastur vestan til á landinu.

HEIMURINN	°C
Kaupmannahöfn	22°
Billund	18°
Ósló	16°
Stokkhólmur	22°
Gautaborg	21°
London	18°
Paris	20°
Frankfurt	21°
Friedrichshafen	22°
Berlín	25°
Alicante	28°
Mallorca	32°
Basel	23°
Eindhoven	21°
Las Palmas	26°
New York	30°
Orlando	31°
San Francisco	19°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

ÚTSÖLULOK

50% AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR 49.900
24.900
ÚTSALA

PVL4EX
Nardi helluborð

46% AFSLÁTTUR
YA6640SFEMWT
Terim
gaseldavél

VERÐ ÁÐUR 129.900
69.900
ÚTSALA

249.900
ÚTSALA

FRNU20FBI
Daewoo
tvöfaldur
Hæð 188 cm
Titanium áferð

56% AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR 144.900
62.900
ÚTSALA

Airone
eyjuháfur
Medusa Isola

40% AFSLÁTTUR

Pottar
Allir stakir pottar
með 40% afslætti

5CDC-60X
Fagor
veggháfur

50% AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR 35.900
19.900
ÚTSALA

965010146
Fagor djúp-
steikingar-
pottur

VERÐ ÁÐUR 10.990
6.590
ÚTSALA

40% AFSLÁTTUR

50% AFSLÁTTUR
SNÚRUR OG TENGI

420031
Stafrænn
myndarammi

60% AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR 24.900
9.900
ÚTSALA

50% AFSLÁTTUR

Cambridge
heimabíómagnarar,
stereo magnarar og
geislasplilarar

50% AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR 29.900
14.950
ÚTSALA

Aego M hvítir og svartir
tölvu- og ipod hátalarar

RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF

- ANNO 1929 -

Skútuvegur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is

Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16

Líf er gott  LG

KJÖRKASSINN



Á að eyða fé í að rannsaka heyrn ungbarna í fimm daga skoðun?

Já 87,0%
Nei 13,0%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefur þú trú á íslenska landsliðinu í handbolta á Ólympíuleikunum?

Segðu þína skoðun á visir.is



Réttarhöld í Danmörku:

Lögðu á ráð um sprengjuárásir

DANMÖRK, AP Réttarhöld eru hafin í Kaupmannahöfn yfir tveimur mönnum sem eru ákærðir fyrir að hafa skipulagt sprengjuárásir í borginni.

Danska lögreglan hefur sagt að mennirnir tveir, sem báðir eru múslimar, séu tengdir Al-Kaída-hryðjuverkanetinu. Við þingfestingu málsins var hins vegar ekkert minnst á slík tengsl.

Mennirnir tveir eru sagðir hafa útbúið tilraunasprengju svipaða sprengjunum sem urðu 52 að bana í London árið 2005. Þeir voru handteknir í september á síðasta ári.

- þeb



BRÚ Veitingar og eldsneyti í rúma hálfu öld.

Kaflaskipti í veitingasögu:

Lokað og læst á Brú í Hrutafirði

ÞJÓNUSTA Veitingaskálanum Brú í Hrutafirði hefur verið lokað. Að því er segir á Strandir.is mun N1 hins vegar innan tíðar opna nýjan skála utar í firðinum þar sem hringvegurinn mun framvegis liggja. Sá skáli á einnig að taka við hlutverki Staðarskála handan fjarðarins.

„Starfsmenn N1 voru í óðaönn að taka niður innanstokksmuni, gera vörutalningu, taka niður eldsneytistanka, dæla af tönkum og svo framvegis og framvegis. Fimm tíu og fjögurra ára sögu veitingareksturs í Brú er lokið, en skálinn var um árabil stærsti vinnustaður í Bæjarhreppi,“ lýsti tíðindamaður strandir.is aðkomunni á Brú á mánudag.

- gar

ALPINGI

Fundað í viðskiptanefnd

Viðskiptanefnd kemur saman, að líkindum í næstu viku, til að ræða stöðu sparissjóðanna og horfur á yfirvofandi gjaldþrotum fólks og fyrirtækja. Höskuldur Þór Þórhallsson, þingmaður Framsóknarflokksins, óskaði eftir að fundurinn yrði haldinn.

SIMBABVE

Mugabe verðlaunar

Robert Mugabe Simbabweforseti veitti í gær George Chiveshe, yfirmanni kjörstjórnar Simbabwe, medalju. Chiveshe bar ábyrgð á framkvæmd nýfstaðinna forsetakosninga í Simbabwe. Mugabe var lýstur sigurvegari hinna umdeildu kosninga.

LÖGREGLUFRETTIR

Rúta bakkaði á bilaleigubíl

Minni háttar umferðarslys varð í Óxarfirði í gær þegar rúta bakkaði á bilaleigubíl. Engin slys urðu á fólki.

Mál nektardansstaða verða tekin fyrir í borgarráði á morgun:

Borgarstjóri vill takmarkanir

STJÓRNSÝSLA Umsóknir nektardansstaðanna Óðals og Vegas um undanþágu frá banni við nektarsýningum verða teknar til umfjöllunar á borgarráðsfundi í fyrramálið.

Ólafur F. Magnússon borgarstjóri segir það ekkert leyndarmál að hann vilji „takmarka starfsemi nektardansstaða eins mikið og kostur er á og ég hef viljað það lengi“.

Embætti lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu taldi rétt í ljósi stjórnsýsluúrskurðar dómsmálaráðuneytisins að senda umsóknir rekstrarfélaga staðanna til umsagnar á ný.

Í úrskurði ráðuneytisins var felld úr gildi ákvörðun sýslumannsins í Kópavogi um að synja súlustaðnum Goldfinger um undanþágu frá nektarsýningabanni. Ráðuneytið taldi verulega annmarka á þeim sjónarmiðum sem sýslumannsembættið byggði á. „Ég held að það sé almennur vilji borgarfulltrúa að sinna



BORGARSTJÓRI REYKJAVÍKUR Ólafur F. Magnússon segist lengi hafa viljað takmarka starfsemi nektardansstaða.

Þessum málefnum í samræmi við þá hagsmuni sem kjörnir fulltrúar bera fyrir brjósti,“ segir Ólafur.

- hþj

Vigdís íhugaði afsögn vegna EES-málsins

Vigdís Finnbogadóttir íhugaði að segja af sér forsetaembættinu í aðdraganda aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Bæði hugleiddi hún afsögn til að komast frá málinu og eins að beita synjunarvaldi sínu og segja af sér í kjölfarið.

STJÓRNMÁL Vigdís Finnbogadóttir mat það sem möguleika að segja af sér embætti forseta Íslands þegar samningurinn um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu var í algleymingi í þjóðfélaginu haust og vetur 1992-3.

Þetta er upplýst í grein Baldurs Þórhallssonar, prófessors í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, í nýútkomnibók; Uppbrothugmynda-kerfisins – endurmótun íslenskrar utanríkisstefnu 1991-2007.

Harkalega var tekist á um EES-samninginn, bæði innan þings og utan. Kröfur voru uppi um að þjóðin greiddi atkvæði um aðild Íslands að samningnum en tillaga þess efnis var felld með naumum meirihluta í þinginu. Þegar fyrir lá að þingmeirihluti væri fyrir aðild var brýst á Vigdísi að synja lögum um málið staðfestingar.



BALDUR ÞÓRHALLSSON

Hún mat vel alla kosti í stöðunni og sá í hendi sér að ef hún beitti synjunarvaldinu – sem forsetar höfðu aldrei gert – yrði í stjórnskrárbundinni þjóðaratkvæðagreiðslu í raun kosið á milli hennar sjálfrar og ríkisstjórnarinnar en ekki um sjálfa EES-aðildina. Í grein Baldurs staðhæfir Vigdís að ef hún hefði neitað að skrifa undir hefði hún sagt af sér embætti strax í kjölfarið, svo ekki þyrfti að koma til slíkrar atkvæðagreiðslu milli hennar og stjórnarflokka.

Ekki er þó fullvíst að til slíkrar þjóðaratkvæðagreiðslu hefði komið því Jón Baldvin Hannibálsson, þá utanríkisráðherra og formaður Alþýðuflokksins, segir í



VIGDÍS FINNBOGADÓTTIR „EES-málið var langerfiðasta málið sem ég fékkst við í forsetatíð minni. Langerfiðasta. Ekkert kemst nálægt því,“ segir Vigdís í grein Baldurs Þórhallssonar um Evrópustefnu Íslenskra stjórnvalda í nýútkominni bók um utanríkisstefnu Íslands á árunum 1991-2007. Framsal fullveldis vafðist helst fyrir Vigdísi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

greininni að þeir Davíð Oddsson, forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, hefðu verið ásáttir um að ef forsetinn neitaði að skrifa undir yrði þing rofið og efnt til kosninga. Gerðu þeir Vigdísi grein fyrir þessum sjónarmiðum.

En Vigdís hugleiddi ekki aðeins afsögn í kjölfar synjunar; hún íhugaði einnig gaumgæfilega að segja af sér til að komast frá málinu. „Ég hugsaði mikið um mína eigin afsögn. ... Það var búið að setja mig í þá klemmu og þetta var leikið þannig út á ystu nöf að ég sá fyrir mér að það væri kannski lausn að ég færi, að þetta mál lægi

ekki allt hjá einni manneskju,“ segir Vigdís í greininni.

Á ríkisráðsfundi 13. janúar 1993 staðfesti Vigdís EES-samninginn sem degi áður var samþykktur á Alþingi. Gerði hún það eftir ítarlegar yfirlegur og samræður við fjölda fólks. Ástæðurnar voru, samkvæmt grein Baldurs Þórhallssonar, annars vegar þær að með aðild fengi íslensk æska öll tækifærin í menntaáætlunum Evrópusambandsins og öllu því sem Evrópa hefði upp á að bjóða og hins vegar þær að hún hefði „átt gríðarlega erfitt með að fara gegn þjóðkjörnu þingi“.

bjorn@frettabladid.is

Knattspyrnudeild Fylkis sendi fyrirtækjum í Árbæ 8.000 króna greiðsluseðil:

Segir mistökin liggja hjá Byr

FJÁRMÁL „Þetta er alveg með ólíkindum. Í sjálfa sér er ekkert athugað við að félagið afli sér peninga en annað mál þegar það tekur upp á því að senda giróseðil út, án þess að maður samþykki það,“ segir Einar Þórisson, eigandi þriggja fyrirtækja í Árbæ.

Einar rak upp stór augu þegar greiðsluseðill, frá knattspyrnudeild Fylkis, upp á áttaþúsund krónur birtist í einkabanka allra þriggja fyrirtækja hans. Greiðsluseðillinn var sendur til allra fyrirtækja í Árbænum.

„Ef ekki væri fyrir þær aðhaldsaðgerðir sem við stöndum í vegna kreppu hefði þetta mögulega verið



FYLKISMAÐUR Í BARÁTTU Byr stofnaði til krafna á hendur fyrirtækjum Árbæjar áður en bréf var sent út til tilkynningar, að sögn stjórnarmanns knattspyrnudeildar Fylkis.

greitt óvart. Venjulega styrki ég ýmis félög en hef aldrei verið styrktarmaður Fylkis,“ segir Einar.

„Búið er að fella kröfurnar niður,“ segir Jón Óli Sigurðsson, stjórnarmaður hjá knattspyrnudeild Fylkis. „Kröfurnar voru stofnaðar fyrir mistök.“

Jón Óli segir ætlunina hafa verið að senda bréf til fyrirtækjanna til að tilkynna þeim um fyrirhugaða söfnun. Síðan átti að senda út valkvæðan greiðsluseðil. Fyrir mistök hafi bankinn Byr stofnað til krafna áður en bréfin voru send út.

„Mistökin liggja hjá Byr að stofna þessar kröfur áður en við erum búin að senda út bréfið,“ segir Jón Óli.

- vsp

Framkvæmdir Dettifossvegjar:

Farið fram á eignarnám

SAMGÖNGUMÁL Vegagerðin fór í lok síðustu viku fram á eignarnám á þeim jörðum við Dettifossveg sem ekki náðust samningar við landeigendur um. Framkvæmdir við Dettifossveg töfðust vegna þeirra samningsumleitana.

Nokkrir landeigendur, Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun lögðust gegn útfærslu nýs Dettifossvegjar. „Ég er verulega ósáttur við eignarnámið. Ég mun fara fram á hækkaðar bætur vegna útivistarverðmæta þessa lands,“ segir Jón Illugason, einn landeigendur sem ekki náðust samningar við.

- vsp



JEAN-MARIE LE PEN Le Pen hefur nokkrum sinnum verið dæmdur fyrir rasisma.

NORDICPHOTOS/AFP

Le Pen semur við Kínverja:

Þjóðernisflokkur í kröggum

FRAKKLAND, AP Franski þjóðernisflokkurinn, sem kunnur er fyrir harða afstöðu í garð innflytjenda, hefur neyðst til að selja kínverskum háskóla aðalstöðvar sínar í París til að greiða upp skuldir frá forseta- og þingkosningum á síðasta ári.

Flokknum gekk illa í kosningunum og náði víðast ekki fimm prósentu markinu sem nauðsynlegt er til að hljóta ríkisstuðning.

Flokkurinn komst í kastljósið árið 2002 þegar formaður hans, Jean-Marie Le Pen, komst í seinni umferð frönsku forsetakosninganna. Þá umferð vann íhaldsmaðurinn Jacques Chirac.

- gh



MÓTMÆLI Fámennur hópur Litháa mótmælti fyrir utan sendiráð Rússlands í Reykjavík í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Félag Litháa á Íslandi:

Mótmæltu innrás Rússlands

MÓTMÆLI „Við viljum sýna öllum íbúum Georgíu okkar einlægustu samstöðu og stuðning með þessum mótmælum. Litháar voru í svipaðri stöðu fyrir tveimur áratugum, og því eiga Georgíumenn samúð okkar óskipta,“ segir Inga Minelgaite, talsmaður félags Litháa á Íslandi. Félagið stóð fyrir mótmælum vegna innrásar rússneska hersins í Georgíu í gær við sendiráð Rússlands.

Inga segist hafa orðið vör við mikinn stuðning af þessu tilefni. „Fólk af mörgu þjóðerni hefur haft samband og þakkað okkur fyrir framtakið. Þetta eru þögnul mótmæli, engin óskur og læti heldur erum við einungis að sýna stuðning okkar í verki,“ segir Inga. Rússar samþykktu í gær áætlun sem miðar að því að binda endi á átökin í Georgíu.

- kg

VESTFIRÐIR

Sprengt og unnið í göngum

Stefnt er að því að ljúka forskeyringu Bolungarvíkurganga og hefja eiginlega gangvegum um næstu mánaðamót. Háværar sprengingar hljóma nú í Hnífsdal vegna forskeyringarinnar. Gert er ráð fyrir að sprengt verði alla vikuna.

LJÓS
30%
TIL 50%
AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM LJÓSUM



FLÍSAR
30%
TIL 50%
AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM FLÍSUM

ALLT Á AÐ SELJAST!

LAGERHREINSUN
Á GÓLFEFNUM, LJÓSUM OG MÁLNINGU

3.490

Fullt verð: 4.032

Vnr. 0113849

Parket

Woodline Eik rustic hvít-
mattlakkað, 14x190x1820 mm.
Smellt parket.



60%
afsláttur

AF VERDENSFARVER
MÁLNINGU

40%
afsláttur



2.134

Fullt verð: 3.556

Vnr. 89540110-210

Gluggamálning

PINOTEX gluggamálning,
ljósir litir, sérhönnuð á glugga 1 l.

EINNIGER ÚTSALA Í FJÖLMÖRGUM VÖRUFLOKKUM:

FATNAÐUR: 25%-50% AF VÖLDUM VÖRUM
FLÍSAR: 30%-50% AF ÖLLUM VÖRUM
GARDÍNUR: 40% AF ÖLLUM VÖRUM
LJÓS: 30%-50% AF ÖLLUM VÖRUM
MOTTUR: 30% AF ÖLLUM VÖRUM
TEPPI: 30% AF ÖLLUM VÖRUM
VERKFAERI: 20%-50% AF VÖLDUM VÖRUM
MÁLNING: 20%-50% AF VÖLDUM VÖRUM
BÚSÁHÖLD: 30%-50% AF ÖLLUM VÖRUM
SMÁRAFTÆKI: 20%-50% AF VÖLDUM VÖRUM
BLÖNDUNARTÆKI: 30%-50% AF ÖLLUM VÖRUM
HREINLÆTISTÆKI: 20%-50% AF ÖLLUM VÖRUM



VEISTU SVARIÐ?



- 1 Hver syngur í óperu hér á landi í fyrsta sinn í fjórtán ár í haust?
- 2 Hvað heitir fyrrverandi forsætisráðherra Taílands, sem handtökuspun var gefin út á á mánudag?
- 3 Hvernig fór leikur ÍA og Keflavíkur í Landsbankadeildinni á mánudagskvöld?

SVÖRIN ERU Á Síðu 30



KOINOBORI Flaggið verður dregið að húni í Húsdýragaröinum hinn 20. ágúst.

Gjafmildur Japani:

Íslenskir krakkar fá koinobori

FÓLK Shiro Itoh, rúmlega sjötugur glerbúðareigandi frá Japan, hefur ákveðið að gefa íslenskum börnum gjöf. Um er að ræða svokallaðan koinobori, fimm metra langt flagg sem er í laginu eins og karfi. Slík flagg eru notuð til að fagna sérstökum barnadegi, sem haldinn er hátíðlegur 5. maí ár hvert í Japan.

Samkvæmt Tomoko Daimaru, starfsmanni sendiráðs Japans á Íslandi, er Itoh Íslandsvinur sem hefur heimsótt landið tvisvar sinnum. Hann færði dýragaröin- um í Berlín svipað flagg að gjöf fyrir nokkrum árum.

Flaggið verður dregið að húni við selalaugina í Húsdýragaröin- um 20. ágúst næstkomandi. - kg



VARÐSTÖÐ Í XINJIANG-HÉRAÐI Öryggis- gæsla hefur verið hert í héraðinu síðustu daga. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þrír drepnir í hnífstunguárás:

Ofbeldisalda í Vestur-Kína

KÍNA, AP Hnífamenn drápu þrjá verði við varðstöð í Xinjiang- héraði í Vestur-Kína í gær. Alls 31 hefur látist í ofbeldisöldu í héraðinu síðustu daga.

Innfæddir íbúar Xinjiang- héraðs kallast Vígúar og eru flestir múslimar. Þeir halda því fram að kínversk stjórnvöld mismuni þeim og margir þeirra vilja sjálfstæði frá Kína. Svo virðist sem vígúskir vígamenn vilji nýta þá athygli sem Kína hlýtur vegna Ólympíuleikanna til að vekja athygli á sjálfstæðisbar- áttu sinni. - gh

REYKJAVÍK

Hættulegar stígamerkingar

Pálmi Freyr Randversson, sérfræð- ingur í samgöngumálum Reykjavíkur, segir að það geti hafa dregið úr öryggi að aðgreina umferð gangandi og hjólandi vegfarenda með málaðri línu á völdum stígum borgarinnar. Þess vegna verði hætt að merkja þá. Þetta kom fram í máli Pálma er hann heimsótti umhverfisráð Kópavogs sem nú ihugar slíkar merkingar.

Þegar fylgst er með verði má spara sér margar krónur:

Vökulum augum ber að hrósa

Það eru ekki bara svik og prettir sem birtast þeim sem fylgjast með. Það má spara tugi þúsunda á ári ef neytendur taka sér örfáar sekúndur til þess að fylgjast með verðlagi.

Ökkur barst þetta bréf frá Hannei:

Hæ Neytendavakt. Ég var í Elkó Lindum yfir opunarhelgina þar og sá venjulega Stanley gluggasköfu sem var auglýst sem „keramik- skafa“, verðið var ríflega 1.200 krónur og mér fannst það frekar dýrt. Ég fór síðan í Krónuna sem er við hliðina og þar sá ég sömu sköfu á 140 krónur. Ég keypti sköfuna í Krónunni að sjálfsögðu. Um



HELGA ÞÓREY neytendur@frettabladid.is



ÞÚSUNDKALL OG MEIRA TIL Hannei sparaði auðveldlega með því að vera vakandi.

daginn fór ég aftur í sömu verslanir og þá var sama verð á þessu. Sem sagt tæplega tíu sinnum dýrara í Elkó. Skafan var reyndar seld undir öðru nafni, en þetta var sama varan.

Af því að Hannei nemti að fylgjast með því hve mikið varan sem hann vantaði kostar sparaði hann sér heilar 1.160 krónur í innkaupum á einni vöru.

Af augljósum ástæðum kaupir venjulegt fólk sér ekki keramiksköfur á hverjum degi. Aðrar vörur eru líka á mjög ólíku verði. Sem dæmi má nefna mat og drykk, fatnað, raftæki eða leikföng.

Flott hjá þér, Hannei!

Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Stjórnvöld ofmátu stöðu til samninga í varnarmálum

Stjórnvöld ofmátu stöðu Íslands í deilum vegna brotthvarfs Bandaríkjahers. Stuðningur við Íraksstríðið kom fram fyrr en Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson hafa haldið fram. Halldór neitar. Davíð tjáir sig ekki.

UTANRÍKISMÁL Davíð Oddsson ofmat samningsstöðu íslenskra stjórnvalda gagnvart Bandaríkjunum í aðdraganda þess að herstöðinni í Keflavík var lokað. Það sama átti við um fleiri háttsetta embættismenn og ritstjóra Morgunblaðsins. Illa var haldið á samningaviðræðum við bandaríska embættismenn sem Albert Jónsson, sendiherra Íslands í Bandaríkjunum, leiddi. Íslensk stjórnvöld höfðu samþykkt ósk breskra stjórnvalda um að styðja árásina á Írak áður en Bandaríkjamenn birtu lista „hinna viljugu þjóða“ árið 2003, þvert á það sem Davíð og Halldór Ásgrímsson hafa fullyrt til þessa.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í grein Vals Ingimundarsonar, prófessors í sagnfræði við Háskóla Íslands, í nýrri bók; Uppbrot hugmyndakerfis. Í bókinni greinir hann samskipti Íslands og Bandaríkjanna frá endalokum kalda stríðsins. Valur telur að samningsstaða Íslands gagnvart Bandaríkjunum hafi í raun ekki verið nein þrátt fyrir þá tiltrú forsætis- og utanríkisráðherra að hótun um uppsögn varnarsamnings þjóðanna væru jafn beitt vopn og hún hafði verið um áratugaskeið. Þátt Davíðs Oddssonar telur hann þar veigamestan en aðrir ráðamenn og ritstjóri Morgunblaðsins voru undir sömu sök seldir.

Á lokastigum samningaviðræðna um brottför hersins telur Valur jafnframt að það hafi verið mistök að slíta ekki viðræðum eftir að þær virtust vera komnar í strand.

„Trúverðugleiki íslenskrar utanríkisstefnu beið hnekkir þegar ekki var staðið við margítrekaðar hótanir um uppsögn varnar-



LYKILMENN Þáverandi framkvæmdastjóri NATO, George Robertson lávarður, heimsótti Ísland þegar deila Bandaríkjanna og Íslands um brotthvarf hersins var í algleymingi árið 2003. Hann gegndi lykilhutverki í samskiptum við æðstu ráðamenn Bandaríkjanna sem hafði mikið að segja um framvinduna. FRÉTTABLAÐIÐ/PÓK

samningsins,“ er jafnframt niðurstaða Vals. Valur setur deilur stjórnvalda landanna um brotthvarf hersins í samhengi við aðdraganda Íraksstríðsins. Fram kemur að íslensk stjórnvöld lýstu yfir stuðningi við innrásina eftir að ljóst var að heraflinn yrði kallaður héðan, en Davíð og Halldór hafi talið að slíkur stuðningur myndi liðka fyrir í samningum um að þyrilur, herþotur og sá mannaflí sem þjónustaði þær yrðu hér um kyrrt. Fljótlega var þó ljóst að stuðningur Íslands við innrásina skipti þar engu máli.

Athygli vekur í grein Vals að stuðningur við árásina var staðfestur þegar ósk breskra stjórnvalda þar var barst, degi fyrr en fyrrverandi forsætis- og utanríkisráðherrar hafa haldið fram að slík bón hafi borist frá Bandaríkjamönnum.

Halldór Ásgrímsson sagðist í viðtali við Fréttablaðið enga vitneskju hafa um samskipti við Bretana vegna málsins. Þegar leitað var viðbragða Davíðs Oddssonar fengust þau skilaboð að hann hygðist ekkert tjá sig um grein Vals.

svavar@frettabladid.is

Viðskiptaráðherra segir að ótryggð tjón vegna Suðurlandsskjálftanna verði bætt:

Jaðartilfellið verða líka bætt

JARÐSKJÁLFTI „Þetta eru náttúruhamfarir og hvort sem það eru jarðskjálftar eða snjóflóð þá er ríkisstjórnin á þeirri skoðun að það eigi enginn að sitja eftir í alvarlegum erfiðleikum út af náttúruhamförum,“ segir Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra. Alls hafa 55 erindi borist þjónustumiðstöð vegna Suðurlandsskjálfta þar sem fólk óskar stuðnings vegna ótryggðra tjóna af völdum skjálftanna. Í Fréttablaðinu í gær sagði Ólafur Örn Haraldsson, verkefnastjóri þjónustumiðstöðvarinnar, að hvert og eitt erindi yrði metið,



BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON

án fyrir fram loforða um niðurstödur.

„Við munum, með sanngjörnum hætti, koma til móts við þau tilfelli sem lenda fyrir utan viðlagatryggingafyrirkomulagið,“ segir Björgvin. Því til undirstrikunar hafi ríkisstjórnin með bráðabirgðalögum breytt viðmiðunarmörkum viðlagatryggingar vegna innbústjóna úr 80 þúsund krónum í 20 þúsund.

Björgvin segir tryggingar bæta flest tjón vegna skjálftanna en hins vegar snúist þetta um bætur vegna jaðartilfella. Sem dæmi þekki hann til tilfellis þar sem eigandi húss fái greiddar bætur í samræmi við brunabótamat hússins sem dæmt hefur verið ónýtt. Kostnaður við að rífa húsið og farga því sé umtalsverður auk þess sem eigandinn þurfi að koma sér upp nýju heimili.



ÓNYTT HÚS Til stendur að rífa vel á þriðja tug húsa sem skemmdust í skjálftunum 29. maí.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

„Jaðartilvik eru sem betur fer ekki mörg en þau geta verið mjög alvarleg og þá á samfélagið að koma til móts við þá einstaklinga eins og frekast er kostur.“

- ovd

Iðnaðarráðuneytið:

Ráðstefna um olíumál

IÐNAÐUR Iðnaðarráðuneytið stendur fyrir ráðstefnu um olíumál, Iceland Exploration Conference 2008, dagana 4. til 5. september næstkomandi og er það fyrsta ráðstefnan af þessu tagi hérlandis. Ráðstefnan verður haldin á Hilton Nordica Hotel í Reykjavík.

Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra mun ávarpa ráðstefnuna og síðan flytja erindi danskir, norskir, færeyskir og íslenskir sérfræðingar.

Sérstaklega verður fjallað um mögulega nýtingu á Jan Mayen- svæðinu.

- ghs



VALUR INGIMUNDARSON Ný grein sagnfræðiprófessorsins gerir upp samskipti Íslands og Bandaríkjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Formaður allsherjarnefndar:

Ræða þarf austurrísku leiðina

FÉLAGSMÁL Tímabært er fyrir allsherjarnefnd Alþingis að skoða að nýju hvort taka skuli upp svokallaða austurríska leið í heimilis- ofbeldismálum á Íslandi. Þetta segir Birgir Ármannsson, formaður nefndarinnar.

Austurríska leiðin byggir á þeirri meginreglu að ofbeldismenn séu fjarlægðir af heimilum í stað polendanna.

„Ég tel alveg tímabært að taka nýja umferð í þessu máli án þess að menn geti gefið sér niðurstöðuna fyrir fram,“ segir Birgir. „Maður getur vel séð fyrir sér tilfelli þar sem þessi leið á við, en um leið þarf að hafa í huga að það er viðurhlutamikil ráðstöfun að fjarlægja mann af eigin heimili og meina honum að koma þangað.“

- sh

Bíttu í rófunu

Ef bitinn er þungur er rófan góð

Geymist fersk í allt að þrjú mánuði
í kæli við rétt skilyrði

Kaloriulítill og góð
uppspretta trefja

Er bragðbest þegar hún virkar
of þung fyrir sína stærð

Inniheldur mikið
af C vítamíni

Inniheldur ekki
kólistról eða fitu

Er nær hvergi jafn vinsælt með
mat eða sem snarl en á Íslandi

Verður fersk á ný ef hún er látin
liggja í ísvatni í nokkrar mínútur

Var notuð í stað graskera á hrekkjuvöku
í Evrópu á árum áður því þau voru ekki fáanleg

islenskt.is

ÞÚ VEIST
HVADAN ÞAÐ
KEMUR





NAMMI NAMM Galapagos-risaskjald-bakan Max teygir höfuðið út úr skel sinni og galopnar ginið til að næla sér í bita af svalandi vatnsmelónu á heitum degi í dýragarðinum í Oklahomaborg. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Eymdin falin bak við falska veggi



HENRY BIRGIR GUNNARSSON bloggari frá Ólympíuleikunum í Peking

Dagurinn í gær var eftirminnilegur. Við Villi ljósmyndari byrjuðum á því að ganga um Forboðnu borgina. Ótrúlegur staður og magnað að sjá hvernig keisarafjölskyldurnar létu fara um sig fyrir á öldum.

Í lok þeirrar ferðar settumst við aftan á gamalt og brothætt reidhjól hjá ungum, fátækum en afar brosmildum og ljúfum manni. Sá tók okkur í ferðalag um fátækrahverfi í næsta nágrenni. Hverfið



lætur ekki mikið yfir sér utan frá en þegar kíkt er á bak við falska veggi sem yfirvöld hafa sett upp blasir eymdin við.

Pínulítil, hrörleg og skítug hús þar sem búíð er þétt undir leku þaki. Allt upp í sextán fjölskyldur á litlum bletti. Stórar fjölskyldur sem búa jafnvel í þrjátíu fermetra

íbúð, ef íbúð skyldi kalla. Því er ekki að neita að maður komst við að sjá þennan aðbúnað fólksins sem er þó afar glaðlegt og brosir ávallt sínu blíðasta.

Fyrir utan falska veggi og órlitla málningu hér og þar hafa yfirvöld einnig komið fyrir almenningssalernum á 200 metra fresti í hverfinu svo fólk þurfi ekki að ganga örna sinna í íbúðum sínum.

Yfirvöld vilja fólkið í hverfinu úr borginni því þar skal byggja ný og betri hús. Hafa þau boðið góðan pening og ódýrt húsnæði í útjaðri borgarinnar í staðinn en þær vistarverur eru ívið betri. Ungu fólkið tekur því tilboði fagnandi en eldra fólkið vill sig hvergi hreyfa.

Kennsla á Vestfjörðum: Áttatíu stunda íslenskunám

MENNTUN Um áttatíu manns stunda nú þriggja vikna íslenskunám við Háskólasetur Vestfjarða. Flestir eru nemendurnir skiptinemar sem hyggja á háskólanám á Íslandi í vetur og er námskeiðið skipulagt í samstarfi við Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins.

Kennslan fer fram á Núpi í Dýrafirði og á Ísafirði. Áhersla er lögð á að nemendurnir kynnist íslenskri tungu og menningu og geti bjargað sér í samfélaginu. Vettvangsferðir, kórsöngur og íslenskar bíómyndir eru meðal þess sem notað verður til að kenna nemendum auk fyrirlestra.

- ovd

Mál Ásmundar vekur athygli: Uppreisnar-gjarn sjómaður

SJÁVARÚTVEGUR Mál Ásmundar „hins kvótalausa“ Jóhannssonar hefur nú náð út fyrir landsteinana.



ÁSMUNDUR JÓHANNSSON

Skoska vefritið fishupdate.com skrifaði frétt í gær um mál Ásmundar og kallar hann „uppreisnar-gjarnan sjómann sem hunsar íslenska kvótakerfið.“ Á vefsíðunni er sagt frá því að lögreglan og Landhelgisgæslan hafi haft afskipti af kvótalausum veiðum Ásmundar og hans bíði líklega ákæra. Einnig er minnst á að Grétar Mar Jónsson alþingismaður hafi hjálpað Ásmundi að landa aflanum.

- vsp

Aldrei hafa fleiri óskað eftir offitumeðferð:

Um 300 á biðlista

HEILBRIGÐISMÁL Aldrei hafa fleiri óskað eftir offitumeðferð á Reykjalundi. Fyrstu sjö mánuði ársins hafa borist 230 umsóknir samanborið við 260 í fyrra.

„Eftirspurnin hefur verið mikil á þessu ári og var það einnig í fyrra, langt umfram það sem við áttum von á,“ segir Ludvig Guðmundsson, yfirlæknir næringar- og offituvíðs.

Tæplega þrjú hundruð manns



LUDVIG GUÐMUNDSSON Yfirlæknir á Reykjalundi segir brýna þörf á bættum úrræðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

bíða nú eftir að hefja offitumeðferð á Reykjalundi að sögn Ludvigs. Biðtími er um tíu mánuðir nú en Ludvig segir ljóst að hann muni lengjast á þessu ári. Stofnunin annar tæplega tvö hundruð sjúklingum í meðferðina á ári.

Reykjalundur tekur einungis á móti sjúklingum með mjög aðkallandi vandamál að sögn Ludvigs. Meðferðin tekur alls um þrjú ár og langflestir gangast einnig undir magahjáveituaðgerð.

Ludvig segir brýna þörf fyrir bætt úrræði fyrir of feita. „Það væri skynsamlegt ef fleiri skipulegðu meðferð í þessum anda en við höldum áfram að sinna þeim sem verst eru staddir,“ segir Ludvig. „Reykjalundur mun ekki geta annað öllum.“ Offitumeðferð er einnig í boði á Kristnesspítala í Eyjafirði, í Hveragerði og í Neskaupstað. - ht



FULLTRÚAR RÍKISSTJÓRNARINNAR Kynntu áætlun um uppbyggingu hjúkrunarheimila í gær. Leitast verður við að veita öldruðum þjónustu á því stigi sem best hentar og lögð áhersla á heilbrigðisþjónustu í heimahúsum ásamt uppbyggingu dagvistar og hvíldarinnlagna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Byggingu 400 hjúkrunarrýma hraðað

Ríkisstjórnin hefur kynnt áætlun um byggingu fjögur hundruð nýrra hjúkrunarrýma um allt land á næstu fjórum árum. Fjölbýlum fækkar verulega. Kostnaður er áætlaður um sautján milljarðar króna.

SAMFÉLAGSMÁL Byggingu fjögur hundruð nýrra hjúkrunarrýma verður hraðað eftir áætlun sem ríkisstjórnin kynnti í gær og gildir fram til ársins 2012. Gert er ráð fyrir að fjölbýlum verði fækkað og heilbrigðisþjónusta í heimahúsum verði eflað.

Kostnaður við uppbygginguna er áætlaður um sautján milljarðar króna. Hann dreifist á milli ríkis, sveitarfélaga og sjálfseignarstofnana og að hluta til á allt að aldarjórðung þar sem gert er ráð fyrir að verulegur hluti uppbyggingarinnar verði fjármagnaður með leigugreiðslum.

Til stendur að endurskoða áætlunina í lok næsta árs meðal annars með það fyrir augum að kanna hvort draga megi úr kostnaði, meðal annars gert í ljósi þess að einnig stendur til að efla heimahjúkrun og heimaþjónustu.

„Þörfin fyrir hjúkrunarrými hefur safnast upp yfir langan tíma en við förum langleiðina með að uppfylla hana með uppbyggingu þessara fjögur hundruð rýma,“ segir Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra.

Jóhanna telur fækkun fjölbýla ekki síst mikilvæga. „Yfir átta hundruð manns eru í brýnni þörf að losna úr fjölbýli þar sem allt að fimm eru saman í herbergi,“ segir Jóhanna. „Við gerum ráð fyrir að leysa vanda yfir sjö hundruð þeirra.“

Jóhanna segir að samhliða uppbyggingu þjónustunnar í heimahúsum sé einnig gert ráð fyrir að fjölga rýmum fyrir hvíldarinnlagnir, en þau eru í dag 65 talsins

BYGGING NÝRRAR HJÚKRUNARRÝMA

Reykjavík	110
Kópavogur	122
Seltjarnarnes	30
Garðabær	20
Hafnarfjörður	5
Mosfellsbær	30
Reykjanesbær	25
Borgarbyggð	8
Snæfellsbær	2
Fjarðabyggð	2
Egilsstaðir	12
Höfuðborgarsvæði	34

Samtals 400

á landinu öllu. „Þannig veitum við öldruðum í heimahúsum færi á hjúkrunarrými í stuttan tíma.“

Um stóratök í málefnum aldraðra er að ræða að mati Jóhannu. „Ég fullyrði að þetta er stærsta áttak sem ráðist hefur verið í vegna uppbyggingar fyrir aldrada í langan tíma.“

„Við leggjum upp með að fólk geti verið eins lengi heima hjá sér og kostur er,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra. „Það verður alltaf þörf fyrir hjúkrunarrými en við erum að mæta kröfum um fjölbreyttari úrræði og meira valfrélsi fyrir aldrada.“

Ásmundi Sveinssyni ríkissáttasemjara hefur verið falið að stýra vinnu þar sem leitað verður nýrra leiða við að fjármagna uppbyggingu á búsetu- og þjónustuúrræðum fyrir eldri borgara.

helgat@frettabladid.is



Kántrý

DAGAR

Listin að lifa er að njóta

SKAGASTRÖND 14.-17. ÁGÚST

Brúðubillinn

Spákonutjald

Gospelmessa

Dorgveiðikeppni

Sigga Beinteins og félagar

Buskarar spila á götuhornum

Barna- og fjölskylduskemmtun

Hljómsveitin Janus í Kántrýbæ

Kaffihlaðborð í Café Bjarmanesi

KK, Leo Gillespie og buskararnir

Ingó og veðurguðirnir í Kántrýbæ

Þórdísarganga með leiðsögn á Spákonufell


Uppistand Sigríðar Klingenberg í Café Bjarmanesi

Listsýningar í Nes-listamiðstöð og gamla frystihúsinu

Við skjótum úr fallbyssu

Ókeypis tjaldsvæði

Sjá DAGSKRÁ: www.skagastrond.is



NTV ER NÚ VOTTAÐUR MICROSOFT SÉRFRÆÐISKÓLI (CPLS)



Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is

NTV hefur frá stofnun skólans 1996 lagt mikla áherslu á sérhæft nám byggt á alþjóðlegum grunni. Nú hefur stórt skref verið stigið á þeim vettvangi með Learning Partner vottun frá Microsoft og samstarfs-samningum við Quality Training^{Ltd.} & Dive Deeper Technology Events^{TM.}

Það sést í miklum fjölda nýrra sérfræðinámskeiða nú á haustönn ásamt stórrí námsstefnu í Smárabíói 9-10. okt. sem betur verður auglýst síðar.



Lengra nám

☀ CCENT - Cisco Certified Entry Networking Technician

49 stundir - Verð: 175.000.- (Allt innifalið)
Kvöld og helgarnámskeið hefst: 9. september

☀ CCNA - Cisco Certified Network Associate

49 stundir - Verð: 185.000.- (Allt innifalið)
Kvöld og helgarnámskeið hefst 7. október

☀ Cisco Advanced routing

53 stundir - Verð: 215.000.- (Allt innifalið)
Kvöldnámskeið hefst 4. nóvember

☀ Forritun og kerfisfræði

240 stundir - Verð: 309.000 (Allt innifalið)
Kvöld og helgarnámskeið hefst 9. september

☀ Tölvuviðgerðir

72 stundir - Verð: 110.000.- (Allt innifalið)
Morgunnámskeið byrjar 9. september
Kvöld- og helgarnámskeið 1. september

☀ Kerfisstjórnin

180 stundir - Verð: 245.000.- (Allt innifalið)
(Byrjar á tölvuviðgerðum - Sjá að ofan)

☀ MCDST - Microsoft Certified Desktop Support Technician

53 stundir - Verð: 208.000.- (Allt innifalið)
Morgunnámskeið byrjar 8. desember

☀ MCITP Server Administrator 2008

242 stundir - Verð: 415.000.- (Allt innifalið)
Kvöldnámskeið byrjar 16. september

☀ MCP XP/Vista netstjórnun

108 stundir - Verð: 139.000.- (Allt innifalið)
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 29. september
Morgunnámskeið byrjar 21. október

☀ MCSA - Microsoft Certified Systems Administrator

150 stundir - Verð: 314.000.- (Allt innifalið)
Helgarnámskeið byrjar 30. ágúst

☀ MCSA 2003 Microsoft Official Courseware

242 stundir - Verð: 415.000.- (Allt innifalið)
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 22. september

Hvað leynist undir yfirborðinu?



Dive Deeper® 08

Tækninámsstefna í Smárabíói 9-10 október

Stytttri námskeið

☀ Implementing Microsoft Office SharePoint Server 2007

3 dagar - Verð: 210.000.- (Allt innifalið)
29. september til 1. október

☀ SharePoint 2007 for End Users

1 dagur - Verð: 70.000.- (Allt innifalið)
15. september

☀ Terminal Server Masterclass

1 dagur - Verð: 70.000.- (Allt innifalið)
6. október

☀ Adventures in Virtualization

1 dagur - Verð: 70.000.- (Allt innifalið)
7. október

☀ Updating your Network Infrastructure and Active Directory Technology Skills to Windows Server 2008

3 dagar - Verð: 210.000.- (Allt innifalið)
3-5. nóvember

☀ Troubleshooting and optimizing database servers using Microsoft SQL server 2005

2 dagar - Verð: 140.000.- (Allt innifalið)
17-18. nóvember

☀ Customization and Configuration in Microsoft Dynamics CRM 4.0

4 dagar - Verð: 280.000.- (Allt innifalið)
1-4. desember



INNTRITUN FYRIR HAUSTÖNN 2008 STENDUR YFIR!

ntv

„ORÐRÉTT“

Naumlega bjargað

„Hefði ég komið að lokuðum dyrum á Kaffi Kúltúra væri ég líklegast ekki á lífi.“

MIGUEL ANGEL SEPULVEDA ROMAN VAR STUNGINN Í SÍÐUNA Í MIÐBÆ REYKJAVÍKUR.

Fréttablaðið 12. ágúst.

Erlendir kúgarar

„Við megum ekki láta kúga okkur svona.“

FRÍÐRIK J. ARNGRÍMSSON, FRAMKVEMDASTJÓRI LIÚ, UM AÐGERÐIR UMHVÉRFSVERNDARSAMTAKA GEGN ÍSLENSKUM SJÁVARÚTVEGI.

Morgunblaðið 12. ágúst.

tilveran

nær og fjær

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? EDDA BJÖRGVINDÓTTIR LEIKKONA

Skrifar ritgerð og skipuleggur námskeið

„Það er eiginlega tiltölulega mikil slökun hjá mér. Er bara í nokkrum verkefnum sem stendur,“ segir Edda Björgvindsdóttir, leikkona og skemmtikraftur, spurð fréttu.

„Nú er ég að vinna á bak við tjöldin í handritsvinnu hjá Stundinni okkar sem sonur minn, Björgvin Franz, er að fara að stjórna. Svo er ég að skrifa meistararitgerð um húmor í stjórnun fyrir meistaranám sem ég hef verið að stunda á Bifröst sem heitir mennta- og menningarstjórnun,“ segir Edda og segist vona að hún nái að útskrifast um áramótin.

„Í haust mun ég leika í mjög myndu leikriti um ofsalega pirraðar miðaldra konur. Ég skil svo sem ekki

af hverju ég var valin í þetta, ég er svo ung. Þarf bara að leika niður fyrir mig,“ segir Edda og hlær. Spurð um sumarfrí segir Edda að það sé ekki til í orðabókinni sem stendur þar sem allur tíminn fari í ritgerðarsmiðina.

„Þegar ég er búin með ritgerðina mun ég þora að tala um sumarfrí,“ segir Edda en það mun hins vegar ekki endast lengi því hún er að skipuleggja námskeið.

„Þar sem ég er heilsuffíll í mér er ég að undirbúa heilsunámskeið sem verður haldið á Sólheimum 24. til 28. september.

Þar geta sykurfíklar fengið nokkur ráð um hvernig hægt er að lífa heilbrigðara lífi og hætta að þjást,“ segir Edda.



SKORDÝR

MOSKÍTÓFLUGUR

Umhleytingar í veðri hér á landi eru líklega ástæðan fyrir því að moskítóflugur sem finnst á Grænlandi þrífast ekki hér. Á Grænlandi og Norður-Skandinavíu er púpan í dvala undir ís á tjörnum yfir vetrinum en um leið og ís leysir klekst púpan og flýgur upp sem fluga. Á Íslandi getur hins vegar hlýnað skyndilega, ís leyst en síðan kólnað fljótt aftur. Við þessi skilyrði myndi púpan klekjast út. Flugan þyrfti þá að leita að bráð til að sjúga úr blóð, hitta maka og verpa eggjum um tjarnir eða votlendi. Umskiptin í veðri á Íslandi á veturna eru svo hröð að moskítóflugan fær ekki svigrúm til þess að ljúka lífsferli sínum.

SJÓNARHÓLL
REKSTUR STRÆTÓS

Sjálfsagt að ríkið komi að

„Mér finnst sjálfsagt að ríkið taki þátt í kostnaði við rekstur Strætós, alveg eins og með vegakerfið og annað,“ segir Dagný Ósk Aradóttir laganemi. Dagný kveðst hafa orðið brjáluð við lestur fréttu um að skerða eigi þjónustu Strætó. „Ég nota strætó mjög mikið en mun hætta því ef það fer að taka óratíma að komast á milli staða,“ segir Dagný. Ef hægt væri að leysa vanda Strætós að einhverju leyti með aðkomu ríkisins telur Dagný það góða hugmynd. „Verkefni um að veita skólafólki ókeypis í strætó gekk mjög vel, eins og fram hefur komið,“ segir Dagný. „Ég tel að það eigi að vera mögulegt að halda gjaldtöku í lágmarki en samt veita góða þjónustu.“



DAGNÝ ÓSK ARADÓTTIR Laganemi

Útbreiðsla esperanto hefur stóraukist eftir tilkomu netsins

Kristján Eiríksson er nýkominn frá Rotterdam þar sem hann sótti heimsþing alþjóða esperantosambandsins. Um þrjátíu virkir félagar eru í Esperantosambandi Íslands og Kristján segir að líklega hafi esperanto aldrei verið jafnútbreitt mál.

„Með tilkomu netsins hefur landslagið breyst gífurlega. Ég held að tungumálið hafi aldrei verið útbreiddara,“ segir Kristján Eiríksson, formaður Esperantofélagsins á Íslandi. „Þá er auðveldara að nálgast aðra sem tala málið, meðal annars í gegnum Skype,“ segir Kristján, sem nýlega kom heim frá heimsþingi alþjóðlega esperantosambandsins í Rotterdam.

„Þar var Baldur Ragnarsson sérstaklega heiðraður fyrir ritstörf sín. Baldur er virkasti íslenski rit höfundurinn í þýðingum og skrifum á esperanto. Hann hefur gefið



KRISTJÁN EIRÍKSSON Hér sést Kristján standa við bækurnar sem til sölu eru við Skólavörðustíg 6b. Þær eru allar á esperanto.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

út þrjár frumsamdar ljóðabækur á esperanto og meðal annars þýtt Njálu, Snorra-Eddu og Sjálfstætt fólk yfir á esperanto. Mikið er til af bókmenntum á esperanto og einnig er mikið til af tónlist á

tungumálinu. Ég keypti mér nýlega bítladisk þar sem frægustu lögin eru sungin á esperanto,“ segir Kristján.

Esperanto, sem þýðir „sá sem vonar,“ er tilbúið tungumál, aðal-

lega úr rómönskum málum en einnig úr slavneskum og germönskum málum. Málið var hannað af pólska augnlæknum Ludovic Lazarus Zamenhof og átti að vera eins konar alheimsmál. Tilgangurinn var að stuðla að friði og rjúfa landamæri milli landa.

„Málfræðin er mjög auðveld því engar undantekningar eru frá reglunum,“ segir Kristján en talið er að allt að tvöþúsund manns hafi málið að móðurmáli. „Ef barn elst upp hjá foreldrum sem kynntust í gegnum esperanto, þá verður málið oft að heimilismáli.“

Á Íslandi eru um þrjátíu félagar virkir í esperantosambandinu. Tímariðið La Tradukisto er gefið út þrisvar á ári af sambandinu og haldnir eru fundir mánaðarlega að vetri til. „Á fundunum reynum við að tala bara esperanto og tölum jafnan esperanto ef við förum í pontu á fundunum. Félagið er fjármagnað með félagsgjöldum og bóksölu, sem er við Skólavörðustíg 6b. Ferðir á þing og slíkt greiðum við úr eigin vasa,“ segir Kristján.

vidirp@frettabladid.is

The Academy of Colour and Style

ALPJÓÐLEGT NÁM Í ÚTLITSRÁÐGJÖF

Anna & Útlitið

VILTU VERÐA STÍLISTI?
ÚTLITS- OG FÖRÐUNARSKÓLI

The Academy of Colour and Style er alþjóðlegur skóli sem kennir útlitsráðgjöf. Námið byggir á helstu atriðum útlitshönnunar og er meðal annars tekið fyrir litgreiningu, fatastíll og textill. Eftir nám fá nemendur alþjóðlegt diplóma í útlitsráðgjöf (fashion consultant).

Starfsmöguleikar eftir nám eru margir og spennandi og geta nýst á ýmsum sviðum og atvinnugreinum.

Hver önn tekur þrjú mánuði og fylgja öll kennslugögn með náminu. Kennsla fer fram í lönskólanum í Reykjavík einu sinni í viku frá 18-22.



Anna F. Gunnarsdóttir

Stundaskrá

1. Önn

Litgreining
Förðun út frá litgreiningu
Litasamsetning

2. Önn

Fatastíll
Fatasamsetning
Textill

Starfsmöguleikar:

Innkaupastjóri
Útlitsráðgjafi
Stílisti
Verslunarstjóri

Erna, stílisti

Ég hef unnið við förðun á Stöð 2 í 6 ár, þar á meðal við förðun keppenda í Idol og annarra sjónvarpsþátta hjá 365. Einnig vann ég við auglýsingar, mynbönd og myndatökur. Það er óhætt að segja að námið hefur hjálpað mér mikið í starfi minnu í förðun og stíliseringu.



Skjöldur Mio, tiskuráðgjafi

Ég taldi mig vita flest allt um tisku og útlit áður en ég fór í skólann. En annað kom á daginn. Ég hef lært heilmikið um fatasamsetningu, textill, litafraði, líkamsbyggingu og flest allt um útlit. Námið nýtist mér frábærliga í því sem ég er að gera.



EVA, verslunarstjóri

Námið var stórskemmtilegt og nýtist mér vel í starfi minnu sem verslunarstjóri VILA í Smáralind.



ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ Í GLÍMU Íslendingar voru sigursælir á heimsmeistaramóttinu í glímu um helgina.

Glímusambandið vinnur að útbreiðslu íþróttarinnar:

Vilja hnattvæða íslensku glímuna

„Við erum að reyna að fjölga glímumönnum erlendis,“ segir Lárus Kjartansson, framkvæmdastjóri Glímusambands Íslands. „Við horfum til allra átta – Ameríku, Asíu, Afríku.“

Fimm þjóðir stofnuðu alþjóðlegt glímusamband í nóvember síðastliðnum – Ísland, Danmörk, Svíþjóð, Holland og Þýskaland. Fyrsta heimsmeistaramót sambandsins í glímu var haldið í Danmörku um helgina. Fimmtíu keppendur frá átta löndum voru skráðir til leiks.

„Í framtíðinni gætum við kannski talað um áttatíu þjóðir, en átta er mjög góð byrjun. Þetta er allt á uppleið. Það er ekki langt síðan við vorum einir með íslensku



LÁRUS KJARTANSSON

glímuna,“ segir Lárus. „Stefnan er að halda heimsmeistaramótið á hverju ári.“ Lárus segir langtíamarkmiðið að koma glímunni á Ólympíuleikana, en það geti þó verið ansi langt í það. „Þetta tekur gríðarlegan tíma og kostar peninga.“ Hann segir starfseminna aðallega fjármagnaða af styrktaraðilum. „En það væri frábært ef íslenska ríkið myndi hjálpa okkur að breiða út einu íslensku íþróttina.“

- gh

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533-5101

INNRIÐUN ER HAFIN FYRIR HAUSTÖNN

Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

Tölvunám haustið 2008! Menntun sem gefur þér forskot



Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðipjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólástigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa fleiri en 37.000 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á 22 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmunum nemenda.

Microsoft
CERTIFIED
Partner

PEARSON
VUE
ASSESSMENT CENTER

PROMETRIC
Testing Centre

Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

Almennt tölvunám



Þetta er frábært nám fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum. Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að hafa öðlast sjálfsöryggi við tölvunotkun.

Helstu kennslugreinar

- Grunnur tölvutækni og Windows
- Ritvinnsla með Word og glærugerð með PowerPoint
- Töflureiknirinn Excel
- Internetið frá A til Ö og Outlook, tölvupóstur, dagbók og tengiliðir

Kennd er úrlausn margs konar verkefna á námskeiðinu og áhersla lögð á að þau séu gagnleg og nýtist í vinnu eða heima við.

Lengd: 90 stnd./60 klukkust. Verð: 79.900.

Veldu kvöld- eða morgunnám!

Stafræn ljósmyndun



Einstakt námskeið þar sem þú lærir að nota stafrænu myndavélina, stilla hana og taka betri myndir. Þú lærir líka að flytja myndir inn í tölvuna, laga þær til, prenta, búa til slideshow, færa myndirnar á geisladisk til eignar eða gjafa, allt með forritinu Picasa.

Gerðu sumarleyfismyndirnar ennþá betri!

Lengd: 13 stundir/9 klst. Verð: 16.900

Kvöldnám hefst 25. ágúst (19:00-22:00)

Dreamweaver og Photoshop



Lærðu á tvö vinsælustu forritin fyrir vefsíðugerð og myndvinnslu á einu námskeiði. Faglega gerðar vefsíður og skemmtilega unnar myndir ráða úrslitum um góðan árangur.

Helstu kennslugreinar

- Meginatriði góðrar vefsíðugerðar og myndvinnslu
- Kraftmiklar, upplýsandi og fjölbreyttar vefsíður með DreamWeaver
- Framúrskarandi ljósmyndir og myndvinnsla fyrir vef með Photoshop

Eitt námskeið þar sem þú lærir allt það mikilvægasta eða sitt hvort námskeiðið ef þú vilt það frekar.

Talaðu við okkur um greiðslukjör.

Lengd: 54 stundir/36 klst. Verð: 55.900

Tímar: Kennt 13:00-16:00, hefst 25. ágúst.

Hægt er að kaupa aðgang að hvorum hluta námskeiðsins um sig:

Photoshop: Ljósmyndir og grafík

Lengd: 27 st./18 klst. Verð: 32.900

Tímar: Kennt 13:00-16:00, hefst 25. ágúst.

DreamWeaver vefsíðugerð

Lengd: 27 st./18 klst. Verð: 32.900

Tímar: Kennt 13:00-16:00, hefst 8. sept.

Vefhönnun og myndvinnsla

Lengd: 90 st./60 klst. Verð: 99.900

Tímar: Kennt 16:15-19:15, hefst 18. sept.

Tölvu- og bókhaldsnám



Einstakt nám fyrir þig ef þú vilt leggja megináherslu á að læra hagnýta tölvunotkun og bókhald. Lærðu það sem þarf til að undirbúa þig undir krefjandi skrifstofustörf, bókhald eða sjálfstæðan atvinnurekstur.

Helstu kennslugreinar

- Upplýsingatækni, Excel 2007, Access 2007, Outlook 2007, PowerPoint 2007, Word 2007, og verslunarreikningur
- Fjárhagsbókhald, tölvubókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti, launamál ofl.
- Tíma- og verkefnastjórnun

Lengd: 225 stnd./150 klst. Verð: 189.900

Taktu þátt í morgun- eða kvöldnámi!

Verkefnastjórnun



Veldu þér nám sem gerir þér kleift að ná betri tökum á verkefnastjórnun með því að beita nútíma aðferðum og ná þannig hámarks árangri við jafnt smærri sem stærri verkefni.

► Hagnýt verkefnastjórnun

Vertu betri verkefnisstjóri. Lærðu grundvallaratriði góðrar verkefnastjórnunar, PRINCE2 aðferðafræðina, gerð hugarkorta og notkun Microsoft Project við gerð verkáætla og stjórnun verkefna.

Lengd: 54 stundir/36 klst. Verð: 99.900

Kennt á föstudögum - hefst í september!

► PRINCE2 verkefnastjórnun

Lærðu PRINCE2 aðferðafræðina við verkefnastjórnun, fáuðu betri yfirsýn og stjórnaðu verkefnunum óaðfínanlega. Alþjóðleg aðferðafræði sem tryggir góðan árangur og markvissa stjórnun.

Lengd: 18 stundir/12 klst. Verð: 54.900

Námskeið í stundatöflu á vefnum!

Hagnýtt bókhald



Mjög gagnlegt bókhaldsnám sem ætlað öllum þeim, sem vilja ná góðum tökum á daglegri bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald. Þátttakendur fá innsýn í alla algengustu þætti daglegrar bókhaldsvinnu og eru tilbúnir að takast á við krefjandi verkefni að loknu námi.

Helstu kennslugreinar

- Fjárhagsbókhald, tölvubókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti
- Laun, afstemningar, undirbúningur uppgjörs og margt fleira

Lengd: 94 stnd./63 klst. Verð: 108.900

Komdu í kvöld- eða morgunnám!

Skrifstofunám



Við bjóðum þér tvær frábærar námsleiðir á skrifstofubraut sem skila þér nauðsynlegri þekkingu til þess að takast á við ný og spennandi verkefni á skrifstofu og í rekstri.

► Skrifstofu- og tölvunám

Ef þú vilt verða liðtæk(ur) við margskonar skrifstofustörf og vinnu við tölvu þá er þetta hnitmiðaða skrifstofunám það rétta.

Helstu kennslugreinar:

- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Access og Excel. ECDL hæft nám.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur

Lengd: 200 stundir/133 klst. Verð: 169.900

► Skrifstofu- og bókhaldsnám

Þú verður í hópi eftirsóttustu starfskrafta ef þú menntar þig í bókhaldi, rekstri og skrifstofustörfum.

Helstu kennslugreinar:

- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Excel og Access. ECDL hæft nám.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur.
- Hagnýtt bókhald

Lengd: 300 stundir/200 klst. Verð: 249.900

Skráðu þig í morgun- eða kvöldnám!

Tölvunám fyrir 50+



Skemmtilegt nám fyrir þá sem hafa ekki ennþá lært á tölvu og eru komnir yfir 50 árin. Námið er miðað við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu og hentar jafnt þeim sem þegar hafa stigið sín fyrstu skref í tölvunotkun og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu áður. Lögð er áhersla á notalegt umhverfi og skemmtilega kennara á námskeiðinu.

Kennslugreinar:

- Grundvallaratriði tölvutækninnar og stýrikerfi Windows.
- Ritvinnsla með Word.
- Töflureiknirinn Excel.
- Internetið og tölvupóstur.
- Stafræn ljósmyndun og myndvinnsla.

Lengd: 60 stundir/40 klst. Verð: 64.900

Vertu með tvisvar í viku kl. 16:15-19:15!

Gott að vita!

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélag styðja félagsmenn sína til náms hjá okkur
- Afsláttur er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis símaþjónusta að loknu námi
- Ókeypis forfallatrygging felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir greiðsluskilmálar og lán til allt að 5 ára (leitið nánari upplýsinga um kjör).

Tölvunám TV til betri verka

– hringdu núna í síma 520 9000

– og skoðuðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar!

10% afsláttur

til þeirra sem hafa verið áður hjá okkur, eða kaupa tvö eða fleiri námskeið Gildir aðeins ef annar afsláttur er ekki í boði.

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIPJÓNUSTAN
Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

www.tv.is

Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólástigi

Grensásvegi 16 • 108 Reykjavík • Sími 520 9000 • tv@tv.is • www.tv.is

100% FJÁRMÖGNUN
50% ERLENT / 50% ÍSLENSKT LÁN



Bílstjórar athugið!

Eigum nokkur gullegg



6 stk. á sértilboði



Hyundai i10

5 dyra, bensín og beinskiptur.

1.566.000

18.200 Tilboðsverð á mánuði.
M.v. 70% fjármögnun*



4 stk. á sértilboði



Renault Megane II

5 dyra, bensín og beinskiptur.

2.475.000

28.764 Tilboðsverð á mánuði.
M.v. 70% fjármögnun*

Ertu með gull í greipum?

Við bjóðum þér uppítökutryggingu að upphæð **200.000 kr.** Það þýðir að bíllinn þinn, sama hversu gamall og reittur hann er, verður aldrei minna en **200.000 kr.** virði (þarf að vera gangfær og skoðaður '08). Láttu sérfræðinga okkar meta bíllinn og keyrðu burt á nýjum bíl með eina lága greiðslu á mánuði.

**Gríptu gæsina í dag
og gerðu (g)eggjað góð kaup**





Í fórum okkar

Takmarkaður fjöldi - þetta verð hefur ekki sést síðan í vetur



13 stk. á sértíloboði



Hyundai Santa Fe
5 dyra, bensín og sjálfskiptur.

4.190.000

48.695 Tilboðsverð á mánuði.
M.v. 70% fjármögnun*



5 stk. á sértíloboði



Renault Megane Sport Tourer
5 dyra, bensín og beinskíptur.

2.565.000

29.809 Tilboðsverð á mánuði.
M.v. 70% fjármögnun*

Gríptu gæsina í dag og fáðu þér nýjan Hyundai eða Renault á kostakjörum.

HYUNDAI eru hagkvæmir og sparneytnir bílar með lága bilanatíðni. Æ fleiri minnst á hversu snotrir þeir eru orðnir og skemmtilegir í akstri. Hyundai kemur ávallt vel út, þegar borin eru saman gæði og verð. RENAULT er traustur og skynsamlegur kostur í kreppunni. Hann eyðir litlu og endist vel. Öruggeri bíl er ekki hægt að hugsa sér. Þetta er besta verð sem sést hefur lengi á þessum fallegu bílum.

Við köllum þennan takmarkaða fjölda lagerbíla, gulleggja okkar. Þetta eru nokkur vel búin eintök sem við bjóðum nú á mun lægra verði en áður. Nýttu tækifærið og færðu þig yfir á ódýran og hagkvæman bíl. **Komdu við á Grjóthálsi í dag og farðu í reynsluakstur. Þú tapar engu á því.**

B&L | Með bílinn handa þér

Grjótháls 1 | 110 Reykjavík | S 575 1200 | www.bl.is | bl@bl.is



Sjálfstæðisflokkurinn er á tímamótum.

Háskalegur skortur á forystu

JÓN KALDAL SKRIFAR

Undanfarna mánuði hefur Geir Haarde forsætisráðherra mátt sitja undir því af sívaxandi þunga að búa ekki yfir nægum leiðtogahefuleikum. Hafa þær raddir komið úr öllum hornum, líka innan úr hans eigin flokki.

Þetta er alvarleg gagnrýni. Stjórnendur sem skortir leiðtogahefuleika verða sjaldnast langlífir í starfi. Og örugglega ekki þegar þeir eiga að vera í forystu fyrir heila þjóð.

Þeir sem hafa gripið til varnar fyrir forsætisráðherra benda á að hann gjaldi fyrir alþjóðlega niðursveiflu vegna hækkandi vöruverðs og hremminga á helstu fjármálamörkuðum heimsins. Hvorutvegja hitti þjóðina illa fyrir, en hann féi eðli málsins samkvæmt ekki ráðið við.

Þetta er hárrétt. Hitt er annað mál að gjarnan kemur ekki í ljós hvort menn séu gæddir alvöru forystuhæfuleikum fyrr en þeir lenda í mótvindi. Þá má greina sauðina frá höfrumum. Og viðbrögð forsætisráðherra við kúvendingu í efnahagsmálum landsins hafa ekki verið sannfærandi.

Vissulega er hægt að hafa misjafnar skoðanir á ásökunum um meint aðgerðarleysi ríkisstjórnar Geirs. Það er til dæmis fyllilega í anda stefnu Sjálfstæðisflokksins að gefa hagkerfinu kost á að leita jafnvægis án inngrips ríkisvaldsins.

Óumdeildara er að það hefur ekki verið mikill foringjabragur á forsætisráðherra í viðtölum við fjölmiðla undanfarna mánuði. Geir hefur hreint ekki glansað í samræðum við fólkið í landinu. Það er fáum gefið að geta horft í augun á þjóð sinni og stappað í hana stálinu. Þegar Davíð Oddsson var upp á sitt besta var hann þeim hæfuleika ríkulega búinn. Sama má segja um Steingrím Hermannsson. Geir virðist einfaldlega ekki vera gefin þessi kúnt.

Greinilegt óþol er tekið að myndast innan Sjálfstæðisflokksins yfir ástandinu. Ekki bætir úr skák að Geir missti af tækifærinu til að ná fram kynslóðaskiptum í forystusveit flokksins í kjölfar kosninganna í fyrra. Þar vann Sjálfstæðisflokkurinn glæsilegan sigur undir forystu Geirs og hann hafði í hendi sér að fela mönnum á borð við Bjarna Benediktsson og Illuga Gunnarsson stór hlutverk. Það gerði hann ekki. Guðlaugur Þór Þórðarson endaði hins vegar í heilbrigðisráðuneytinu, en hann, Bjarni og Illugi hafa allir verið nefndir sem líklegir forystumenn til framtíðar fyrir Sjálfstæðisflokkinn.

Ráðstafanir Geirs hafa tryggt að þeir eru ekki í stöðu til að sýna hvað í þá er spunníð. Hingað til hefur heilbrigðisráðuneytið verið nánast örugg ávisun á megnar óvinsældir, enda hafa sjálfstæðismenn glaðir falið öðrum flokkum það ráðuneyti í ríkisstjórnarsamstarfi, þar til Guðlaugur tók það að sér.

Andstæðingar Sjálfstæðisflokksins gráta örugglega ekki óróleikann þar innan borðs. Forystukreppa í flokknum er hins vegar háskaleg fyrir þjóðina vegna fyrirferðar hans í stjórn-málalífi landsins. Hræðslan við að taka Evrópuumræðuna föstum tökum er ein birtingarmynd skaðans á landsvísu. Önnur er dæmalaus staða í stjórn Reykjavíkur. Þar brást Geir fyrst leiðtogaskyldum sínum síðastliðið haust þegar borgarstjórnar-flokkur hans logaði stafnanna á milli út af REI-málinu og aftur þegar hann blessaði feigðarför Vilhjálmssonar og Kjartans Magnússonar á fund Ólafs F. Magnússonar nú í árs-byrjun. Það þarf styrkari handtök við stjórn stærsta flokks landsins en Geir hefur sýnt.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ekki aðdáandi sönghópa?

Álitsgjafar keppast nú við að eggja Óskar Bergsson til að ganga milli bols og höfuðs á núverandi borgarstjórnarmeirihluta og stofna til nýs samstarfs við sjálfstæðismenn, sem hljóti að vera orðnir þreyttir á að reyna að eiga við ólíkindatölíð í borgarstjórnastöðnum og langeygir eftir raunverulegum völdum. Þegar Ólafur hljóp frá borði hundrað daga meirihlutans mátti heyrast stórrytur yfirlýsingar úr ranni liðsmanna Tjarnarkvartetsins þess efnis að fjórmenningarnir, oddvitar minnihlutans auk Margrétar Sverrisdóttur, myndu standa saman í gegnum súrt og sætt. Enginn styngi af eins



Kalt á toppnum

Ákveði Óskar að yta Ólafi til hliðar og komast þannig til valda hefur hann risið ansi hátt – og töluvert hærra en ætla mátti fyrir hálfu þriðja ári. Óskar hafnaði nefnilega í þriðja sæti í prófkjöri Framsóknarflokksins fyrir kosningar, á eftir Birni Inga og Önnu Kristinsdóttur. Forlöginn hafa hins vegar hagað málum þannig að nú situr Óskar einn á toppnum og gæti viljað klífa þann næsta. Þar getur hins vegar verið

ansi kalt, eins og dæmin sanna, og óvíst hvort Óskar er nægilega vel búinn.

Tímabjófur ríkis og sveitar
Haft er eftir Kristjáni L. Möller samgönguráðherra á Eyjunni að skipulagsvinna hjá sveitarfélögum á Suðurlandi hafi tafið fyrir tvöföldun vegarkafans á milli Hveragerðis og Selfoss. Þá skilur hann eflaust hvernig Húsvíkingum er innanbrjóstis en þeir vilja meina að einhver sem er honum nærri í pólitíkinni sé að teifa fyrir þeim með fyrirhugað álver á Bakka.



stigur@frettabladid.is/
jse@frettabladid.is

„Þú ert dópið mitt“

Þegar þessar línur eru ritaðar er sennilega fullsnemma að spá um það hver verði talinn helsti menningarviðburður sumarsins í Frakklandi, en eitt hefur þó séð dagsins ljós sem reynist vafalaust skæður keppandi um þennan eftirsóknarverða titil, og það er nýr geisladiskur hinnar vinsælu vísnaðskonu Cörlu Bruní. Þótt þessi fjölmiðlastjarna væri fræg fyrir hitt og þetta, m.a. fyrir það að vera fyrirseta á toppnum með öllu sem því fylgdi, svo og ekki síst fyrir að vera fyrirmyndin að persónu (og reyndar hinni verstu norn) í umtalaðri skáldsögu, vakti hún einkum athygli árið 2002 þegar hún sendi frá sér sinn fyrsta geisladisk, sem hét „Einhver sagði mér“ og mun hafa selst óhemju vel. Titillagið flutti hún jafnframt á netinu og var þar endurtekið æ ofan í æ viðlagið: „Einhver sagði mér það, hann elskar mig enn.“ Þar gátu menn heyrt og séð að hún hefur ákaflega litla rödd, en er eigi að síður lagviss, hún hvíslaði lag og texta á mjög „intímiskan“ hátt ef svo má segja og sló gítargrip undir.



EINAR MÁR JÓNSSON
Í DAG | Menning

undir þeim vinnukonugripin á gítar, með fáeinum viðbótum kannske sóttum utar í fimmunda-hringinn, en þegar söngkonan er jafnframt forsetafrú landsins verður atburðurinn stærri. Fréttamenn hafa nú skilið heiti geisladisksins sem vinsamlega ábendingu til hlustenda og gagnrýnenda um að gleyma því, en býsna hætt er við því að slíkt takist mismunandi vel.

Þetta reyndi gagnrýnandi blaðsins „Le Monde“ þó að gera, hann tók að sér það hlutverk „að leika strútt“, eins og það var orðað, og fannst honum geisladiskurinn svona upp og niður. Bestu dómana fengu eldri lög sem Carla Bruní tók þar upp, t.d. bandaríska lagið „You Belong to Me“ frá 1952, sem hún syngur óneitanlega nokkuð fallega í sínum stíl. Hann hælir einnig lagi hennar við texta eftir rithöfundinn Ullabjakk sem Íslendingum er kunnur af blautlegum svart-sýnissögum sínum. En honum líkaði miður vel við lög og texta Cörlu Bruní í franskrí vísna-söngshefð og taldi að sá stíll hentaði henni ekki vel.

En meðan geisladiskurinn var í undirbúningi, hermdu blaðafregnir að forsetinn treysti því ekki að hlustendur yrðu eins hlutlausir og gagnrýnandi „Le Monde“ reyndist vera. Jafnvel var sagt að hann hefði komið á fót „kreppunefnd“ í

forsetahöllinni til að fylgjast grannt með og koma í veg fyrir allt sem illar tungur kynnu að mistúlka. Og það kom í hlut þessarar nefndar, eins og blöð skýrðu frá áður en geisladiskurinn sjálfur birtist, að velta vöngum yfir hugljúfum ástaróð eftir Cörlu Bruní sem nefndist „Dópið mitt“ og byrjar á þessa leið (þess verður að geta að á frummálinu yrkir rímið nokkurn hluta af textanum og er merkingin stundum sveigð undir það, en slíkt fer forgörðum í þýðingu):

„Þú ert dópið mitt,
eiturlýfið mitt, mín æðsta nautn,
þú blómstrar í mestu sætindum
sálar minnar.

Þú ert dópið mitt,
þú ert mín sort af unaðssemdu
á dagskrá,
ég anda þér að mér, ég anda þér
frá mér og ég fell í yfirlíð,
ég bíð eftir þér eins og maður
bíður eftir manna.

Þú ert dópið mitt,
ég elska þín augu, þitt hár,
þinn ilm,
komdu hingað svo ég geti
bragðað á þér, teygð í mig
ilminn,
þú ert mín fagra ást, mitt
öfugritunarorð.

Þú ert dópið mitt,
banvænni en heróín frá
Afganistan,
hættulegri en hvíta duftið frá
Kólumbíu,
þú ert mín lausn, mitt blíða
vandamál.“

Þetta mun nefndin hafa lagt blessun sína á, því ekki ber á öðru en að lagið og textinn séu á geisladisknum. En sendiráð Kólumbíu í París mótmælti hins vegar hástöfum. Þótt maður skapi menningarviðburð er sem sé ekki hægt að þóknast öllum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

FRÉTTABLAÐIÐ
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson. AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir. FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Halldórsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvín Baldvínsson. VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Amannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Listaháskóli við Laugaveg

UMRÆÐAN

Böðvar Böðvarsson skrifar um tillögur að Listaháskóla.

Af þeim tillögum sem komu fram í samkeppni um verkið Listaháskóli í Reykjavík hefur umræðan snúist mest um þá tillögu sem dómnefndinni leist best á. Aðrar tillögur voru þó nær því að falla að því byggingamagni sem hentar á staðnum. Svo sem tillaga númer 14, ef fórna á húsunum númer 43 og 45.

Ég hef ekki heyrt annað en að höfundur hafi unnið sitt verk af fagmennsku. En þessi gífurlegi byggingarmassi á ekki stærri reit verður að teljast helmingi of mikið á svo rólegum stað. Í það minnsta að mati þeirra sem alist hafa upp í hverfinu. Hvað viðkemur stærð eða því rými sem þarf í 200 þúsund manna byggð hlýtur það að vera umdeilt eða misjafnar skoðanir þar um. Það getur því ekki talist óeðlilegt að sá aðili sem situr í stól borgarstjóra gefi sér tíma til að leyfa borgarbúum að átta sig á því hvað er að gerast. Undirritaður, sem hefur haft þessa götummynd fyrir augunum í hálfu öld, hefur ekki heyrt menn kvarta undan því sem við blasir hvern dag. Allavega sé ég ekki að það gangi upp í varðveislu húsa á svo viðkvæmu



BÖÐVAR
BÖÐVARSSON

svæði. Það er eins gott að nýja götummyndin verði ekki réttlætt með klisjunni um „barn síns tíma“.

Auðvitað hafa teiknarar eytt tíma í þetta verk, en strokleiðir er ófyrara en loftpressan. Eftir umsögn dómnefndar er þarna hæft fólk sem fer létt með að laga sig að öðrum og betri leiðum. Höfum við ekki horft upp á að hús hafi verið teiknuð tvisvar eða þrisvar sinnum þar til komist er að farsælli niðurstöðu? Eða hvað liggur svona mikið á? Eru þetta síðustu árin sem Reykjavíkurborg heldur sínum lóðaréttindum? Þarf að loka öllum reitum þar sem sólin fær að skína – er ekki í lagi að börnin sem þrýða leikskólana í dag fái tækifæri til að hafa eitthvað með borgina að gera í framtíðinni? Svo ekki sé talað um þá ókomnu sem enginn sér. Auðvitað er eðlilegt að framkvæmdir gangi hratt fyrir sig eftir að þær eru komnar í startholurnar en við eigum nóg af stórum mistökum, sem hafa orðið vegna fljótæfni, þótt við gefum ekki skipulagsfræðingi fleiri tækifæri sem falla að ummælum hans: þar sem hann taldi Reykjavík með ljótustu borgum í Evrópu, eða í heimi, ásamt Prag. Ekki náum við saman þar.

Höfundur er húsasmíðameistari í Reykjavík.

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki





ROLEX
Franch Michelsen
ÚRSMÍÐAMEISTARI
LAUGAVEGI 15 • SÍMI 511 1900 • WWW.SVSS.IS

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...



Miðvikudagur 13. ágúst 2008 – 33. tölublað – 4. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 **visir**

Sagan á bak við
Róbert
Wessman



Arðsemi góð
Samanburður
á uppgjöri
bankanna



Edda Rós Karlsdóttir
Bankarnir úr
landi?



CDS-álagið hefur lækkað

Skuldtryggingarálag (CDS) bankanna hefur lækkað skarp síðustu daga og stendur nú í 887 punktum á Kaupþing, 910 punktum á Glitni og 605 punktum á Landsbankann. Álagið var tæplega 1.100 punktar á Kaupþing og Glitni í byrjun ágúst og 725 punktar á Landsbankann.

„Fyrstu viðbrögð eftir uppgjörin voru jákvæð,“ segir Guðni Aðalsteinson, framkvæmdastjóri fjárstýringar hjá Kaupþingi, en lagið lækkaði um 80 til 90 punkta strax í kjölfar uppgjöra bankanna.

„Markaðurinn er óskilvirkur og lítill viðskipti hreyfa mikið við honum,“ segir Guðni og bætir við þar hafi áhrif sumarleyfi í Evrópu. Hann kveðst þó hafa heyrt að einhverjir hafi fjárfest í gegnum CDS-álög í morgun en ekki hafi verið um háar upphæðir að ræða.

Guðni gerir ráð fyrir því að það lifni yfir CDS-markaði í september.

TrackWell

Tíma- og verkskráning
Flotastýring og eftirlit
www.trackwell.com

HELSTÍ ÚTLÖNDUM

Skattur á dropann - Forsætisráðherra Danmerkur, Anders Fogh Rasmussen, vill hækka álgögn á olíu svo að aðrir orkugjafar verði frekar notaðir. Í viðtali við New York Times boðar hann frumvarp um breytingar á skattalögum í þá veru.

Verðbólguafaraldur - Verðbólga í Danmörku hefur ekki verið meiri í nær tuttugu ár og mælist nú fjögur prósent. Verðbólgan í Bretlandi hefur náð sextán ára hámarki og mælist nú 4,5 prósent. Hér er verðbólgan 13,6 prósent.



Dýrir leikar - Opinberar tölur um kostnað við Ólympíuleikana hafa ekki enn verið birtar en þegar kostnaður við mannvirki og samgöngur er tekinn með í reikninginn hljóðar hann upp á 25 til 40 milljarða Bandaríkjadala.

Kreppan ekki að baki - Breska fjármálafyrirtækið Henderson Global Investors spáir því að hlutabréfamarkaðir í heiminum muni ekki ná stöðugleika fyrr en í fyrsta lagi á öðrum ársfjórðungi næsta árs og verðbólga muni áfram aukast í heiminum á næstu mánuðum. Henderson spáir einnig áframhaldandi hækkun á orku- og matarverði.

Oliuverð mun hækka - Breska hagrannsóknarstofnunin Chatham House spáir því að olíuverð muni fara yfir 200 dali á næstu árum. Framboðskreppa muni hafa áhrif á markaðinn á næstu fimm til tíu árum. Verð á hráolíu hefur ekki verið lægra í þrjá mánuði.

Fjárfestingu frekar en erlenda lántöku

Bankastjóri Landsbankans segir vænlegra fyrir íslenskan efnahag að fá fjárfestingu inn í landið, fremur en að ríkið taki lán, ef velja þyrfti á milli. Fjármálaráðherra segir lántöku á dagskrá.

Ingimar Karl Helgason
skrifar

„Standi valið milli þess að fá lán eða erlent áhættufjármagn, þá er það auðvelt. Auðvitað ættum við frekar að fá áhættufjármagn,“ segir Sigurjón Árnason, bankastjóri Landsbankans. Hann tekur fram að hann sé þó ekki á móti því að gjaldeyrisforði Seðlabankans verði aukinn.

Fyrirhugaðar eru framkvæmdir við álver Century í Helguvík og undanfarið hefur mikið verið deilt vegna hugsanlegs álvers Alcoa á Bakka við Húsvík. Þá verður álver Rio Tinto – Alcan í Straumsvík, stækkað og framleiðsla aukin um fjórutíu þúsund tonn á ári. Orkan til þeirrar stækkunar á að koma úr Búðarhálsvirkjun Landsvirkjunar.

Sigurjón býst við að þrengingar í efnahagslífinu vari út þetta ár og hið næsta. „Núna snýst þetta ekki bara um lausafjárskort. Hækkunar á orkuverði hafa aukið á vandann. Þær hafa líka haft í för með sér hærri hrávöruverð og matvælavörð og í framhaldinu meiri verðbólgu. Þetta er orðinn vandi sem ekki verður eingöngu leystur með vaxtabreytingum.“

Sigurjón segir brýnt að Íslendingar nýti orkulindir sínar. „Ég teldi annað vera ábyrgðarleysi.“ Álverð hafi hækkað mjög undanfarin ár auk þess sem eftirspurn eftir orku hafi aukist til muna. „Það bætir sanningsstöðuna, ekki spurning.“

Margir kalla eftir stóru láni ríkisins. Síðast í gær sagði Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður Greiningardeildar Landsbankans, að lántaka til að efla gjaldeyrisforðann yrði til þess að auka tiltrú á fjármálakerfi landsins.

Bloomberg hafði eftir Árna M. Mathiesen fjármálaráðherra að ekki stæði til að taka lánið á næstunni. Edda Rós sagði þá yfirlýsingu óheppilega. Árni segir í samtali við Markaðinn að lántaka sé á dagskrá, en aðstæður nú séu ekki góðar.

Tryggvi Þór Herbertsson, bankastjóri Aska Capital, var nýlega ráðinn efnahagsráðgjafi ríkisstjórnarinnar til hálfis árs. Sigurjón Árnason telur það heldur skamman tíma. „Ég myndi halda að fyrst ríkisstjórnin fær sér sérstakan efnahagsráðgjafa, þá væri vænlegra að hann væri með í ráðum allt ferlið, meðan þetta ástand gengur yfir. Að minnsta kosti út kjörtímabilið.“

Vanskilaupphæðin aldrei hærrí

Yfir 66 milljarðar króna eru í vanskilum í bankakerfinu. Samanlögð upphæð vanskila hefur aldrei verið hærrí í krónum mælt.

Vanskil fyrirtækja og einstaklinga jukust verulega á öðrum fjórðungi ársins. Vanskil fyrirtækja sem staðið hafa í mánuð eða lengur nema nú 1,1 prósent af heildarskuldbindingum, en námu 0,5 prósentum við lok fyrsta fjórðungs. Vanskil einstaklinga nema einu prósent af heildarskuldbindingum.

Á þessari öld varð vanskilahlutfallið hæst haustið 2002, 4,11 prósent. Þá voru um 30 milljarðar í vanskilum, en heildarskuldbindingar fólks og fyrirtækja við bankakerfið um 750 milljarðar króna. Síðan þá hafa skuldirnar við bankakerfið aukist verulega. Þær nema yfir sex þúsund milljörðum króna.

Um þrjátíu milljarðar króna voru í vanskilum í lok mars.

Ranghermt var í Fréttablaðinu í gær að vanskilaupphæðin um mitt árið hefði numið um sex

milljörðum króna. Beðist er velvirðingar á því.

Dráttarvextir eru nú 26,5 prósent. Árlegir dráttarvextir af því sem nú er í vanskilum slaga því hátt í átján milljarða króna.

Bankarnir þrír settu um 29 milljarða króna á afskriftareikninga sína á fyrri hluta þessa árs (sjá töflu á síðu 4 og 5). Þetta er heldur meira en allt síðasta ár. Þá voru tæpir 20 milljarðar afskrifaðir. Forstjóri Fjármálaeftirlitsins hvetur banka til að leggja meira til hlíðar.

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

ISK GBP DKK USD EUR

Markmið Peningabréfa er að ná hærrí ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

Peningabréf Landsbankans

Landsbankinn

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP/DKK eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluáðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, visast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Alfesca	-0,1%	-2,2%
Atorka	0,7%	-44,2%
Bakkavör	9,3%	-52,0%
Exista	13,7%	-61,4%
Glitnir	1,0%	-30,5%
Eimskipafélagið	-1,0%	-59,2%
Icelandair	2,0%	-36,8%
Kaupþing	1,8%	-18,4%
Landsbankinn	0,2%	-34,9%
Marel	0,4%	-17,8%
SPRON	15,5%	-61,7%
Straumur	1,3%	-38,1%
Teymi	-25,0%	-77,3%
Össur	1,2%	-11,7%

*Miðað við lokagengi í Kauphöll á mánudag.

Dagvöruvelta aldrei verið meiri

Vöxtur í veltu dagvöruverslunar hefur aldrei verið meiri frá því að farið var að mæla smásöluvísitöluna árið 2001. Þetta kemur fram í nýrri samantekt Rannsóknarseturs verslunarinnar sem birta í upphafi vikunnar smásöluvísitöluna fyrir júlí. Aukningin var rúm 22 prósent í júlí miðað við sama mánuð í fyrra á breytilegu verðlagi. Ef miðað er við fast verðlag þá nam veltuaukningin 3,2 prósentum. Veltuaukningin er því að mestu tilkomin vegna hækkunar verðlags en verð á dagvöru hækkaði um rúm 18 pró-



VERSLUN Af öllum vöruflokkum vega dagvara og áfengi þyngst í hækkuninni. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

sent á einu ári. Áfengissala jókst um rúman fjórðung miðað við

breytilegt verðlag en 17 prósent á föstu verðlagi en áfengisverð hefur hækkað um 8 prósent á milli ára. Sala á fatnaði jókst einnig en aukningin nam 7 prósentum á breytilegu verðlagi og nærri 4 á föstu verðlagi. Verð á fatnaði hækkaði um 3,1 prósent á síðustu 12 mánuðum sem er þó minni hækkun en í flestum öðrum vöruflokkum.

Samanlögð velta í smávöruverslun eykst um tæp 7 prósent á milli ára á föstu verðlagi en 23 prósent á breytilegu verðlagi. Af öllum vöruflokkum vega dagvara og áfengi þyngst í hækkuninni. - ghh

Hamleys í útrás

Hamleysleikfangaverslunarkeðjan, sem er í eigu Baugs, opnar verslanir í Mumbai og Nýju Delí á Indlandi síðar á árinu. Báðar verslanirnar eru sagðar verða mjög stórar, að fyrirmynd aðalverslunarinnar í Lundúnum.

„Ég er afar spenntur yfir því að færa töfra Hamleys til Indlands,“ segir Paul Currie, viðskiptastjóri Hamleys í tilkynningu sem fyrirtækið sendi frá sér. Móttökurnar þar hafi nú þegar verið góðar.

Fyrirtækið hefur verið í útrás að undanförunu en í júní var opnuð verslun í Amman, höfuðborg Jórdaníu, og ráðgerð er opnun í Dublin á Írlandi í október. - ghh

Kista á færri hendur

Eignarhald á Kistu hefur breyst umtalsvert. SPRON og Sparisjóður Keflavíkur eiga nú 98 prósent hlut í félaginu. Sparisjóður Svarfdæla og Sparisjóður Mýrasýslu eiga eins prósent hlut hvor.

Kista var upprunalega stofnað sem fjárfestingarfélag sparisjóðanna. Ein helsta eign félagsins hefur verið stór hlutur í Existu.

„Þetta hefur ekki gengið sem skyldi að undanförunu en við höfum innleyst umtalsverðan hagnað á undanförunum árum,“ segir Friðrik Friðriksson, sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Svarfdæla.

Annars segir Friðrik stöðu sparisjóðsins góða. „Við ætlum að einbeita okkur að hlutfélagavæðingu sem ætti að klárast seinni part þessa árs,“ segir hann og kveður Sparisjóð Svarfdæla ekki hafa leitað til Íbúðalánasjóðs eftir fjármögnun í nýjum lánaflókki en komi til með að gera það þegar fram líða stundir.

Kista var lengst af í eigu sex sparisjóða; SPRON, Sparisjóðs Keflavíkur, Sparisjóðs Mýrasýslu, Sparisjóðs Vestfirðinga, Sparisjóðs Húnaþings og Stranda og Sparisjóðs Svarfdæla. - bpa

Lægri vextir myndu koma á jafnvægi

Veltan á fasteignamarkaði hefur dregist saman um 64 prósent á einu ári. Þá hefur íbúðaverð lækkað um 3,2 prósent. Íbúðalánasjóður hefur lækkað útlánavexti sína.

Guðný Helga Herberdsdóttir
skrifar

Fasteignamarkaður á enn eftir að gefa eftir, að mati Ásgeirs Jónssonar, forstöðumanns greiningardeildar Kaupþings. Lækkunin segir hann munu koma misjafnlega fram eftir svæðum og tegundum húsnæðis.

„Í sjálfu sér hafa aðstæður til að kaupa íbúð oft verið hagstæðari en nú og út frá því er betra að bíða. Það veltur þó að sjálfsögðu á því hvaða verð fólki heppnast að semja um og hvort draumæignin sé loks komin í skotfæri,“ segir Ásgeir.

Þinglýstum kaupsamningum á höfuðborgarsvæðinu fækkaði um 28, frá 81 til 53, milli vikna samkvæmt Fasteignamati ríkisins. Heildarveltan var 1.775 milljónir króna í síðustu viku en það er langt undir meðalveltu þinglýstra kaupsamninga síðustu 6 mánuðina en hún er 2.186 milljónir. Veltan á fasteignamarkaði hefur dregist saman um 64 prósent og íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu hefur lækkað um 3,2 prósent á nafnverði á síðustu tólf mánuðum. Sé litið til raunvirðis er lækkunin talsvert meiri vegna verðbólgu. „Vandamálið er að það er of lítil velta og viðskiptin eru svo lítil. Verðgildi húseigna hefur þegar lækkað á markaðinum vegna hárra vaxta, efnahagsaðstæðna og aukins framboðs sem hefur leitt til hálfgerðs frosts á markaðnum sem verður að þíða með verðlækkunum og aukinni veltu. Fasteignamarkaðurinn getur ekki tekið almennilega við sér fyrr en vextirnir lækka. Vaxtakostnaðurinn er alltof hár í dag. Um leið og vaxtalækkunarferlið byrjar og jafnvel aðeins fyrr þá er líklegt að vextirnir fari lækkaði á fasteignalánum. Markaðurinn getur ekki komist á rétt ról fyrr en vextirnir lækka,“ segir Ásgeir.

Ingibjörg Þórðardóttir, formaður Félags fasteignasala, segir að ákvörðun Íbúðalánasjóðs að lána samkvæmt kaupverði en ekki brunabótamati



FASTEIGNIR Fólk fjármagnar frekar fasteignakaup sín með lánum frá Íbúðalánasjóði og lífeyrissjóðunum en bönkum, segir Júlíus Jóhannsson, sölustjóri Stórborgar. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

hafi liðkað fyrir fasteignaviðskiptum. Heildarútlán sjóðsins hafa aukist um 38 prósent í júlí ef miðað er við sama tíma í fyrra. Námu þau 8,7 milljörðum og hafa ekki verið meiri í einum mánuði síðan í júní 2004. „Fólk er farið að fjármagna fasteignakaup sín í auknum mæli með Íbúðalánasjóði og lífeyrissjóðum enda eru skilmálarnir yfirleitt mun hagstæðari en í bönkunum,“ segir Júlíus Jóhannsson, sölustjóri fasteignasölnunar Stórborgar.

Útlánavextir Íbúðalánasjóðs lækkuðu á mánuðag í kjölfar útbóðs á íbúðabréfum. Fyrir voru vextirnir 5,05 prósent en verða núna 4,9 prósent með uppgreiðsluákvæði. Án uppgreiðsluákvæðis verða vextirnir 5,4 prósent í stað 5,55 prósent. Vaxtaákvörðunin byggist á ávöxtunarkröfu í útbóði íbúðabréfa sem haldið var fyrir helgi ásamt vagnum fjármagnskostnaði uppgreiðslna ÍLS-veðbréfa.

Verð hækkar í Ikea

Tíu daga tekur að breyta verði í allri búðinni.

„Ég myndi segja að þetta væri svona 10 til 25 prósent hækkun. Sumir hlutir hækka ekki neitt en hæsta hækkunin er 25 prósent,“ segir Þórarinn Ævarsson, framkvæmdastjóri Ikea.

Nýr verðlisti tekur gildi 15. ágúst en um tíu dagar líða áður en öllu verði hefur verið breytt. „Það er því millibilsástand frá 15. ágúst til mánaðamóta. Við munum breyta um það bil einni deild á dag. Þangað til verður gamla verðið í gildi.“ Innkaupsverðið frá Ikea breytist á hverju

ári. Miklar verðhækkningar verða á olíutengdum vörum, t.d. öllu sem er svampur í. Aftur á móti hefur vefnaðarvara farið lækkaði. „Við ætlum ekki að velta öllu gengisfallinu og verðbólgunni á verðlagið. Við erum að festa verðið í eitt ár og við vonumst til að gengið styrkist á þeim tíma. Ef við ætluðum að vera með sömu væntingar til framlegðar og í fyrra þá þyrftum við að hækka um 30 til 40 prósent. Það verður ekki gert þó einhverjar hækkunarverði“, segir Þórarinn. - ghh

PIPAP • SIA • 81821

Námskeið í sýningaþátttöku

Vilt þú kynna fyrirtæki þitt eða vörur á sýningum erlendis?

Námskeið í sýningaþátttöku verður haldið **miðvikudaginn 3. september**, kl. 9.00–17.00 á Radisson SAS Hótel Sögu. Leiðbeinandi verður Þjóðverjinn Hans-Jörg Klecha sem hefur áratuga reynslu sem faglegur ráðunautur við uppsetningu, framkvæmd og þátttöku á alþjóðlegum vörusýningum.

Á námskeiðinu verður farið yfir faglega þætti sýningaþátttöku, hvernig finna skuli hentugustu sýninguna, hvernig mæta eigi sem best undirbúinn til leiks og hvernig hægt sé að fá sem mest út úr sýningunni með eftirfylgni.

Þátttökugjald er kr. 19.900 með hádegisverði. Skráning fer fram í síma 511 4000 eða utflutningsrad@utflutningsrad.is. Takmarkaður fjöldi þátttakenda.

Nánari upplýsingar veita:

Ásgerður Jóhannsdóttir verkefnisstjóri, asgerdur@utflutningsrad.is og Hermann Ottósson forstöðumaður, hermann@utflutningsrad.is.



ÚTFLUTNINGSRÁÐ ÍSLANDS

Borgartún 35 • 105 Reykjavík • sími 511 4000 • www.utflutningsrad.is

Breskir vextir lækka

Stóraukin viðskipti hjá íslenskum bönkum.

„Það hefur aldrei gengið eins vel og síðustu fjórar vikur,“ segir Guðni Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri fjárstýringar Kaupþings, en innlán á Kaupþing Edge-reikningum í Bretlandi hafa aukist mikið undanfarið.

Ástæðan er meðal annars sú að undanfarið hafa margir breskir viðskiptabankar lækkað innlánsvexti sína. Barclays hefur lækkað vexti á mörgum reikningum um 0,25 prósent og Abbey hefur lækkað vexti á flestum reikningum sínum um 0,2 prósent. Þetta er liður í tilraunum breskra banka til að verja eiginfé sitt og auka arðsemi í ljósi mikilla afskrifta að undanförunu.

„Menn eru að kalla yfir sig reiði neytenda með svona aðgerðum,“ segir Guðni, en vaxta-



LONDON Innlánsvextir á Edge-reikningum Kaupþings laða að eftir að breskir bankar lækka sína innlánsvexti. MARKAÐURINN/GETTY

lækkunirnar hafa allar orðið á eldri reikningum sem bankarnir eru hættil að bjóða upp. Bankarnir vonast til þess að viðskiptavinir þeirra gæti ekki að sér og flytji sparifé sitt yfir á reikninga sem bjóða betri kjör.

„Við erum að vinna okkur nafn í Bretlandi og höfum einsett okkur að vera mjög samkeppnishæfir, sérstaklega á bundnum reikningum,“ sagði Guðni. - msh

Ný í sæti aðstoðarforstjóra

Guðbjörg Edda Eggertsdóttir hefur verið ráðin aðstoðarforstjóri Actavis í stað Sigurðar Ólafssonar sem hefur tekið við forstjórastólunum. Eins og kunnugt er hætti Róbert Wessman sem forstjóri Actavis í síðustu viku. Guðbjörg Edda hóf störf hjá Actavis eftir samruna við lyfjafyrirtækið Delta. Hún kom til Delta árið 1983 og var síðast aðstoðarforstjóri og framkvæmdastjóri útflutnings- og þróunarsviðs félagsins.



GUÐBJÖRG EDDA EGGERTSDÓTTIR



Ólympíutilboð Sony Center

Taktu upp 160 klst. af íþróttaviðburðum og horfðu þegar þér hentar, eða brenndu DVD diska
 Vandað 120GB upptökutæki með öllum sjónvörpum á aðeins 19.990 kr (fullt verð 59.990)
 Eða 20.000 kr. afsláttur af sjónvarpi að eigin vali



KDL-40W4000
 Sony BRAVIA 40" LCD sjónvarp
 Nýtt Sony sjónvarp sem hefur fengið frábæra dóma
 BRAVIA Engine 2 myndstýring
 Stafrænn háskerpu sjónvarpsmóttakar
 Picture Frame mode til að sýna ljósmyndir
 Full HD upplausn og skerpa 33.000:1
299.990,-



RDR-HX680 - 1080p upscaling
 Sony 120GB upptökutæki með HDMI
 120GB upptökutæki með HDMI útgangi á einungis
 19.990 kr. með öllum sjónvörpum í Sony Center í Ágúst
 Spilarí sem eykur myndgæði DVD diska og er með
 vandað og þægilegt notendaviðmót fyrir upptöku
 Digital Music Jukebox - spilar tónlistarsafnið þitt
19.990,-
 Fullt verð 59.990,-

www.sonycenter.is

Sony Center
 Kringlan 4-12
 103 Reykjavík
 S: 588-7669

Sony Center

Sérfræðiaðstoð
við fjárfestingar
hringdu í síma
444 7000

Ávaxtaðu betur

Ávöxtun sl. 12 mánuði

18,6%*

KAUPPING

Hugsum lengra

Skammtímasjóður

Skammtímasjóður er tilvalinn fjárfestingarkostur fyrir þá sem vilja binda fé í skamman tíma án mikillar áhættu. Enginn munur er á kaup- og sölugengi og innstæðan er alltaf laus til útborgunar.

*Nafnávöxtun í íslenskum krónum

á ársgrundvelli fyrir tímabilið 31.07.2007 - 31.07.2008

Skammtímasjóður er fjárfestingarsjóður samkvæmt lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögnum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útbodslýsingu eða útdrætti úr útbodslýsingu sjóðsins í útbúum Kaupþings eða á www.kaupthing.is.



Arðsemi af grunnrekstri góð

Arðsemi af grunnrekstri bankanna þykir góð, um 25 til 30 prósent. Vænta má minni arðsemi á næstu fjórðungum vegna minni áhrifa áhættuvarna og verðbótatekna. „Ekki er hægt að leggja næga áherslu á að um sé að ræða alþjóðlegt vandamál,“ segir Edda Rós Karlsdóttir hjá greiningu Landsbankans. Björn Þór Arnarson fer yfir stöðuna og leitast við að bera saman grunnrekstur bankanna óháð óreglulegum liðum.

Þegar áhættuvarnir og verðbótatekjur hætta að lita uppgjör bankanna sterkum litum munum við sjá lækkanandi arðsemi,“ segir Grétar Már Axelsson, sérfræðingur hjá Greiningu Glitnis. Hann bendir á að raunvaxtamunurinn muni eiga undir högg að sækja á seinni hluta þessa árs þar sem verðbótatekjur hætta að koma fram í uppgjörum vegna minni verðbólgu.

Grétar sér fyrir sér að eignir bankanna muni dragast saman og ljóst er að bankarnir verða með aðhaldsspaðann á lofti á komandi misserum. „Uppgjörin línudu áhyggjur manna af stöðu bankanna. Það er traustvekjandi að grunnreksturinn er sterkur þrátt fyrir erfiða stöðu á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Horfurnar fyrir arðsemi bankanna eru þó ekki sérstaklega góðar en það er ekki svo að það horfi til vandræða,“ segir Grétar.



HARALDUR YNGVI PÉTURSSON



EDDA RÓS KARLSDÓTTIR



GRÉTAR MÁR AXELSSON

„Íslensku bankarnir búa að því að hafa ekki pakkað saman lánasöfnum sínum og selt áður en kom að lánsfjákræppunni,“ segir Grétar. Hann bendir á að fyrir lánsfjákræppuna hafi ekki verið sami hvatinn fyrir íslensku bankana að pakka lánun saman og selja en við núverandi aðstæður sé það ákaflega gott að búa að því að hafa möguleika á að nálgast fjármögnun með þeim hætti.

„Ég held að vaxtamunur bankanna muni lækka tímabundið vegna þess að verðbólga er að lækka hratt á meðan stýrivextir Seðlabankans eru enn mjög háir,“

segir Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans.

Hún bendir á að þetta séu tímabundin áhrif og velti á samspili verðbólgu og stýrivaxta. „Það að vaxtamunurinn muni væntanlega lækka á næstu fjórðungum er áskorun fyrir íslensku bankana,“ segir Edda Rós. Hún vísar þar til þess að bankarnir muni þurfa að útskýra fyrir fjárfestum og lánveitendum að um sé að ræða tímabundin áhrif.

„Mjög dýr innlend skammtímafjármögnun á næstu fjórðungum og litlar verðbætur á milli munu hafa neikvæð áhrif á afkomu bankanna vegna þess að verðtryggðar eignir þeirra eru mun meiri en verðtryggðar skuldir,“ segir Edda Rós. Hún bendir á að raunstýrivext-

framhald á síðu 5

SAGAN Á BAK VIÐ – RÓBERT WESSMAN

Grunnurinn lagður í Bændahöllinni

„Hann hefur mikla útsjónarsemi í samningaviðræðum og er mjög þrautseigur í þeim efnum. Sér oft lausnir á málum sem aðrir sjá ekki. Róbert þykir mjög traustur samstarfsmaður og þessir eiginleikar hans eru taldir skýra þá veltengni sem hann og Actavis hafa notið á síðustu árum,“ segir samstarfsmaður um Róbert Wessman sem lét af störfum forstjóra Actavis í síðustu viku. Hann hefur nú ákveðið að einbeita sér að eigin fjárfestingum í gegnum félag sitt, Salt Investments.

Róbert er mikill fjölskyldumaður og á tvö börn með konu sinni, Sigríði Ýr Jensdóttur, lækni við Landspítalann. Hann hefur reynt að eiga sem mestan tíma með fjölskyldu þrátt fyrir miklar annir í starfi undanfarin ár. Hefur meðan annars notið þess að spila fótbolta með syni sínum sem leikur með Víkingi.

Það vakti töluverða athygli í fyrra þegar Róbert ákvað að færa Háskólanum

í Reykjavík einn milljarð króna að gjöf.

Róbert er fæddur árið 1969 í Reykjavík en ólst upp í Mosfellsbæ. Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Sund árið 1989 og viðskiptafræðiprófi frá Háskóla Íslands árið 1993.

Róbert byrjaði snemma að vinna. Faðir hans var aðstoðarhótelstjóri Hótel Sögu og þar byrjaði Róbert að vinna ellefu ára gamall, fyrst við að bera töskur og var oft settur í það að skræla kartöflur ofan í allan Súlnasalinn.

Eftir að hann útskrifaðist úr viðskiptafræði fór hann til starfa hjá Samskipum og vann þar ýmis stjórnunarstörf frá árinu 1993 til ársins 1999 þegar hann var ráðinn forstjóri Delta-samstæðunnar. Hann varð síðan forstjóri Actavis þegar Delta og Pharmaco sameinuðust.



ÖRYGGIÐ FYRST

Sérstök öryggisnefnd Aksturs-
íþróttanefndar LIA/ÍSI mun
endurskoða keppnis-
reglur í rall- og brautar-
keppnum í vetur.

BÍLAR 2



FRUMLEG HÖNNUN

Eldhúsljós geta verið ýmiss
konar eins og hönnuðurinn
Nicholas Furrow hefur
sýnt fram á.

HEIMILI 3



allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚT MEÐ GAMALT

INN MEÐ NÝTT

Komdu á vinalegu
húsgagna lagersöluna
Almennur opnunartími
Mán - Föstudagar 09 - 18
Laugardagar 11 - 16

Dugguvogi 2 / Simi 557 9510 / patti.is



Egill stendur hér fyrir framan japanska verslun í Hiroshima en þeir vinirnir fóru í dagsferð til borgarinnar.

MYND/MATTHÍAS ARNALDS

Japanirnir störfðu á okkur

Egill fór í tæplega fjögurra vikna ferðalag til
Japans og var heillaður af menningunni í Tókýó.

„Eftir að við horfðum á Lost in Translation í bíó
vorum við staðráðnir í að fara til Japans,“ segir
Egill Moran Friðriksson sem fór í eftirminnilegt
ferðalag ásamt vini sínum Matthíasi Arnalds
sumarið 2005.

Strákarnir dvöldu mestmegnis í Tókýó en þeir
fóru einnig til Kyoto, Osaka og Hiroshima ásamt
því að sækja þriggja daga rokkhátíð. „Tókýó var
klárlega það svalasta við ferðina. Allt var svo öfga-
kennt og menningin svo súr. Við horfðum til dæmis
á þátt í klukkustund án þess að skilja neitt bara því
hann var svo steiktur,“ segir Egill hlæjandi. Strá-
karnir skipulögðu lítið í Tókýó og sögðu að nóg hefði
verið að fara út á götu til að finna sér eitthvað að
gera. „Maður skemmti sér við fáránlegustu hluti;
bara að horfa á risastór auglýsingaskilti á japönsku
fannst okkur geðveikt kúl.“

Egill og Matthías eru tækninördar og því var nóg

að gera fyrir þá í borginni. „Í tækniverfinu Akiha-
bara duttum við til dæmis nokkrum sinnum inn á
margra hæða spilasali. Þar vorum við kannski í þrjá
til fjóra tíma og kláruðum heilu tölvuleikina.“

Egill nefnir einnig skemmtilega reynslu sem hann
átti inni á salerni í Sony-verslunarmiðstöð. „Þetta
var ruglaðasta klósett sem ég hef farið á; þú gast
hitað setuna, sett útvarpið í gang og þegar bíúð var
á klósettinu var hægt að sprauta vatni á tiltekna lík-
amsparta. Besti fíðusinn var síðan takki sem fram-
kvæmdi sturtuhljóð til að deyfa óæskileg hljóð.“

Japanir voru einstaklega hjálplegir og kurteisir
að sögn Egils. „Það reyndu allir að hjálpa manni
eftir fremsta megni þótt þeir skildu ekkert í ensku.
Síðan var nánast enginn hvítur þarna svo það var
horft sjúklega mikið á mann, ég tala nú ekki um
Matta sem er snjónhvítur í framan. Honum var
þrisvar boðið módelstarf,“ segir Egill hlæjandi.
„Það var skemmtileg reynsla að koma í land þar sem
enginn talar ensku og allir stara á mann.“

mariathora@frettabladid.is

TÓMSTUNDAHÚSIÐ



SAVAGE TORFÆRUKÉPPNIN,
keppni fjarstýrðra bíla verður haldin
sunnudaginn 17. ágúst á athafnarsvæði
Gæðamoldar í Grafarvogi. Skráning kepp-
enda er á staðnum. Frekari upplýsingar
eru í **Tómstundahúsinu, sími 587 0600**



Pallhús á Hilux

Allt fyrir jeppamanninn
á einum stað

Rýmum fyrir nýrri
sendingu og bjóðum
síðustu pallhúsin
á gamla verðinu
með frírri ásetningu



www.k2icehobby.is

K2Icehobby Dalsbraut 1 600 Akureyri sími 464-7960



BÍLASTOÐ
réttingar & sprautun

TOYOTA & LEXUS þjónusta
GERUM VIÐ ALLAR TEGUNDIR BÍLA

Smíðjuvegur 38 **rauð gata** • Sími 564 0606 • Fax 564 0636
www.bilastod.is • bilastod@simnet.is

Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

bfo.is
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf bfo@bfo.is

NISSAN SUBARU HONDA
ISUZU OPEL

SMÍÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · SÍMI: 567 7360

MOTHERS
Polishes • Waxes • Cleaners

Bón og bílhreinsivörur

Opnunartími
Mán - Föst. 10-18
Laugardaga 11-14

BÓNVAL
Bónval er þitt val. Sérverslun með
bón og bílaþrif að leiðarljósi.

Súðavogi 32, 104 Reykjavík S: 557 6460

Bremsuhlutir
í alla jeppa
og pickupa

Diskar
Klossar
Dælur
Borðar

Ísetningarþjónusta

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000



Ólafur Kr. Guðmundsson, formaður Öryggisnefndarinnar, er þrautreyndur dómari í akstursíþróttum. Hér er hann að störfum á Imola-brautinni ásamt ökumanni læknabílsins í Formúlu 1, Jacques Trepénad.

Öryggismál endurskoðuð

Sérstök öryggisnefnd Aksturs- íþróttanefndar LÍA/ÍSÍ mun endurskoða keppnisreglur í rall- og brautarkeppnum í vetur. Hún hefur öryggi að leiðarljósi að alþjóðlegri fyrirmynd.

Samfara undirbúningi fyrir inn- göngu LÍA (Landssamband íslenskra akstursíþróttar) í Íþróttasamband Íslands (ÍSÍ) var ráðist í að uppfæra öryggisreglur og tryggingamál í íslenskum aksturs- íþróttum svo þær stæðust alþjóð- legar kröfur. Síðastliðið vor gaf ríkislögreglustjóri út endurskoð- aðar verklagsreglur fyrir aksturs- íþróttir og aksturskeppni og nú hefur verið sett á fót nefnd á vegum Akstursíþróttanefndar ÍSÍ/ LÍA sem fara mun yfir öryggismál í akstursíþróttum frá öllum hlíð- um.

„Hlutverk nefndarinnar er að sjá til þess að farið sé eftir verk- lagsreglunum og að tryggingamál séu í lagi, en það er stórt mál sem við erum að taka á,“ segir Ólafur Kr. Guðmundsson, formaður öryggisnefndarinnar og marg- reyndur keppnisdómari á alþjóða- vettvangi. „Við skoðum öryggi áhorfenda, starfsmanna og kepp- enda og hvað þarf að vera fyrir hendi í keppnum, eins og lokanir á leiðum, og að tilskilin leyfi séu fyrir hendi, til dæmis.“

Myndun nefndarinnar er að mati Ólafs enn eitt skrefið í átt að auknu öryggi í akstursíþróttum á Íslandi. „Öryggismálin verða alltaf í fyrir- rúmi en mikið af bættu umferðar- öryggi er komið úr akstursíþrótt- um,“ segir Ólafur og bendir þar á ýmsa þætti sem okkur þykja sjálf- sagðir í dag eins og öryggisbelti og EuroNCAP-öryggisstaðlar á bílum. „Bílar í dag eru 37 prósentum



EuroNCAP-árestrarprófið er tilkomið fyrir tilstuðla frumkvæðis aksturssam- banda.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR SAFNI

öruggari en fyrir tíu árum og mikið af þeirri tækni sem gerir þá örugg- ari er komin úr akstursíþróttum.“ Öryggisnefndin hefur þegar hafið námskeiðahald og upprifjun fyrir öryggisfulltrúa keppna, skod- unarmenn og keppnisstjóra og næsta stóra mál nefndarinnar er að endurskoða reglur á rall- og brautarkeppnum á Íslandi auk þess sem farið verður yfir björgunar- áætlanir.

Kerrudagar hjá topdrive.is

Sjáðu verðið - ekki missa af þessu

Létti 109.900

Þessi fjölnota kerra er mjög meðfærileg og þægileg. Hentar til margskonar flutninga, t.d. fjórhjól, mótorkrosshjól, sláttuvélar, golfbíla og margt fleira. Auðvelt er að taka ramp af til að ferma lengri hluti svo sem timbur, rör og fl.280x150. 13" dekk (High Speed)

Allar kerrur frá topdrive.is koma með díóðljósum

Þjarkur 195.000
Nú kemur þú tveimur fjórhjólum á kerrunni!

Topdrive kynnir nýja TD090D fjórhjólakerru. 370x150 cm (extra löng) sérhönnuð fyrir fjórhjólamanninn! Heildarþyngd 750 kg.

topdrive.is Smíðjuvöllum 3 - 230 Reykjanesbæ - s: 422 7722 - 615 1515

Bjóðum uppá raðgreiðslur



Lítið mál að skipta um mynstur

Í stað þess að sandblása gler í glugga er ódýrara og einfaldara að setja í þá sandblástursfilmur. Þegar skipta á um mynstur er skipt um filmu.

Þegar koma á í veg fyrir að sjáist inn eða út um glugga eru gardínur ekki eina ráðið. Hægt er að fara þá leið að sandblása gler en það getur verið dýrt og flókið. Önnur lausn er að setja svokallaðar sandblástursfilmur í glugga.

„Það eru bæði fyrirtæki og heimili sem setja filmur í glugga. Kostir þeirra eru margs konar og nýtast þær meðal annars þar sem á að vernda einkalífið, eins og í baðherbergisgluggum og öðrum herbergjum sem ekki má sjást inn í,“ segir Pétur Pétursson, framleiðslustjóri Mako merkja. „En fólk er að leika sér endalaust með þetta því það er auðvitað hægt að setja mynstur og myndir í filmurnar.“



Filmurnar í gluggum Orange eru verk Péturs.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Pétur hefur sett ófáar filmur í glugga og segir hann að gott og vandað verk sé hans helsta auglýsingaleið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓVA

Helstu viðskiptavinir Péturs eru fyrirtæki en þó eru heimilin sem Pétur hefur heimsótt fjölmörg. „Fólk hringir þá einfaldlega og getur fengið okkur til að mæla út gluggann sem filman á að fara í, eða það getur mælt hann út sjálft,“ segir Pétur. „Svo er farið yfir það hvernig filman á að vera, ég sendi mynd af filmunni í tölvupósti og fæ svo lokasambykki.“

Þá er komið að því að setja filmuna upp í glugga og er verkið annaðhvort í höndum Péturs eða viðskiptavinarins sjálfs. „Við getum komið og sett filmuna í og við

gerum það í langflestum tilvikum,“ segir Pétur. „Það er leiðinlegra ef ísetningin mistekst og fólk þarf að fá nýja filmu og þar sem maður þarf að kunna aðferðina þá er það kalt mat að miklu betra er að fá fagmenn í verkið.“

Þegar filman er komin í gluggann er lítið eftir nema að njóta. Svo þegar fólk er orðið leitt á munstrinu má einfaldlega skafa gömlu filmuna af og fá nýja.

Nánari upplýsingar um sandblástursfilmurnar er að finna á www.marko.is.

tryggvi@frettabladid.is



Ljósín í eldhúsið

SKEMMTILEG LJÓSAHÖNNUN SEM Á VEL VIÐ YFIR ELDHÚSBORÐINU. ILMANDI HUNANG OG STÁLSIGTI.

Ljósakrónan „Strainer“ er samansett úr stálsigtum sem finnast í hverri eldhússkúffu. Sigtin eru hengd á snaga umhverfis perustæðið og peran lýsir upp mismunandi þétt netið í sigtunum.

Hönnuðurinn sem á heiðurinn af þessari hugmynd er Nicholas Furrow en hann hefur gert ýmsar tilraunir í ljósaönnun. Meðal annars steypti hann bývax utan um glerkrukku og bjó þannig til lampaskerminn „Honey Jar“ sem gefur frá sér ljúfan hunangsilmi þegar hann hitnar.

Farrow rekur vinnustofu í New York og nánar má kynna sér áhugaverðar hugmyndir hans á síðunni www.nicholasfurrow.net.

- rat

M MOSFELL

KERTO LÍMTRÉ

Byggingarefni framtíðarinnar

Engar kraftsperrur, notaðu lofthæðina

Losnaðu við óþarfa burðasúlur

Vegna mikils styrkleika og léttleika, hentar það einnig vel við krefjandi endurbætur

Kerto límtré kemur í stöðluðum þykktum 27, 33, 39, 45, 51, 57, 63, 75mm og uppúr

3 tegundir með sama brotþol samkv. evr. stöðlum: 160mm 120mm 75mm



Gegnheill Hefðbundið KERTO viður C-24 Límtré G-L32

Finnsk gæðavara

Létt og meðfærileg

Hátt brunapol

Hæð eftir óskum

Lengd allt að 23 m.

Alltaf til á lager

16% meira eldþol

20% meira brotþol

E modull fellur ekki eins og í hefðbundnu límtré þótt bitar fari undir 90 mm þykkt



Laugarneslaugin verður opin út ágúst.

FRETABLADID/ÞÓRGUNNUR ODDSDÓTTIR

Á Barðaströnd er heit laug við hafið

ÍSLAND BYR YFIR NOKKRUM SÉRSTÆÐUM SUND- OG BAÐSTÖÐUM. EINN PEIRRA ER Á LAUGARNESI VIÐ BIRKIMEL Á BARÐASTRÖND.

Sundlaugin við Birkimel er nánast í flæðarmálinu við svonefndan Haga-vaðal. Hún er um sextíu ára gömul en var endurbætt stórlega í sumar af ungum og eldri félögum í Ungmennafélagi Barðastrandar. Þeir settu upp nýja búningaðstöðu, þrífu og máluðu lauginu og settu upp nýja girðingumhverfis hana.

Mikil aðsókn hefur verið í Laugarneslauginu undanfarnar vikur að því er fram kemur á fréttavefjunum TÍÐIS og BB. Hún verður opin út ágúst alla daga frá 13 til 23 að frátöldum tveimur tímum milli 18 og 20. Gjald fyrir fullorðna er 300 krónur og 150 krónur fyrir börn og unglinga en frítt fyrir fimm ára og yngri.

- gun



Jóhannes Gíslason segir fáa Vesturlandabúa vera í Qingdao.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Yndislegt og óskiljanlegt

Neminn Jóhannes Gíslason hefur dvalist í Kína síðustu mánuði og upplifað margt nýtt.

Margir munu vafalaust hugsa til Kína næstu vikurnar í tilefni af Ólympíuleikunum. Auk íslenska íþróttafólksins er í Qingdao í Kína staddur neminn Jóhannes Gíslason. „Ég er búinn að vera hérna í þrjá mánuði með tveimur strákum. Við erum að vinna verkefni fyrir Eimskip. Í lok ágúst byrjar svo skólinn og þá koma fleiri nemendur hingað,“ útskýrir Jóhannes og bætir við að þetta séu nemendur sem stundað hafi meistaranám í alþjóðaviðskiptum í Háskólanum í Reykjavík.

Aðspurður segist Jóhannes hafa

haft fá tækifæri til að ferðast um Kína en eytt þeim mun meiri tíma í Qingdao. „Nuddstaðirnir eru stór partur af lífinu hér en ég fór einu sinni í nudd og var spurður hvort ég vildi ekki fara í „hobei“. Ég var ekki alveg klár á hvað það þýddi en fljótlega var komið inn með bolla og eld. Til að gera langa sögu stutta kveikja þeir í olíu á brún bollanna og skella þeim á bakið en þá myndast sogkraftur og seinna sogblettur.“ Að sögn Jóhannesar er ekki óalgengt að sjá kínversk bök þakin sogblettum.

Jóhannes segir að eitt það kínverskasta sem hann hafi upplifað frá komu sinni sé undirbúningur fyrir Ólympíuleikana. „Herinn kom inn í borgina á truckum og

hreinsaði þang, því þangið var farið að stofna leikunum í hættu. Mikið þang hafði safnast fyrir utan land og líktist grasbreiðu úti af sólströndunum,“ útskýrir Jóhannes en hann segist þarna greinilega hafa séð hópsálina í Kínverjum því fólk kom alls staðar að úr borginni til að hjálpa. „Borgin lyktaði eins og þang í tvo daga á eftir því þanginu var öllu staflað á strandlengjuna.“

Þegar Jóhannes er inntur eftir því hvernig reynsla hans af Kína hafi verið segir hann hana yndislega og óskiljanlega í senn. „Yndislegt, því það er frábær matur hérna og vel komið fram við mig og óskiljanlegt því samskipti eru talsvert öðruvísi en á Íslandi.“

martaf@frettabladid.is

Súpersól til Búlgaríu 18. - 31. ágúst 49.990

Golden Sands í Búlgaríu hefur sannarlega slegið í gegn hjá Íslendingum. Terra Nova býður nú síðustu sætin 18. ágúst í 13 nætur á ótrúlegum kjörum. Gríptu tækifærið og skelltu þér til þessa vinsæla sumarleyfisstaðar sem býður þín með frábæra strönd, einstakt loftslag, ótæmandi afþreyingarmöguleika, fjölbreytta veitingastaði og fjörugetu næturlíf.

Aðeins örfá sæti í boði

Þú bókar og tryggir þér sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.



Kr. 49.990

Netverð á mann, m.v. 2 - 4 í hótélherbergi / stúdíó / íbúð í 13 nætur, 18. - 31. ágúst.



Terra Nova
PRIMERA GROUP

Skógarhlíð 18 · 105 Reykjavík
Sími: 591 9000 · www.terrannova.is
Akureyri sími: 461 1099

Birt með fyrirvara um prentvillur. Terra Nova áskilur sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara

Meirapróf



ÖKU
SKÓLINN
Í MJÖDD

Upplýsingar og innritun í síma 567 0300
Næsta námskeið byrjar 20. ágúst

BÍLAR & FARARTÆKI

Sölu-umboð í Reykjanesbæ
símí 420 5000



CHEVROLET CORVETTE COUPE 02/05 ek 30þ Hlaðinn aukabúnaði glæsilegt tryllitæki Verð 6.590 Athuga ýmis skipti t.d á 2 bílum S. 868 5930.

Hekla Söluumboð
Njarðarbraut 13, 230
Reykjanesbæ
Símí: 420 5000
www.heklakef.is

967 2277 **NÝJA**
BÍLAHÖLLIN
Nýja bílahöllin
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Símí: 567 2277
www.notadibrilar.is




NISSAN PATROL ELEGANCE 3.0 DIESEL
Nýskráður 11.2001. Upptekin vél frá IH í 105þ.km, ekinn 123þ.km, 35" breyting. ABS hemlar - Armpúði - Álfelgur - Brettakantar - Dráttarbeiðisli - Fjarstýrðar samlæsingar - Geislaspilari - Glerþopppluga - Hiti í sætum - Hraðastíllir - Höfuðpúðar aftan - Intercooler - Kastaragrind - Kastarar - Leðuraklæði - Litað gler - Líknarbelgir - Rafdrifid loftnet - Rafdrifid sæti öku-manns - Rafdrifnar rúður - Rafdrifnr speglar - Stigbretti - Talstöð - Túrbína - Upphækkaður - Útvarp - Varadekkshlífl - Veltistýri - Pakbogar - Þjónustubók. Fallegur jeppi! Verð aðeins 2.490þ.



Úrval nýrra atvinnubíla á frábæru verði!!
Nýr Renault Kangoo. Verð kr : 1.359þ. án vsk. Nýr Renault Trafic. Verð kr : 1.990þ. án vsk. Nýr Renault Trafic. 9 manna. Verð kr : 3.190þ. með vsk. Nýr Renault Trafic Langur. Hár toppur. Verð kr : 2.490þ. án vsk. Nýr Renault Master. Millilangur. Hár toppur. Verð kr : 2.795þ. án vsk. Fleiri útfærslur í boði. Allir bílar dísel og til afgreiðslu strax!

Sparibíll ehf
Fiskilóð 16, 101 Reykjavík
Símí: 577 3344
www.sparibill.is

100 bílar.is



VW Polo Comfortline, árg. 2007, ek.13þús.km, Beinsk. Geislaspilari, Rafmagn og fl. Stgr.Tilboð 1650þús.kr, Ásett Verð 1790þús.kr!!!

VANTAR BÍLA Á STAÐINN !!
100 bílar ehf
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Símí: 517 9999
Opíð virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is



Nú kr. 3.250.000,-



Mercedes Benz E 270 CDI Árgerð 2003, ekinn 94 þkm. Ásett verð kr. 3.990.000,- Nú kr. 3.390.000,- 70% fjármögnun möguleg.

aðeins kr. 650.000,-



Mercedes Benz 200 W123 árgerð 1984, ekinn 149 þkm. Nýinnfluttur frá Þýskalandi. Verð kr. 650.000,-

Nú kr. 1.580.000,-



Harley Davidson VRSCR STREET ROD árgerð 2006, ekið 2 þm. Flott hjól á vetrarverði. Griptu tækifærið núna !! Aðeins kr. 1.580.000,-

Bilaport / Interport ehf
Malarhöfða 2, 110 Reykjavík
Símí: 569 3300 / 897 1928
www.interport.is

Bílar til sölu



DRAUMABÍLLINN!
Fólksbílar



Frábær tilboð!

www.islandus.com - Sími 552 2000

Nýir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum. Við finnum draumabíllinn. Yfir þrjár milljónir bíla á skrá. Allt að 30% lægra verð. Dæmi um 2007/2008: Acura TSX, frá 3.390 þús., Volvo XC-70, frá 4.070 þús., Porsche Cayman, frá 6.500 þús. Sími 552 2000, www.islandus.com.

TOYOTA CAMRY HYBRID



REYNSLUAKSTUR

www.islandus.com - Sími 552 2000

Hybrid í dag! Minni eyðsla, minni mengun, meiri kraftur. Tveir bílar tilbúnir í reynsluakstur. 2008 Toyota Highlander Hybrid og 2008 Toyota Camry Hybrid LTD. Pantaðu reynsluakstur í síma 552 2000. Hybrid-bílar eru nú fánlegir frá fjölmörgum framleiðendum: Chevrolet, Ford, GMC, Honda, Lexus, Mazda, Mercury, Saturn, Toyota o.fl. www.islandus.com.



Range Rover Sport HSE TDV8 dísel árg. 2007. Ekinn 30 þ. km. Einn með öllu. S. 898 2811.



500 þús í vasann og yfirtaka. Bmw 540 Individual ssk. 03.02. mjög flottur bíll. 18" BBS álf. Leður, luga off. ófl. Skipti ath uppl s. 898 8228.



100% lán. Terrano 2 árg. 2000 5 gíra dísel, ekinn 200þ.m. Billinn selst á Yfirtöku láns eða ca. 1.000 þús. ca 30 þ. á mánuði. Uppl. í s. 895 9558.



Grand Cherokee 2004 limited ekinn 80þ.km, vel útbúinn bíll. Fæst á yfirtöku láns upp á ca. 2,3 mill + ca. 100þ. Uppl. í s. 895 9558.



M. Benz E240 m.öllu. ek. 150 þ. árg. '98. Nýsk., nýsprautaður. V. 1300 þ. Uppl. hjá Bílahöllinni s. 567 4949.



Renault Laguna 2002 ekinn 56þ.km, leður/tau sæti álfelgur og margt fl. Virkilega skemtilegur bíll. Verð yfirtka láns ca. 800þ + 150þ. afb. 25 þ. Uppl. í s. 895 9558.



BMW M5 ÁRG. '06 2005 EKINN 22P. KM. Innfluttur af umboði. EINN MED ÖLLU. Ath öll skipti. S. 898 2811.



Land Rover Discovery 4,4 V8 árg. 2006 ekinn 38þ.km. Toppluga leður. Einn með öllu. ATH skipti. S. 898 2811.

Hjólhýsi til sölu
Árg. 2006, sem nýtt!



N-126nt newiadow - Pólskt.
Gashellur, vaskur, ísskápur, hitari, wc, rúmt svefnpláss fyrir tvo. Innifalið: hliðartjald, rúml. 8 fm. Gaskútur, rafmagnsgeymir, hjólagrind og trappa. Þyngd 750 kg. Breidd 2,05 m Lengd 4,50 m. Uppl. í s. 552 5198 & 892 5198. Tilboðsverð 1200 þús.



Toyota Yaris árg. '03 bsk., ek. 50þ. Toppbill. Verð 750 þ. Uppl. í s. 690 3294.



ATH. sjálfskiptur
Renault Kangoo '05, 1,6 l., ek. 43.000, dráttarkrókur, vel með farinn. Áhvilandi 570 afb. 17 á mån. Verð 1.390.000. Uppl. í s. 867 9432.



M. Benz E200 Compressor Avantgarde '07 ek. 39 þ.km Einn með öllu á gamla genginu 4,3 mil. Beina sala. S. 662 2826.



Mazda 3 árg. '06 ek. 52 þ. Áhv. 1200 þ. Fæst gegn yfirtöku á láni + 100 þ. stgr. Uppl. í s. 897 8545.



TOYOTA AVENSIS árg 02 sk 09 ekinn 93 þús sumar og vetradekk á felgum ásett verð 1050 skipti óð TILBOÐ 900 staðgreitt sími 8691089 eða 5876276



Sparibaukur á 195 þ.
MMC Colt '99, 1,3 ssk. Eyðir 5,8/100. Ásett verð 380 þús. Tilboð 195 þús. Uppl. í s. 841 8955.



Nissan Terrano II árg. '94 ek. 207 þ. V. 200 þ. S. 843 0752.



100% lán
BMW 525D ek. 156þ. Einn með öllu. nýsk. '09 fæst á yfirtöku. Uppl. í s. 699 4002.

0-250 þús.



Opel Astra '97 ek. 114 þ. Ssk., 4 nagladekk fylgja. V. 130.000 kr. S. 699 6067.

500-999 þús.



Til sölu TM Racing árg 07 fæst á yfirtöku +200þús afb19 þ uppl í síma 8931948

1-2 milljónir



VW Passat Comfort Line 2.0L árg. 2002, keyrður 100þús., áhvíl. 820 þús. Fæst á 1100 þús. Uppl. í síma 866 5841.

2 milljónir +



Honda Civic HYBRID
5,9 L/100 km!

www.islandus.com - Sími 552 2000

Skiptu í hybrid og sparaðu hundruð þúsunda í eldsneyti. Allt að 40% minni eyðsla en samt meiri kraftur. Pantaðu hybrid-reynsluakstur í Reykjavík eða á Akureyri í síma 552 2000. Hybrid-bílar eru nú fánlegir frá fjölmörgum framleiðendum: Chevrolet, Ford, GMC, Honda, Lexus, Mazda, Mercury, Saturn, Toyota o.fl. www.islandus.com.



Dodge Durango 2006 SLT, 7 manna, 4.7L V8, eyðir 17L innanb. og 12.8 utanbæj. m. eyðslukubbb, K&Nslu, nýsmurður. Verð 3850 þ. erl. lán 3750 afb. 55 þús. Sími 820 2223.



Evo 9 4x4, umboðsbíll Hekla, ek. 10 þús. Flottur yfir sumar sem vetur. 285 PS óbreyttur. 6 gíra. Skipti skoðuð, áhvíl. isl. lán 4300 afb. 77 þús. S. 820 2223.



BMW 330 dísel 2004 ekinn 72000. Stálgrár, sjálfskiptur, leður og sportpakki. Uppl. í s. 664 3395.

Jeppar



Flottur! JEPPI!

www.islandus.com - Sími 552 2000

Skiptu í Hybrid og sparaðu hundruð þúsunda í eldsneyti. Allt að 40% minni eyðsla en samt meiri kraftur. Pantaðu hybrid-reynsluakstur í Reykjavík eða á Akureyri, s. 552 000. Hybrid-bílar eru nú fánlegir frá fjölmörgum framleiðendum: Chevrolet, Ford, GMC, Honda, Lexus, Mazda, Mercury, Saturn, Toyota o.fl. www.islandus.com.



Landcruiser 90 árg. '98 dísel. Beinskíptur, 5 gíra, ekinn 194þ.km, breyttur á 33" dekkjum. Ásett verð 1100 þ. Fæst á 840.000 stgr. s. 893 5201.

Pallbílar



Nú er tækifæri! Pallbílar

Frábær tilboð!

www.islandus.com - Sími 552 2000

Mikið framboð af pallbílum vestanhafs. Griptu tækifærið og gerðu góð kaup. Dæmi um 2007/2008 bíla: Ford F350 frá 2.790 þús., Dodge Ram 2500 frá 2.500 þús., Toyota Tacoma frá 1.460 þús., GMC Sierra C/K 1500, frá 1.690 þús. Sími 552 2000. www.islandus.com.

Hóperðabílar



Til sölu Clubstar 1120, 30 sæta og 817, 26 sæta. Vel hirtir bílar. Rúnar 894-8540.

Húsbílar

Ford Transit 2.2 130 hp Blucamp Sky 20 2007 ekinn 10.000 km 2 sólarcellur, markísa, sjónvarp, bakmyndavél hjólagrind. Verð 5.9 mil er til sýnis hjá MótörMax Kletthálsi 13 uppl í síma 8606615

Mótorhjól



Ducati ST4S ABS 2005 1000cc ekið 16000km Tilboðsverð 1.290.000. Til sýnis hjá MótörMax Kletthálsi 13 s: 563 4400.



Yamaha Midnightstar 1900 2007 Ekið 4500 km Verð 1.450.000.- Til sýnis hjá MótörMax Kletthálsi 13 s: 563 4400.

450 Kawi til sölu! KLX 450 2008. 20 þús. á mánuði og hjólið er þitt. Áhv. 860 þús. Fyrstur kemur fyrstur fær. S. 697 4540.

Kawasaki 636 til sölu. Verð 1 milljón. Uppl. í s. 690 9768.

Vespur

Vespa til sölu árg. '06 ek. 2000 km. Tilboð óskast. Uppl. í s. 894 8489.



Fjórthjól



Yamaha Raptor 350 2007 Götuskráð ekið 4000 km Tilboðsverð 695.000 Til sýnis hjá MótörMax Kletthálsi 13 s: 563 4400.

Hjólhýsi



Tabbert Puccini 540 DV 2,5 5/2008 verið notað eina nótt. Innflutt nýtt af Seglagerðinni. Skoða skipti. Verð 3.790.000.- Áhvilandi lán 3.100.000.- Allar nánari upplýsingar í síma 899 5379.



TRAUSTUR GRUNNREKSTUR Arðsemi viðskiptabankanna þriggja er viðunandi ef horft er á grunnrekstur. Arðsemi eigin fjár er um 25 til 30 prósent ef horft er til reglubundins reksturs og óreglulegir liðir eru teknir út.

ir muni fara frá því að vera neikvæðir á síðasta fjórðungi í að vera himinháir á síðasta fjórðungi þessa árs og fyrsta fjórðungi þess næsta.

Hún bendir á að það er mjög mikilvægt við núverandi aðstæður að vera með viðbúnað til að bregðast við frekari áföllum. „Bankar eru að efla lausafjárstöðu sína með því að útbúa pakka úr lánasöfnum sínum sem hægt er að selja eða leggja fram í endurhverfum viðskiptum við seðlabanka. Mikilvægt er að hafa þessa pakka til taks hvort sem þeir eru nýttir strax eða ekki,“ segir hún.

Spurð um áhrif uppgjöranna á stöðu bankanna segir Edda Rós

að uppgjörin hafi að mestu verið í takt við væntingar og þáttur í að sýna að bankarnir séu traustir en opni ekki neinar dyr að ódýrri fjármögnun. „Fjármálamarkaðir hafa hvorki opnast fyrir íslenska banka né aðra. Það er varla hægt að leggja næga áherslu á að um alþjóðlegt vandamál er að ræða. Það er mikilvægt að átta sig á því að allir bankar heims eru að sækja í seðlabankana af miklum krafti. Þetta er ekkert séríslenskt fyrirbrigði,“ segir Edda Rós.

„Það er búið að hrekja dómsdagspár um hrun íslenskra banka og menn eru farnir að horfa meira til gæða eignasafnsins og er umræðan því á mun málefnalegri nótum“ segir Haraldur Yngvi Pétursson hjá greiningu Kaupþings.

Haraldur segir að bankarnir verði að halda áfram að treysta grunnstöðirnar í rekstrinum

og sækja sér fjármögnun með öðrum hætti en heildsölufjármögnun.

„Það verður pressa á þóknatekjur en þær hafa haldist uppi undanfarið m.a. vegna meiri viðskipta með skuldabréf en áður, en líklegt er að arðbærum þóknatengdum verkefnum muni fækka nokkuð. Vaxtatekjur munu dragast saman þar sem draga mun úr verðbólgu á Íslandi en ekki er ljóst hvort grunnvaxtamunurinn muni dragast saman,“ segir Haraldur. Hann telur stöðu bankanna ágæta og að grunnrekstur skili ásættanlegri afkomu.

Í meðfylgjandi töflu er leitast við að meta undirliggjandi rekstur bankanna ef litið er framhjá utanaðkomandi þáttum sem tilheyra ekki grunnrekstri bankana. Vaxtatekjur eru leiðréttar fyrir fjármagnskostnaði af gjaldeyris- og hlutabréfaeign. Reiknaður er tíu prósent fjármagnskostnaður

af meðalstöðu hlutabréfaeignar og tíu prósent forðarkostnaður af meðalstöðu hreinnar eignar í erlendri mynt. Í raun er um að ræða forðarkostnað þess að halda hlutabréfa- og gjaldeyrisstöðunni sem er bætt við vaxtatekjur.

Auk þess eru óreglulegir liðir eins og fjárfestingatekjur (stundum kallað gengismunur) tekinn út og aðrar rekstrartekjur sem koma grunnrekstri bankanna ekki við. Með þessu móti er reynt að sýna fram á arðsemina ef bankarnir væru ekki með hlutabréfastöður eða gjaldeyrisvarnir.

Ef gjaldeyris- og hlutabréfastöður eru leiðréttar þá er útkoman sú að hagnaður af grunnrekstri fyrir skatt er 13,6 milljarðar hjá Glitni í stað 7,7 milljarða en ef einnig er tekið tillit til áhrifa af verðbóta sem eykur vaxtatekjur umtalsvert á fjórðungnum

lækkar hagnaðurinn sem því nemur og er 7,159 milljarðar. Mesta breytingin er hjá Landsbankanum en þar er hagnaðurinn 11,5 milljarðar króna í stað 12,76 milljarða samkvæmt uppgjöri. Ef einnig er tekið tillit til verðbóta þá er hagnaðurinn 6,2 milljarðar. Hagnaður Kaupþings rúmlega tvöfaldast miðað við þetta. Arðsemi eiginfjár breytist einnig umtalsvert og er nú tæp 25 prósent.

Arðsemi eiginfjár helst nokkuð stöðug við þessar breytingar hjá Landsbankanum en arðsemin vex hins vegar umtalsvert hjá Kaupþingi og Glitni. Leiðrétt arðsemi er frá tæpum 25 prósentum í 28 prósent hjá bönkunum þremur. Mesta breytingin er hjá Landsbankanum, sem skýrist af mestu leyti vegna mismunandi uppgjörsaðferðar Landsbankans miðað við Glitni og Kaupþing.

SAMANBURÐUR Á BÖNKUNUM

tölur í milljónum kr.	Glitni			Landsbankinn			Kaupþing		
	2F 2008	1F 2008	1H 2008	2F 2008	1F 2008	1H 2008	2F 2008	1F 2008	1H 2008
Vaxtatekjur	23.680	17.882	41.562	27.393	20.236	47.629	43.271	36.067	79.338
Þóknunartekjur	9.257	10.604	19.861	10.890	10.903	21.793	14.258	10.948	25.206
Hreinar rekstrartekjur	32.937	28.486	61.423	38.283	31.139	69.422	57.529	47.015	104.544
Kostnaður	-14.786	-13.799	-28.585	-18.564	-17.234	-35.798	-25.503	-21.562	-47.065
Afskriftir	-4.492	-4.119	-8.611	-6.953	-3.915	-10.868	-5.591	-4.059	-9.650
Kostnaður og afskriftir	-19.278	-17.918	-37.196	-25.517	-21.149	-46.666	-31.094	-25.621	-56.715
Hagnaður af grunnrekstri fyrir skatt	13.659	10.568	24.227	12.766	9.990	22.756	26.435	21.394	47.829
Hagnaður fyrir skatt skv. uppgjöri	7.657	7.709	15.366	11.450	19.688	31.138	12.882	20.279	33.161
Mismunur	6.002	2.859	8.861	1.316	-9.698	-8.382	13.553	1.115	14.668
Verðbólguáhrif uppgjöra	6.500			6.500			5.000		
Hagnaður af grunnrekstri ef einnig er leiðrétt fyrir verðbólguáhrif	7.159			6.266			21.435		
Leiðrétt arðsemi eiginfjár fyrir skatt	28,08%	23,57%	26,00%	25,51%	20,90%	23,37%	24,75%	22,13%	23,70%
Arðsemi eiginfjár fyrir skatt skv. uppgjöri	15,80%	17,27%	16,56%	23,30%	42,00%	32,60%	12,45%	21,65%	16,95%

ÚTSALA

ÚTIVISTARFATNAÐUR

30-70%

AFSLÁTTUR

REIÐHJÓL

30%

AFSLÁTTUR

GÖNGUSKÓR

30-70%

AFSLÁTTUR

BAKPOKAR

20%

AFSLÁTTUR

VEIÐIDEILD

30-60%

AFSLÁTTUR

TJÖLD

20-50%

AFSLÁTTUR

BERGANS SKÓLATÖSKUR

20%

AFSLÁTTUR

FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN

Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is

PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Ör samdráttur á sér margvíslegar birtingarmyndir. Sums staðar hefði undirbúningur átt að vera betri.

Óráð er að berja af sér bjargvættinn

Óli Kristján Ármannsson skrifar

Víða þrengir að í íslensku efnahagslífi um þessar mundir og fyrir-tæki jafnt og heimili bregðast við með aukinni ráðdeild og margvís-legri hagræðingu. Markaðurinn kemur nú út í nokkuð breyttri mynd frá því sem verið hefur síðustu misseri, bleiki pappírinn horfinn og efnisþættir endurskipulagðir.

Fréttablaðið og þar með Markaðurinn hefur tekjur sínar af auglýs-ingum og þegar samdráttur verður á þeim markaði um lengri tíma endurspeglast það í útgáfunni. Pappír og prent eru stórir kostnaðar-liðir og styrkur að geta brugðist hratt við breytt-um aðstæðum. Margvíslegur annars konar rekst-ur krefst mun lengri aðdraganda að breytingum auk þess sem huga þarf mjög vel að umhverfi rekstrarins því þegar breytinganna gerist þörf má vera að aðstæður geri það erfiðara að bregð-ast við.

Í þennan flokk falla fjármálafyrirtæki og ekki að ástæðulausu sem þeim eru ströng skilyrði sett um hluti á borð við eiginfjárstöðu. Gengi fjármálafyrirtækja snertir enda ekki einung-ís viðskiptamenn þeirra eða starfsfólk, heldur þjóðarbúið í heild. Við viðkvæmar aðstæður sem þessar, þar sem torvelt er að útvega rekstrarfé vegna alþjóðlegrar lausafjárkreppu, gætu fregnir af gjaldþroti fjármálafyrirtækis hér heima jafnvel ógnað hér fjármálastöðugleika.

Ábyrgðarhluti er því að láta afkomu slíkra fyrirtækja ráðast af gengi á hlutabréfamarkaði líkt og raunin virðist hafa verið með suma sparisjóðina, þar sem grunnrekstur bankans virðist hafa verið á mörkum þess að bera sig. Þegar harðnar í ári í alþjóðlegri lausafjár-kreppu og öll fjármögnun verður dýrari er ekki gott að búa við slíka bresti í rekstri, hvað þá þegar hlutabréfaverð hrapar um leið.

Varhugavert er þó að alháfa um of og má vera að einhverjir minni sparisjóðir nái að fjármagna rekstur sinn með innlánnum. Hins vegar er ekki hægt að horfa framhjá því hve hagræði stærðarinnar er mikið í bankarekstri, því lítil fjármálastofnun þarf að standa undir sömu kröfum og gerðar eru til þeirra stærri, svo sem um reikningskil og MiFID-reglur um fjármálagjörföringna. Engin tilviljun er hve ört spari-sjóðum hefur fækkað síðustu ár.

Fagnaðarefni er ef litlir sparisjóðir fá lifað af í þeim ólgusjó sem skapast hefur í alþjóðlegri fjármálakreppu. Njóta þeir enda velvild- ar í sínum nærsamfélögum og leggja áherslu á samfélagslega ábyrgð, auk þess sem viðskiptavinir þeirra láta vel af þjónustunni. Um leið þýðir ekki að gráta nauðsynlegar aðgerðir til að bjarga þeim sem hættara er við að fá ekki staðið af sér veðrið. Þannig ættu menn fremur að fagna því að hér séu til fjármálastofnanir með nægilegan styrk til að koma inn í rekstur sjóða á borð við SPRON og Sparisjóð Mýrasýslu. Viðbrögðum sumra þeirra sem hvað mest hafa sett sig upp á móti fyrirhuguðum samruna SPRON og Kaupþings má líkja við við-brögð drukknandi manns, sem farið er að líða vel í ísköldum sjónum, og reynir að lemja af sér björgunarmann sinn. Í Borgarbyggð hefur í dag verið boðað til íbúafundar þar sem ræða á þá stöðu sem upp er komin hjá Sparisjóði Mýrasýslu, en þar mun Kaupþing fara með sjö-tíu prósentu eignarhlut eftir stofnfjárukningu. Vonandi bera þar fundargestir gæfu til að láta vera að berja á bjargvættinum þótt ein- hver muni sjálfsagt velta upp spurningunni um hvernig sjóðurinn hafi ratað í núverandi stöðu.

annas@markadurinn.is | bjorn.ingi@markadurinn.is | bjornthor@markadurinn.is | gudny@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | ingimar@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | l.olikr@markadurinn.is | sindri@markadurinn.is

Markaðurinn í lok dags



Fylgstu með Markaðinum í lok dags kl. 16:45 á visir.is og á Stöð 2 kl. 12.12 og 18.18.

visir.is
...ég sá það á visir.is

Gjaldeyrisforða eða nýja mynt

ORD Í BELG

Edda Rós Karlsdóttir
forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans.



Meðal hlutverka hvers seðla-banka er að vera „lánveitandi til þrautarvara“ fyrir banka við-komandi lands. Eins og orðasam-bandið gefur til kynna þýðir það að seðlabankar veiti lánaþyrir-greiðslu í neyð, þ.e. þegar bank-ar geta ekki fjármagnað sig eftir hefðbundnum leiðum. Tilgangur- inn er alls ekki að bjarga illa reknum og gjaldþrota bönkum, heldur að koma í veg fyrir banka-áhlau og fjármálakreppur.

Seðlabankar setja ströng skil-yrði fyrir lánveitingu til þrautar-vara, meðal annars þá að eignir viðkomandi banka séu meiri en skuldir. Vandamál slíkra banka felast þá fyrst og fremst í lausa-fjárskorti, þ.e. að þeir geti ekki losað eignir nægilega fljótt og vel til að greiða skuldbindingar sem eru á gjalddaga.

Alkunna er að ef einhver er þvingaður til að losa um eignir á mjög skömmum tíma, er lítil von til þess að viðkomandi fái „eðli-legt“ verð. Slíkri sölu er enda oft líkt við brunaútsölu og áhrifin geta verið alvarleg fyrir fjár-málakerfið. Hætta er á að útsölu- virði eignanna dugi ekki fyrir skuldum viðkomandi banka, sem verði þar með gjaldþrota „að óþörfu“, innlán almennings tap-ist o.s.frv.

Einnig er hætta á að útsalan valdi því að verð á sambæri-legum eignum lækki veru-lega með tilheyrandi áhrifum á eignarstöðu annarra banka, fjár-festa og almennings. Með því að veita tímabundna lausafjár-fyrirgreiðslu gefa seðlabankar bönkum frest til að koma eignum sínum í verð. Þannig draga þeir úr líkum á fjármálakreppum og úr líkum á því að einhverjir sjái sér hag í því að framkalla þær aðstæður að banki þurfi að setja eignir sínar á útsölu.

BARA EIN PRENTVÉL Í HVERJUM SEÐLABANKA

Engan þarf því að undra að al-þjóðlegir fjárfestar velti fyrir

sér hvort bankar hafi trú-verðugan lánveitanda til þrautar-vara þegar þeir taka ákvörðun um að lána bönkum peninga. Í alþjóðlegri fjármálakreppu er lausafé af skornum skammti og fjársterkir fjárfestar geta valið úr gnótt tækifæra. Ef ein- hver vafi er á því hvort bak-land banka er nægilega sterkt, velja flestir fjárfestar að fara með peningana sína annað. Við það minnkar aðgangur Íslend-inga að erlendu lánsfé, lánskjö- versna og lífskjör rýrna. Yfir-leitt eiga seðlabankar ekki við trúverðugleikavandamál að etja í hlutverki sínu sem lánveitandi til þrautarvara.

Seðlabankar geta prentað peninga og verða því ekki uppi-skroppa með peninga til að styðja við sína banka. Ef starfsemi bank-anna er hins vegar í gjaldmiðl-um annarra myntsvæða verður málið flóknara. Til þess að taka á þessu hafa helstu seðlabank- ar heims meðal annars samið um gjaldmiðlaskipti ef vandi skyldi koma upp. Slíkir gjald- miðlaskiptasamningar byggja á gagnkvæmum hag viðkomandi landa; bandarískir bankar hafa aðgang að evrum og evrópsk- ir bankar að Bandaríkjadal. Ís- lenski seðlabankinn hefur gett slíka samninga við þrjá norræna seðlabanka og getur á grundvelli þeirra fengið 1,5 milljarða evra í skiptum fyrir íslenskar krónur. Þessa samninga verður þó lík- lega að kalla vinargreiða, fremur en gagnkvæman hag þjóðanna, þar sem ólíklegt er að norræn- ir bankar lendi í vanda vegna skorts á íslenskum krónum.



SEÐLABANKI ÍSLANDS Greinarhöfundur segir ljóst að við þær aðstæður sem nú séu uppi hljóti bankar að skoða allar leiðir til að flytja starfsemi sína úr landi. MARKAÐURINN/HEIÐA

ORÐSKÝRINGIN


Óðaverðbólga

Hugtakið óðaverðbólga skýtur oft upp kollinum hér á landi og sérstaklega undanfarna mánuði þar sem verðbólga í landinu hefur verið mikil. Þrátt fyrir að vísitala neyslu- verðs hafi hækkað um 13,6 prósent undanfarna tólf mánuði erum við enn langt frá því að glíma við óðaverðbólgu. Hagfræðingar skilgreina óðaverðbólgu yfirleitt sem verð- bólgu umfram 50 prósent á mánuði. Þetta þýðir að verðlag meira en hundraðfaldast á einu ári.

Það gerir 12.875 prósentu verðbólgu á ári. Kaffibolli, sem kostaði 100 kr. í ársbyrjun, kostar tæpar 13.000 kr. í árslok. Óðaverðbólga stafar yfirleitt af því að ríkisvaldið prent- ar of mikið af peningum til að standa straum af útgjöldum. Þekktustu dæmin um óðaverðbólgu er t.d. Þýskaland eftir fyrri heimsstyrjöldina og síðan Simbabwe um þess- ar mundir. Í Simbabwe mældist ársverðbólga 2,2 milljónir í síðasta mánuði.



ÚTGÁFUÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson RITSTJÓRN: Annas Sigmundsson, Björn Þór Arnarson, Guðný Helga Herbetsdóttir, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Ingimar Karl Helgason, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Sindri Sindrason AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík
ADALSÍMI: 512 5000 SÍMBRÉF: 512 5301 NETFÖNG: ritstjorn@markadurinn.is og auglysingar@markadurinn.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafold-
aprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds.



Fréttablaðið stendur upp úr

Fréttablaðið er með 46% meiri lestur en 24 stundir og 116% meiri lestur en Morgunblaðið

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins, samkvæmt könnun Capacent Gallup maí-júlí. Fréttablaðið hefur glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sína miðað við meðallestur á tölublað hjá aldurshópnum 18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu. Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.



Allt sem þú þarft...

...alla daga

BANKHÓLFÍÐ

Allt í fína í Kína

Geir H. Haarde forsætisráðherra hefur sagt að aðgerðarleysi ríkisstjórnarinnar beri árangur. Það finnur fólk ef til vill í verðlagi og afborgunum lána. Skammt er frá því tilkynnt var um ráðningu sérstaks efnahagsráðgjafa ríkisstjórnarinnar til sex mánaða. Tryggvi Þór Herbertsson hefur hins vegar lítt sést í stjórnarráðinu undanfarna daga. Hann er nú staddur í Kína. Að sögn er hann í löngu skipulögðu, en stuttu, sumarleyfi. Þetta finnst sumum þó vera í takti við aðgerðarleysisstefnu ríkisstjórnarinnar. Það er bara allt í fína í Kína.



Piparsveinar orkufrekir

Piparsveinar eru tuttugu prósent orkufrekari en einhleypar konur. Þetta kemur fram í rannsókn sem FOI, Öryggis- og varnarmálarannsóknarstofnun Svíþjóðar, hefur látið gera.

Tilgangur rannsóknarinnar var að finna leiðir fyrir fólk til að draga úr losun sinni á gróðurhúsalofttegundum. Í rannsókninni kemur fram að hjá einhleypum konum tengist hún fyrst og fremst kaupum á neysluvarningi svo sem fötum, en hjá karlmönnum bílaakstri. Þá kemur fram að einhleypir karlmenn hafi reynt mun síður móttækilegir en konur fyrir ábendingum um að breyta neysluháttum sínum til að draga úr losun koltvísýrings.



Auratal og sparnaðarráð

„Þótt námsmann vanti ekki peninga í vetur kann það engu að síður að vera sterkur leikur hjá honum að taka námslán hjá LÍN og leggja féð til hliðar,“ sagði í frétt á baksíðu Morgunblaðsins um helgina og vísað til hagstæðra vaxtakjara námslána miðað við önnur lán sem eru í boði. Einhverjum kynni þó að þykja vafasamt siðferði að ætla að nýta með slíkum hætti opinber úrræði sem tryggja eiga jafnrétti til náms. Að minnsta kosti gæti framferðið lagst illa í þá hina sem þurfa að draga fram lífið á útreiknaðri framfærsluþörf LÍN. Spurning hvort blaðið ætla að birta fleiri slík góðráð, svo sem um hvernig fólk geti fengið hærri bætur láti það hjá líða að skrá sig í sambúð, eða hvar glufur sé að finna í skattkerfinu.

4,4%

verðbólga mælist nú í Bretlandi. Þetta er þriðji mánuðurinn í röð þar sem verðbólga í Bretlandi er yfir þriggja prósentu efri þolmörkum Englandsbanka. Styrivextir bankans eru nú fimm prósent.

90%

samdráttur hefur verið á heildarveltu á innlendum hlutabréfamarkaði á milli ára. Júlí 2007 var þó óvenjulegur mánuður því viðskipti vegna yfirtökunnar á Actavis gengu þá í gegn.

1,1%

heildarútlána voru í vanskilum við lok annars ársfjórðungs samanborið við 0,5 prósentu útlána í lok fyrsta ársfjórðungs.

Dell™ mælir með Windows Vista® Home Premium

LITRÍKT ÚRVAL FYRIR SKÓLANN



Úrval af myndum og litum



Media Direct™



Innbyggt gelsladrif



Wi-Fi Catcher™



HDMI tengi



ExpressCard™ tengi



8-in-1 minniskorta lesari



Möguleiki á 2 MP vefmyndavél

INSPIRON™ 1525 insp1525#8

- Intel® Core™2 Duo örgjörvi T8100 (2,1GHz, 800MHz, 3MB L2 Cache)
- Windows Vista® Home Premium
- 15,4" Widescreen TrueLife skjár (1440x900)
- 2GB minni
- 160GB harður diskur, 5400rpm
- 2.0MP vefmyndavél
- 3 ára ábyrgð á verkstæði EJS / 1 ár á rafhlöðu

139.900 kr.

5.580 kr. á mánuði (miðað við 24 mánuði)

* FYRIRVARAR: Verð er síðbúið með vsk og gildir meðan birgðir endast. Verð miðast við gengi og getur breyst án fyrirvara. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabreytingu.

Dellmark, Celeron Inside, Core Inside, Core Inside Logo, Intel Logo, Intel Core, Intel Inside, Intel Inside Logo, Intel Vii, Intel vPro, Itanium Inside, Pentium Inside, Pentium Inside Logo, vPro Inside, Xeon, and Xeon Inside are trademarks of Intel Corporation in the U.S. and other countries. © 2008 Dell Corporation Limited. Dell, the Dell logo, Precision are registered trademarks or trademarks of Dell Inc.

Ný Inspiron™ 1525
Nýjasti Intel örgjörvinn tryggir örugga þráðlausa tengingu og frábæra spilun á margmiðlunarefni



www.ejs.is // Grensásveg 10, Reykjavík / Sími 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000

Perenn / Hólmur 4, Reykjavík / 540 2003 // Perenn-Ljósmyndun / Skólalagju 2, Reykjavík / 421 1102 // Lóku- og vefndýrþjónusta Suðurlands / Lyringveg 37, Selfoss / 480 2303 // Töskun / Strandveg 51, Vestmannaeyjar / 401 1122 // Örn / Austurveg 15, Vík / 482 1570 // Bókavæðing / Hólmur 4, Reykjavík / Garðabæ 9, Háskóli / 404 1234 // Perenn / Hálfarstí 11-13, Akureyri / 540 2180 // Netveima / Adalsteins 27, Laugavegur / 404 5006 // Kauðveg Skrifstofa / Austur 1, Sauðárkrúkur / 455 4300 // Tengill / Adalsteins 21, Sauðárkrúkur / 453 5019 // Marsind / Heiweg 7, Grundarfjörður / 438 6611 // Örniss / Bráttarveg 4, Borgarnes / 433 0300 // Örniss / Dalbraut 1, Nesnes / 433 0300 // Örniss / Tjarnargötu 7, Reykjavík / 422 0200 // Mandhúsi / Lílu Bg 1, Höfn / Hornaförð / 478 1300

Hvers vegna PwC?

*connectedthinking

Þekkingarfyrtæki í fremstu röð á Íslandi og leiðandi á alþjóðavettvangi.

- Endurskoðun
- Fyrirtækjaráðgjöf
- Skatta- og lögfræðiráðgjöf

Reykjavík - Akureyri - Húsavík - Selfoss - Reykjavíknesbær www.pwc.com/is



VANTAR ÞIG**SMÍÐI, MÚRARA, JÁRNABINDINGAMENN,
MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**Höfum á skrá fólk sem óskar eftir mikilli vinnu.
Getur hafið störf nú þegar.

Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000

SMÍÐIRErum með vana smíði á skrá sem
eru klárir til vinnu.

Kraftafl ehf S: 840-1616

MúraraErum með vana múrara sem óska
eftir mikilli vinnu.Upplýsingar í síma 840 1616.
Kraftafl ehf**Óskum eftir starfsmanni í
útkeyrslu og fleira.**

Upplýsingar í s. 863 8165

VerkamennVerkamenn óskast til vinnu við gatna- og
vegagerð á höfuðborgarsvæðinu.Upplýsingar gefur Halldór í síma 821 1230
og Þórhallur í síma 821 1237.**Niðurstaða Samvinnunefndar um
verulega breytingu á svæðisskipulagi
höfuðborgarsvæðisins 2001-2024,
Vatnsendahlíð - Þing, Kópavogi**

Á fundi samvinnunefndar um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins sem haldinn var þann 12. ágúst sl. var í samræmi við 3. mgr. 13. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, samþykkt tillaga að verulegri breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024, fyrir Vatnsendahlíð - Þing í Kópavogi dags. 18. júlí 2008 ásamt umsögn um innsendar athugasemdir dags. í júní 2008.

Skipulagssvæðið afmarkast af íbúðabyggð Þinga til norðurs, Elliðavatni til austurs, hesthúsasvæðis Kjóavalla til norðvesturs, sveitarfélagsmörkum Garðabæjar til vesturs og óbyggðu svæði til suðurs og tekur til 92,5 ha svæðis í „Kópavogur austur“, sem í gildandi svæðisskipulagi er skilgreint sem óbyggt svæði og að hluta til sem vatnsverndarsvæði (fjarsvæði).

Í tillögunni felst að landnotkun á svæðinu verði breytt í byggðarreit fyrir blandaða byggð til 2024. Jafnframt er töflu 3.2 á bls. 48 í svæðisskipulagsgreinargerð breytt þannig að stærð atvinnuhúsnæðis á byggðarsvæði nr. 16 „Kópavogur austur“, eykst um 15.000 m² til loka skipulagstímabilsins. Einnig breytist tafla 3.1 á bls. 47 þannig að íbúðum fjölgar um 740.

Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 var breyting ásamt umhverfisskýrslu frá Almennu verkfræðistofunni dags. í mars 2008 auglýst í Fréttablaðinu þann 29. mars 2008 og kynnt sveitarfélögunum og umsagnaraðilum. Tillagan var til sýnis á skrifstofum sveitarfélaganna sem standa að svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, hjá Skipulagsstofnun á Laugavegi 166 í Reykjavík á skrifstofutíma og á skrifstofu SSH í Kópavogi að Hamraborg 9, 2. hæð frá 27. mars 2008 til 25. apríl 2008.

Breyting var gerð á auglýstri tillögu og bætt inn í greinargerð eftirfarandi texta:

„Gerð var athugasemd um að ekki væri gert ráð fyrir góðu rými fyrir reiðstíg sem væntanlegur er í framtíðarlegu við Sandahlíð. Til að bregðast við athugasemdin var sneitt af nyrsta hluta byggðafleka við rætur Sandarhlíðar um sem nemur u.þ.b. 50 metrum og opið svæði til sérstakra nota stækkað sem þeirri skerðingu nam“

Í umsögn dags. í júní 2008 er skipt um svar við athugasemd 2.1 í samræmi við að opið svæði til sérstakra nota er stækkað sem bætir möguleika á legu reiðstígs.

Á upprætti er græna svæðið stækkað og rauða svæðið skert til norðausturs.

Samkvæmt 3. mgr. 13. skipulags og byggingarlaga skulu sveitarfélögin taka afstöðu til tillögu samvinnunefndar innan sex vikna en tjái þær sig ekki innan þess frests teljast þær hafa samþykkt hana.

Tillagan var til sýnis á skrifstofum sveitarfélaganna sem standa að svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, hjá Skipulagsstofnun á Laugavegi 166 í Reykjavík á skrifstofutíma og á skrifstofu SSH í Kópavogi að Hamraborg 9, 2. hæð til 23. apríl 2008. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu Kópavogs, www.kopavogur.is, undir liðnum Framkvæmdir/skipulagi>bæjarskipulag>skipulag í kynningu.

Samvinnunefnd um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001-2024.

FASTEIGNIR

RE/MAX
Lind**Þegar hægir á þarf hraðar hendur****Gunnar Valsson & teymi**Gunnar
Sölustjóri
822 3702
gv@remax.isVignir
Sölufulltrúi
865 4039
vignir@remax.isÞórarinn
Sölufulltrúi
770 0309
th@remax.isKristján
Sölufulltrúi
899 5300
kk@remax.isSkúli Örn
Sölufulltrúi
897 0798
skuli@remax.isSigurður
Lögg. fast.
896 2312
sigsam@remax.is**HRINGDU NÚNA**
822 3702
Kíktu á www.eignaleit.is

FLORENCE NIGHTINGALE LÉST
PENNAN DAG ÁRIÐ 1910.

„Konur hafa enga samúð
og mín reynsla af konum er
næstum jafn stór og Evrópa.“

Florence Nightingale var frumkvöðull í hjúkrun og er meðal annars þekkt fyrir að lækka dánartíðni særðra manna í Krímsríðinu sem háð var á árunum 1853-1856.



ÞETTA GERÐIST: 13. ÁGÚST 1918

Fyrst kvenna í landgönguliðið

Ráðherra bandaríska sjóhersins leyfði konum að ganga til liðs við landgöngulið bandaríska flotans til að gegna skrifstofustörfum árið 1918.

Opinberlega var Opha Mae Johnson fyrsta konan til að ganga til liðs við landgönguliðið. Hún var fyrst um þrjú hundruð kvenna sem skráðu sig árið 1918 en konur tóku við skrifstofustörfum af sjóhermönnum sem voru tilbúnir að berjast erlendis.

Opha Mae var skráð sem varaliðsmaður undir flokki F sem var fyrir konur. Konur voru



settar í þann flokk því þær fengu ekki að fara í stríð jafnvel þótt þeim væri hleypt inn í landgönguliðið. Það var ekki fyrr en á fimmta áratugnum að konur í landgönguliðinu fengu að berjast.

Skráning Ophu í landgönguliðið kom um hálfri öld eftir að Susan B. Anthony barðist fyrir réttindum kvenna og tuttugu árum eftir að Alice Paul barðist fyrir sams konar réttindum. Fljótlega var litið á Ophu sem annað dæmi um konu sem barðist fyrir kvenréttindum.

MERKISATBURDIR

- 1900 Minnisvarði um Otto Wathne er afhjúpaður á Seyðisfirði.
- 1950 Minningarhátíð um Jón biskup Arason er haldin á Hólum í Hjaltadal og minnismerki sem er 27 metra hár klukkuturm er vígt.
- 1957 Urho Kekkonen, forseti Finnlands, kemur í sjö daga opinbera heimsókn til Íslands.
- 1987 Kringlan opnuð. Um fjörtíu þúsund manns komu í húsið fyrsta daginn.
- 1992 Um sex hundruð manns sækja fyrsta útibíðið hér á landi í Borgarnesi.
- 1993 Bíómyndin Jurassic Park frumsýnd á Íslandi. Fyrstu tvo mánuðina sáu um 74 þúsund manns myndina.

tímamót

timamot@frettabladid.is

AFMÆLI



PÁLL BERGÞÓRSSON veðurfræðingur er 85 ára.




SIGRÍÐUR DÚNA KRISTMUNDSDÓTTIR mannfæðingur er 56 ára.



EINAR ÁGÚST VÍÐISSON söngvari er 35 ára.



AGNAR JÓN EGILSSON leikstjóri er 35 ára.



ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐIN Mun rísa á lóð við sundlaugina.

Ný íþróttamiðstöð á Dalvík

Fyrsta skóflustunga að nýrri byggingu íþróttamiðstöðvar á Dalvík, sem mun rísa á lóð við sundlaugina, var tekin nýverið.

Tréverk ehf. átti lægsta tilboð í verki og skrifuðu Svanfríður Jónasdóttir, bæjarstjóri í Dalvíkurbyggð, og Björn Friðbjólfsson, framkvæmdastjóri Tréverks, undir samninginn að skóflustungu lokinni.

Bjarni Gunnarsson,

íþrótt- og tólmstunda-fulltrúi Dalvíkurbyggðar, sagði langþráðum áfanga nú náð þegar fyrirséð væri að heimamenn fengju nýja íþróttamiðstöð til afnota og að sú gamla væri barn síns tíma.

Íþróttamiðstöðin og Sundlaugin verða með sameiginlegan forsal og einnig verður tengibygging við kjallara sundlaugarbyggingarinnar.



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

Jónína S. Snorradóttir

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund laugardaginn 9. ágúst.

Snorri Aðalsteinsson
Eggert Aðalsteinsson
Gunnar Aðalsteinsson

Martha Sverrisdóttir
Guðrún E. Bjarnadóttir
Guðbjörg Guðmundsdóttir
og barnabörn.

Fallegir legsteinar á góðu verði

Englasteinar

Helluhrauni 10 Hafnarfirði
Sími: 565-2566
www.englasteinar.is



INGVAR TEITSSON Leiðsegir fólki í hundrað ára afmælisgöngu á Herðubreið í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS

HERÐUBREIÐ: GENGIN Í HUNDRÆÐ ÁR

Göngudrama varð að ástarsögu

Herðubreið verður gengin í dag í tilfni af því að hundrað ár eru liðin frá því að fyrsta gangan sem vitað er um fyrir víst var farin upp fjallið. Ferðafélag Akureyrar býður upp á þessa afmælisgöngu í samstarfi við Ferðafélag Íslands.

„Herðubreið sem er nú svolítið sérstakt fjall hefur ákveðinn sess í hugum fólks enda er þetta nú þjóðarfjallið síðan 2002,“ segir Ingvar Teitsson, fararstjóri í afmælisgöngunni. „Fyrir okkur Ferðafélagsmenn á Akureyri er þetta fjall sérstakt og meðal annars er það í skjaldarmerki okkar.“

Ingvar segir að í gönguna fyrir hundrað árum hafi tveir menn farið, þeir Hans Reck sem var þýskur jarðfræðingur og leiðsögumaðurinn Sigurður Sumarliðason frá Bitrugerði við Eyjafjörð. „Þeir gengu Herðubreið því þeir voru að leita að Þjóðverjum sem hurfu í Óskju árið áður. Með þeim var kona sem var unnusta annars þeirra sem fórst í Óskjuni 1907,“ segir Ingvar og bætir við að hún hafi staðið fyrir því að farið var til Íslands til að kynna sér aðstæður og á leiðinni inn í Óskju var farið um Herðubreiðarlindir og gíst þar.

„Þeim leist vel á Herðubreið og ákváðu að prófa að ganga hana. Þeir fundu leiðina vestan á fjallið sem farin er í dag og komust upp,“ upplýsir Ingvar og útskýrir að einungis sé einn staður fær upp þjóðarfjallið okkar og það sé í vesturhlíð þess.

Ingvar segir að Þjóðverjarnir hafi haldið áfram að Óskju eftir að Herðubreið var gengin. „Þeir voru þar í nokkra daga að leita en fundu nákvæmlega ekkert. Eftir það var unnustunni ljóst að það var ekkert meira í þessu að gjöra,“ útskýrir Ingvar og heldur áfram: „Hennar unnusti var farinn og eins og segir í málshættinum: Alltaf má fá annað skip og annað



HERÐUBREIÐ Er 1.682 metra há og stundum kölluð Drottning örefanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

föruneysi því að hún giftist fljótlega eftir heimkomuna þýska jarðfræðingnum sem fyrstur gekk á Herðubreið,“ segir Ingvar og bætir við að dramað í göngunni hafi því endað sem hálfgerð ástarsaga.

Hans Reck og föruneysi völdu nokkuð góðan tíma til að ganga Herðubreið því að sögn Ingvars er best að fara upp seinni part sumar. „Því ef að er sæmilega hlýtt og ekki hefur verið mjög snjópungt veturinn áður er snjórinn farinn úr uppgöngunni og þá er þetta svo sem hættulítið ef farið er að með gát.“

Aðspurður segir Ingvar gönguna

mjög tilkomumikla. „Spennan við að fara upp Herðubreið er tvenns konar, bæði er spurningin hvort einhverjir erfíðleikar verði vegna klaka og grjóthrus og þegar komið er upp á tind er spurning hvort eitthvað annað en þoka sést,“ segir Ingvar og bætir jukust ferðir upp á hana að sögn Ingvars. „Þá vissu menn hvar átti að fara og ferðunum fjölgaði og núna er hún býsna fjölfarin.“

martaf@frettabladid.is



LIFANDI BÓKASAFN. LÆF mun standa fyrir lifandi bókasafni á menningarnótt. Bækurnar eru lifandi einstaklingar sem lesandinn getur fengið að láni í stuttan tíma.

MYND/WWW.AESKA.IS

LÆF opnar gagnvirkan vef

Landssamband æskulýðsfélaga, skammstafað LÆF, opnaði formlega Æskulýðsgáttina www.aeska.is í gær á alþjóðadegi unga fólksins. Þess var einnig minnst við það tækifæri að fimmtíu ár eru liðin frá stofnun Æskulýðssambands Íslands og var hinn nýi vefur opnaður af fyrrverandi formanni þess, Herði Gunnarssyni. Vefurinn www.aeska.is er gagnvirkur. Þar eru birtar upplýsingar um fjölmargt sem að æskulýðsmál-

um lýtur, skipan æskulýðsnefnda, styrki til æskulýðsstarfs og viðburðadagatal þeirra félaga sem mynda sambandið. Nú eru þar 24 félög af pólitískum og trúarlegum toga, ungliðahreyfing Rauða krossins, stúdentafélög og félög framhaldsskólanema, bindindisfélög og skiptinemasamtök. „Við vonum að félögum fjölgi enn,“ segir Agnar Bragi Bragason, framkvæmdastjóri LÆF.

- gun

NAFNIÐ MITT: ÁSA BALDURSDÓTTIR

Millinafnasamkeppni í gangi fyrir stórafmælið


„Ég er skirð í höfuðið á ömmu minni. Það eru nokkrar Ásur í fjölskyldunni minni en flestar eru líka með millinafn,“ segir Ása Baldursdóttir, blaðamaður á 24 stundum. Ása segist oft hafa ihugað að kaupa sér millinafn þar sem nafnið hennar er með stysta móti. „Það er í gangi millinafnasamkeppni meðal vinahópsins til að reyna að finna millinafn fyrir mig sem ég gæti keypt mér í þritugsafmælisgjöf. Það verður svo atkvæðagreiðsla á þeim topp fimm millinöfnum sem koma til greina sem mér verður afhent á sjálfan afmælisdaginn,“ segir Ása.

Hún lendir stundum í því að fólk heldur að nafn hennar sé stytting á nafninu Ás-

gerður en sú er ekki raunin.

Ása hefur alla tíð verið ánægð með nafnið sitt og þegar hún var í sex ára bekk var endalaust verið að lesa bækur um hana. „Það vissu allir hvað ég hét af því að við vorum alltaf að lesa um Ásu sem borðaði ís og Ásu sem rólaði,“ segir Ása og hlær.

Erlendis hefur hún lent í smávægilegum vandræðum með nafnið sitt. „Ég var í ljósmyndanámi í Danmörku þar sem nafnið mitt er borið fram Asse og í skólanum var ég oft kölluð 400 Asse, en það var allt í lagi því með mér í náminu var sænskur strákur að nafni Kalle og hann var kallaður framkalle.“



Ása hefur alla tíð verið hæstánægð með nafnið sitt. „Það er stutt og laggott,“ segir hún.



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðlaug Petrea Hansdóttir

Fellaskjoli, Grundarfirði,

sem lést á krabbameinsdeild Landspítalans við Hringbraut aðfaranótt sunnudagsins 10. ágúst, verður jarðsöngin frá Grundarfjarðarkirkju laugardaginn 16. ágúst kl. 14.00.

Gunnar Erling Sigurjónsson

Porsteinn Björgvinsson

Guðlaug Kristín Björgvinsdóttir

Hanna G. I. Björgvinsdóttir

Kristján Björgvinsson

Smári Björgvinsson

Helga Stolzenwald

Einar Ingi Jónsson

Hlynur Jörundsson

Helena M. Jónsd.

Stolzenwald

Reynir Björgvinsson

Trausti Grundfjörð Björgvinsson

Smári Örn Árnason

Bergljót Kristjánsdóttir

ömmubörn og langömmubörn.



Innilegar þakkir ferum við öllum þeim, sem auðsýndu okkur samúð sína og hluttekningu við fráfall

Brynju Benediktsdóttir

leikstjóra,

með kortum, skeytum, blómasendingum og heimsóknunum. Fyrir hönd fjölskyldu hinnar látnu, eiginmaður, sonur, tengdadóttir og þrjár sonardætur. Erlingur Gíslason.



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Björn Steinar Guðmundsson

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 9. ágúst. Útförin fer fram í Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 15. ágúst kl. 13.00.

Anna Stefanía Þorvaldsdóttir

Guðmundur Ellert Björnsson

Björn Stefán Björnsson

Þórunn Anna Björnsdóttir

Sigurbjörg Árný Björnsdóttir

Linda Jafetsdóttir

Friðbjörn Marteinsson

Vígfús Davíðsson

barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Fjóla Veronika Bjarnadóttir,

Jaðarsbraut 23-5, Akranesi,

andaðist á Sjúkrahúsi Akraness 10. ágúst. Útförin fer fram frá Akranesarkirkju föstudaginn 15. ágúst kl. 14.

Hinrik Haraldsson

Haraldur V. Hinriksson

Bjarney R. Hinriksdóttir

Alex Hinrik, Hjörvar og Húgó Haraldssynir.

Hrönn Hafliðadóttir



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ingunn Sveinsdóttir

frá Sveinstöðum, Skólastíg 14a, Stykkishólmi,

verður jarðsöngin frá Stykkishólmskirkju, föstudaginn 15. ágúst kl. 14.00.

Valgerður Valtýsdóttir

Sveinlaug Salóme Valtýsdóttir

Rut Meldal Valtýsdóttir

Guðmundur Valur Valtýsson

Valtýr Friðgeir Valtýsson

Gylfi Haraldsson

Steinunn Dóra Garðarsdóttir

Ásdís Geirsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Páll H. Pálsson

Bólstaðarhlíð 41, Reykjavík,

verður jarðsöngin frá Háteigskirkju, fimmtudaginn 14. ágúst 2008 kl. 13.00. Blóm eru afþökkuð en þeim sem vildu minnast hans er bent á minningarsjóði Kiwanishreyfingarinnar eða Frímúrarareglunnar.

Bryndís Guðmundsdóttir

Hildur Pálsdóttir

Gísli Pálsson

Katrín Pálsdóttir

Ingibjörg Pálsdóttir

Birna Pálsdóttir

Hafsteinn Garðarsson

Steinar Berg Ísleifsson

Helgi Pétursson

barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Rósa Eiríksdóttir

Hæðargarði 33, áður Miðdal í Kjós, andaðist á hjúkrunarheimilinu Sóltúni aðfaranótt mánudagsins 11. ágúst.

Davíð Guðmundsson

Fanney P. Davíðsdóttir

Hulda Þorsteinsdóttir

Kristín Davíðsdóttir

Guðbjörg Davíðsdóttir

Katrín Davíðsdóttir

Sigríður Davíðsdóttir

Guðmundur H. Davíðsson

Eiríkur P. Davíðsson

Aðalsteinn Grímsson

Gunnar R. Magnússon

Sigurður Ingi Geirsson

Gunnar Guðnason

Svanborg A. Magnúsdóttir

Solveig U. Eysteinsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Ólöf Jóhannesdóttir

Oddeyrgötu 12, Akureyri,

sem andaðist að Dvalarheimilinu Hornbrekku, Ólafsfirði, hinn 5. ágúst, verður jarðsöngin frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 14. ágúst kl. 13.30. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar láti Dvalarheimilið Hornbrekku njóta þess.

Sigurbjörg Unnur Þengilsdóttir

Stefán Ásberg Jóhannes Þengilsson

Jón Martein Þengilsson

Guðmundur Þengilsson

og fjölskyldur þeirra.

Seselía María

Gunnarsdóttir

Erla Vilhjálmssdóttir



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýðug við andlát og útför ástkæru eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Rannveigar Lilju

Sveinbjörnsdóttir / Lilly

Keldulandi 13, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks líknardeildar í Kópavogi og deildar 11E á Landspítala við Hringbraut. Guð blessi ykkur öll.

Pétur Bjarnason

Sveinbjörn Fjölfnir Pétursson

Þóra Birna Pétursdóttir

Fjóla Pétursdóttir

Olga Björk Pétursdóttir

Birna Imsland

Júníus Guðjónsson

Pétur Sverrisson

Sigurður Sigurþórsson

barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.

6

millj

5 ónir!

Nú er potturinn sjöfaldur
og stefnir í **65 milljónir**.
Ekki vitlaust að fá sér miða á
lotto.is eða á næsta sölustað!



Salou

12.-19. sept.

frá kr. 54.990

Vikuferð með hálfu fæði - aðeins örfá herbergi í boði!

Terra Nova býður frábært sértílbóð á vikuferð til Salou á Spáni 12. september. Salou er einn allra fallegasti bær Costa Dorada strandarinnar, sunnan Barcelona. Þar er Port Aventura, stærsti og glæsilegasti skemmtigarður Spánar. Stórkostlegar strendur, fjölbreytt aðstaða, úrval veitingastaða og lífríkt næturlíf. Í boði er gisting á Hotel California Garden og Hotel Villa Romana, tveimur af okkar vinsælustu hótélum í Salou.



Frábær sértílbóð

Hotel Villa Romana ****
Hotel California Garden ***

Kr. 54.990

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel California Garden *** með hálfu fæði í 7 nætur. Sértílbóð 12.-19. september.

Kr. 64.990

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Villa Romana **** með hálfu fæði í 7 nætur. Sértílbóð 12.-19. september.

Terra Nova
PRIMERA GROUP

Skógarhlíð 18 · 105 Reykjavík
Sími: 591 9000 · www.terranova.is
Akureyri sími: 461 1099

Birt með fyrirvara um prentvillur. Terra Nova áskilur sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara



NOKKUR ORÐ Sunna Dís Másdóttir

Að tengjast eða ekki tengjast

Mér var tjáð um daginn að net- og tölvufíklar brygðu nú margir á það ráð að kasta af sér vatni í tómar gosflöskur og gera hægðir sínar í pitsukassa á meðan setið væri við tölvuna. Það hræðir mig. Net- og tölvufíkn hræðir mig líka. Mér finnst svo óskaplega skrýtið að fólk verði svo háð tölvum og interneti að það geti ekki aftengst netheiminum og því sem þar gengur á, verði að vera svona tengt öðrum fíklum í gegnum spjallrásir eða leiki eða hvað þetta nú allt saman er. Og að á meðan þörfin til að vera tengdur er svona mikil kemur hún í veg fyrir að fólk tengist einhverju öðru í raunveruleikanum.

Ég sá myndina Wall-E líka um daginn. Hún hreyfði við mér á margvíslegan hátt, eins og svo mörgum öðrum. Sú framtíðarsýn sem þar kom fram höfðar ekki sérstaklega til mín. Þar eru mennirnir allir tengdir, stöðugt tengdir, við skjái

og vefverslanir og fá allt sem hugsast getur upp í hendurnar með því að ýta á takka. Þegar tvær þessara mannvera verða algjörlega óvart fyrir því að snerta hendur hvor annarrar krysbregður báðum. Húð er orðin framandi og það er vélmenni sem kennir mannverunum um tilfinningar sem við tengjum öll við mannshjartað.

Ég er fyrst núna að uppgötva vefi eins og Facebook og Myspace. Þó að ég segi fólki að það sé bara sökum almennrar tregðu er það ekki alveg satt. Ég forðaðist þá eins og heitan eldinn. Mannleg samskipti geta verið erfið og snúin. En að þora að tengjast öðru fólki, án þess að skýla sér á bak við tölvuskjá, síma eða smáskilaboð, er það sem gerir lífið þess virði að lifa að mínu mati. Ég vil alltaf vera tengd – og plastflöskulaus.



myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli




■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



NÝTT!
Lögin beint inn í iTunes og á iPod

Fyll'ann takk!



Frá 79.00 krónum lagið

Vertu tilbúinn í sumarfríð!

Á Tónlist.is getur þú nálgast yfir 50.000 lög og fyllt spilarann þinn af toppónlist. Allt efni á Tónlist.is er ólæst (DRM laust) og kostar frá 79 krónum lagið. Þannig getur þú fært tónlistina hindrunarlaust á milli tölvunnar, spilarans og farsímans.

Tónlist.is

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið

> EKKI BEYONCÉ

Litla systir Beyoncé, **Solange Knowles**, kveðst stanslaust snúa út úr spurningum blaðamanna um eldri systur hennar. „Stundum segi ég að hún sé ekki systir mín, stundum að ég hafi troðið henni í tösku og sent hana til Dubai. Ég verð að hlæja að þessu, annars breytist ég í Britney – raka hárið af mér og missi vitið,“ segir Solange, sem er augljóslega þreytt á spurningunum.



Britney aftur á VMA?

Britney Spears kemur fram í auglýsingum fyrir MTV Video Music Awards. Þar má sjá poppstjörnunna grínast og glensa með kynni hátíðarinnar, breska grínistanum Russell Brand. Ekki er vitað hvort þátttaka Britneyjar í auglýsingunum þýði að hún muni koma fram á hátíðinni, en söngkonan er tilnefnd til tvennra verðlauna – fyrir besta popptónlistarmyndbandið og besta myndband tónlistarkonu.

Framkoma Britneyjar þykir til marks um að hún sé betur stödd í lífinu en fyrir ári síðan, þegar hún flutti lagið Piece of Me á hátíðinni við vægast sagt hörmulegar undirtektir – enda virtist hún undir áhrifum sterkra lyfja og haltraði og valt um sviðið á meðan hún hreyfði varirnar í takt við lagið. Í auglýsingunum, þar sem Britney spjallar við Russell, gleymir nafninu hans og klípur grínistann,

sjást skötujuín sitja á bekk, en við hlið þeirra stendur fíll – sem á eflaust að skírskota til mistaka Britneyjar árinu áður. Það þykir sýna, frekar en nokkuð annað, að söngkonan hafi húmor fyrir sjálfri sér og mistökum síðasta árs og geti hlegið að því sem á undan er gengið.

Stuðningsmenn Britneyjar fagna framtakinu, þar sem hún þykir koma afar vel fyrir. „Hún lítur virkilega vel út í myndbandinu og virðist hafa lagt alla erfiðleikana að baki sér,“ segir heimildarmaður The Sun.

VMA-hátíðin fer fram í Los Angeles 7. september næstkomandi.

EFTIRMINNILEGT ATRÍÐI Britney Spears vakti mikla og neikvæða eftirtekt á MTV VMA-hátíðinni í fyrra, en þykir nú hafa náð að leggja erfiðleikana að baki.



fólk

folk@frettabladid.is

ÓMAR GUÐJÓNSSON Ómar heldur útgáfutónleika í Iðnó í kvöld til að fagna útkomu annarrar sólóplötu sinnar, Fram af.



Ómar fagnar nýrri plötu

Gítarleikarinn Ómar Guðjónsson heldur útgáfutónleika í Iðnó í kvöld klukkan 21 til að fagna sinni annarri sólóplötu, Fram af. Hún er jafnframt fyrsta íslenska gítartríóplatan sem er hljóðrituð og gefin út hér á landi, þ.e. með gítar, bassa og trommum. Hún inniheldur níu lög eftir Ómar og eru þau eins konar blanda af rokki, poppi og djasstónlist. Auk Ómars eru hljóðfæraleikarar á plötunni þeir Matthías Hemstock, trommuleikari, og Þorgrímur Jónsson á kontrabassa. Fyrsta sólóplata Ómars, Varma land, kom út árið 2003 og hlaut tvær tilnefningar til Íslensku tónlistarverðlaunanna.



TROPIC THUNDER Ben Stiller leikstjóri og fer með aðalhlutverkið í myndinni Tropic Thunder.

Geðfatlaðir mótmæla

Fulltrúar geðfatlaðra Bandaríkjamanna hafa mótmælt sýningu kvikmyndarinnar Tropic Thunder í leikstjórn Bens Stiller. Telja þeir að í myndinni sé gert lítið úr þeim sem glími við slíka fötlun.

„Okkur finnst orðið „vangefinn“, sem er notað allavega fimmtán sinnum í myndinni, sýna að þeim standi á sama um það fólk sem á við andlega fötlun að etja,“ sagði talsmaður Special Olympics-hópsins. „Við viljum að Hollywood hætti að koma svona illa fram við þennan þjóðfélagsþóp.“ Framleiðandi myndarinnar, Dreamworks, segir að aldrei hafi staðið til að gera lítið úr eða skaða geðfatlað fólk í myndinni.



VERTU TILBÚINN Í SKÓLANN

ÚTILÍF

SMÁRALIND SÍMI 345 1500 • GLASIBÆ SÍMI 345 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 345 1500

Nýtt í bíó

LAUGARAS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

GET SMART ★★★★★
Tommi - kvímyndir.is

MUMIAN ★★★★★
Ángir J - DV

THE DARK KNIGHT ★★★★★ 1/2

WALL-E ★★★★★
Disney Pixar

SÝNINGARTÍMAR

GET SMART	kl. 3.30, 5.45, 8 og 10.15	L
MUMIAN 3	kl. 8 og 10.15	12
WALL-E - ISLENSKT TAL	kl. 4 og 6	L
THE DARK KNIGHT	kl. 4, 7 og 10	12

SAMBÍÓNN

STÆRSTA OPINUN Á ÍSLANDI FYRR OG SÍÐAR
★★★★★

STÆRSTU OG BESTU ÆVINTÝRIN ERU EINFALDEGA ÓDAUDLEGI!
★★★★★

56.000 manns á 20 dögum.

ALFABAKKA			SELFOSS		
GET SMART	kl. 1:30 - 3:50 - 5:50D - 8D - 10:30D	L	GET SMART	kl. 8 - 10:20	7
THE MUMMY 3	kl. 5:40 - 8 - 10:30	12	LOVE GURU	kl. 8	12
DARK KNIGHT	kl. 2 - 5 - 8 - 10:50	12	DARK KNIGHT	kl. 10	12
DARK KNIGHT	kl. 2 - 5 - 8 - 10:50	VIP	MAMMA MÍA	kl. 5:40	L
WALL-E m/isl. tali	kl. 1:30 - 3:40	L	WALL-E m/isl. tali	kl. 5:50	L
WALL-E m/ensku tali	kl. 6:10 - 8:20 - 10:30	L	AKUREYRI		
MAMMA MÍA	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8	L	GET SMART	kl. 6 - 8 - 10:20	L
LOVE GURU	kl. 10:30	12	WALL-E m/isl. tali	kl. 6	L
KUNG FU PANDA m/isl. tali	kl. 1:30 - 3:40	L	THE MUMMY 3	kl. 8	12
			DARK KNIGHT	kl. 10:20	12
KRINGLUNNI			KEFLAVÍK		
GET SMART	kl. 3:30D - 5:40D - 8D - 10:20D	L	GET SMART	kl. 5:45 - 8 - 10:20	7
X-FILES 2	kl. 8D - 10:10D	16	THE MUMMY 3	kl. 8	12
THE MUMMY 3	kl. 5:50 - 8	12	WALL-E m/isl. tali	kl. 5:45	L
WALL-E m/isl. tali	kl. 3:40D - 5:50D	L	THE STRANGERS	kl. 10:20	16
DARK KNIGHT	kl. 10:10	12			
KUNG FU PANDA m/isl. tali	kl. 3:40	L			

Fair Trade búðinni lokað

Þeir sem hafa átt leið hjá Fair Trade búðinni á Klapparstíg á síðustu dögum gætu hafa rekið augun í auglýsingu þar sem eigendur verslunarinnar óska eftir aðstoð við rekstur hennar. „Málin standa einfaldlega þannig að við neyðumst til þess að loka um mánaðamótin nema einhver annað hvort taki við versluninni eða komi inn í reksturinn með okkur,“ segir Ásdís Einarsdóttir, einn af þremur eigendum búðarinnar.

„Við erum þrjár í þessu, ég, móðir mín og systir. Við opnuðum búðina fyrir ári síðan en hún hefur ekki gengið eins vel og við vonuðumst til og reksturinn er orðinn of þungur fyrir okkur þrjár.“ Ásdís segir að þær mæðgur hafi farið út í rekstur búðarinnar af hugsjón einni saman og allar vinna þær önnur störf samhliða því að reka búðina. „Okkur fannst vanta svona verslun hingað til lands og héldum að Íslendingar væru orðnir nógu meðvitaðir um Fair Trade-hugtakið til að búðin gæti gengið,“ segir Ásdís og bætir við að upphaflega hafi þær einungis



SAMAN Í VIÐSKIPTUM Mæðgurarn Ásdís Einarsdóttir og Harpa Einarsdóttir reka Fair Trade búðina saman. Á myndina vantar Brieti Einarsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ætlað að koma búðinni á laggirnar og staðið hafi til að samtök, líkt og Fair Trade-samtökin erlendis, myndu taka við rekstri hennar. „Margir viðskiptavinir okkar hafa látið í ljós vonbrigði sín yfir því að við skulum vera að loka.

Okkur finnst þetta sjálfum mjög leiðinlegt enda erum við mjög stoltar af litlu búðinni okkar og þeim vörum sem við bjóðum upp á. En enn sem komið er getur allt gerst. Við vonum bara það besta,“ segir Ásdís að lokum. - sm



Hrafnhildur Hafsteinsdóttir, eiginkona Bubba og fyrrum fegurðardrottning, spjallaði við Jóhönnu. Hún hyggst gefa skart sitt úr Ungfrú Alheimskeppinni 1995. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Frú Vigdís Finnbogadóttir mætti ekki tómhent á fundinn í gær.

NÝTT Í BÍÓ!

TIL AÐ FINNA SANNALEIKANN VERÐUR ÞÚ AÐ TRÚA!

MULDER OG SCULLY ERU MÆTT AFTUR Í FRÁBÆRRI SPENNUMYND Í ANDA PÁTTANNA.

SKRAPP ÚT
...filgúdd mynd. Húmorísk, elskuleg saga með góðum lýktum og breskum persónum - R.B.B., F.B.L.

STARSTU OG BESTU ÆVINTÝRIN ERU EINFALDEGA ÓDAUDLEGI!

WALL-E
...meistarverk. - New York Magazine

MAMMA MÍA
FINASTA SKEMMTUN. MYNDIN ER SKEMMILEG OG NÓTALEG. - MANNLÍF

MEET DAVE
EIN BESTA MYND ALDRANHVARI EF ÞU SÍÐUR TRÓUSTRUÐUR AÐ HVAÐ ER ÞETTA MYND!

LOVE GURU
SKEMMILEGA SKRITINGARFRÓVÍSI MYNDIÐ ER SEM MANNI LEIÐSÍÐAREIÐ

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000			REGNBÖGINN Sími 551 9000 650 kr.		
X-FILES	kl. 5:40 - 8 - 10:20	16	LOVE GURU	kl. 6 - 8 - 10	12
X-FILES LÚXUS	kl. 5:40D - 8D - 10:20D	16	THE STRANGERS	kl. 6 - 8 - 10	16
SKRAPP ÚT	kl. 6 - 10	12	HELLBOY 2	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12
THE MUMMY 3	kl. 8D - 10:30D	12	MAMMA MÍA	kl. 5:30 - 8 - 10:30	L
THE LOVE GURU	kl. 4 - 8	12			
WALL-E ISL. TAL	kl. 3:30D - 5:45D	L			
MAMMA MÍA	kl. 5:30D - 8D - 10:30D	L			
MEET DAVE	kl. 3:30	7			

allar myndir - allar sýningar - alla daga í allt sumar

HÁSKÓLA BÍÓ Sími 530 1919			BORGAR BÍÓ Sími 462 3500		
X-FILES	kl. 5:40 - 8 - 10:20	16	X-FILES	kl. 6 - 8 - 10	16
SKRAPP ÚT	kl. 6 - 10	12	SKRAPP ÚT	kl. 10:10	12
THE DARK KNIGHT	kl. 6 - 9	12	THE LOVE GURU	kl. 6	12
MAMMA MÍA	kl. 5:30 - 8 - 10:30	L	MAMMA MÍA	kl. 8	L

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞU KAUPIR BÍÓMIÐANNA Á **mid.is** FÆRD 5% ENDURGREITT EF ÞU BORGAR BÍÓMIÐANNA MED KREDITTRÖRTI AUKAKRÖNUR



Arnar Gunnlaugsson, fyrirsætan Sóley Kristjansdóttir og Baldur Þórhallsson voru á meðal viðstaddra.

Góðir gáfu í gær til styrktar jemenskum stúlkum

Fyrsti glæsimarakaður landsins verður haldinn í Perlunni hinn 30. ágúst. Þar verður mikið úrval af vönduðum, notuðum flíkum, skarti og ýmsum öðrum fallegum munum, en allur ágóði markaðarins rennur í uppbyggingu skóla fyrir börn og konur í Jemen. Ýmsir þjóðþekktir einstaklingar mættu á sérstakan blaðamannafund sem haldinn var í gær og komu þeir flestir færandi hendi. Það var Jóhanna Kristjansdóttir, stofnandi Fatimusjóðsins, sem tók við framlögum fólks í gær.

Numan kveikti neistann

Tónlistarmaðurinn Jósef Karl Gunnarsson, eða Wanker of the 1st Degree eins og hann kallar sig, hefur gefið út plötuna Retrograde. „Þetta er fyrsta platan sem ég ákveð að selja því ég hef bara gert plötur fyrir vini mína,“ segir Jósef, sem byrjaði fyrir alvöru að semja tónlist fyrir fjórum árum. Síðustu þrjú ár hefur hann gefið út plötu á afmælisdegi sínum 10. ágúst en nú vildi hann ganga skrefinu lengra. Retrograde hefur að geyma tölvupopp í anda niúnda áratugarins og komst Jósef á bragðið þegar hann heyrði þátt Sigurjóns Kjartanssonar um tónlistarmanninn Gary Numan. „Ég keypti allt eftir hann og síðan fór



WANKER OF THE 1ST DEGREE Fyrsta stóra plata Jósefs Karls Gunnarssonar, Retrograde, er komin út.

maður að hlusta á þessa „eitís“ tónlist,“ segir hann. Listamannsnafið Wanker of the 1st Degree varð til þegar Jósef tók þátt í Músiktilraunum á síðasta ári eftir áskorun vinar síns. „Mér fannst ekki nógu gott að vera bara Jósef K. Það er persóna í bók eftir Franz Kafka sem heitir Jósef K og breskt band heitir þetta líka. Þessi sami vinur stakk upp á nafninu sem var eftir samnefndu lagi af plötunni sem ég „gaf út“ 2006, Brain Supercharger. Mér fannst þetta passa við. Þetta er nafn fyrir einn mann,“ segir Jósef. Nánari upplýsingar um Wanker of the 1st Degree má finna á síðunni www.myspace.com/josefkarl. - fb

GEFÐU BARNINU ÞÍNU FORSKOT



Leiðbeinandi verð
**AÐEINS
kr. 990**

**Flokkur bóka sem ætlað er að örva börn
á aldrinum 3–5 ára og búa þau undir skólagöngu.**

Bækurnar styðja viðleitni foreldra til að kenna
ungum börnum sínum að lesa og þekkja tölur og talnagildi.

Skemmtileg verkefni og markvissar leiðbeiningar á hverri síðu.

Límmiðar eru notaðir til að umbuna fyrir vel unnið verk.

Stjörnubækurnar taka mið af námskrám á leikskólastigi og fyrstu stigum grunnskóla.

Höfundar eru reyndir kennarar og hafa samið barnabækur og námsefni handa börnum.

JPL

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

> Valsstúlkur illviðráðanlegar

Valur vann Keflavík 9-0 í Landsbankadeild kvenna á Vofafonevelli í gærkvöld. Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði tvö mörk og Rakei Logadóttir, Málfriður Erna Sigurðardóttir, Katrín Jónsdóttir, Dóra María Lárusdóttir, Sophia Mundy, Kristín Ýr Bjarnadóttir og Sif Atladóttir skoruðu eitt mark hver. Þetta var 23. sigurleikur Valsstúlkna í röð í deildinni og 33. leikur liðsins án taps þar í röð. Valsstúlkur töpuðu síðast fyrir rúnum tveimur árum, fyrir Breiðablik 2-1 á Kópavogsvelli. En Breiðablik er einmitt síðasta liðið til þess að ná jafn mikilli sigurhrinu og Valsstúlkur. Breiðablik vann 23 leiki í röð á árunum 1995-1997.



sport
sport@frettabladid.

ÓLAFUR JÓHANNESSON LANDSLIÐSÞJÁLFARI: VALDI TUTTUGU MANNA HÓP FYRIR LEIK Á MÓTI ASERBAÍDSJAN

Valdi Eið Smára en er ekki búinn að tala við hann

Ólafur Jóhannesson, landsliðsþjálfari karla í knattspyrnu, valdi tvo nýliða í tuttugu manna hóp fyrir vináttuleik á móti Aserbaísjan sem fram fer á Laugardalsvelli eftir viku. Nýliðarnir eru Hólmar Örn Rúnarsson úr Keflavík og Jóhann Berg Guðmundsson úr Breiðabliki en sá síðarnefndi er ekki orðinn átján ára gamall.

„Ég vil meina að við eigum að setja þá kröfu á okkur að vinna þennan leik. Það væri gott veganesti að vinna þennan leik og fara með þann sigur inn í næstu leiki á móti Skotlandi og Noregi,“ sagði Ólafur. Ólafur segist hafa farið vel yfir leik liðsins í sex vináttuleikjum ársins. „Ég hef að mestu leyti verið á hækjum í allt sumar og hef því haft nógna tíma til að fara yfir leiki liðsins á árinu. Mér finnst vera ákveðin þróun í liðinu og markmiðið er það að liðið verði tilbúið að fara inn í þessa HM-leiki þar sem menn eru klárir á sínum stöðum og vita hvað ég er að fara fram á,“ segir Ólafur, sem var þó ekki ánægður með síðasta leik á móti Wales í maí.



„Mér finnst hafa verið stífgandi í þessu en Wales-leikurinn var mikil vonbrigði. Þegar ég skoðaði hann betur þá verð ég að viðurkenna það. Vonandi komumst við aftur á gott ról,“ segir Ólafur. Hann valdi tvo nýliða að þessu sinni sem báðir spila hér heima. „Þeir hafa staðið sig mjög vel með sínum liðum báðir tveir og ég gef þeim tækifæri á að koma inn núna. Það er erfitt að skilja menn eftir og það eru margir mjög góðir fótboltamenn fyrir utan hópinn,“ segir Ólafur en hann gaf það þó upp að stór hluti þessa hóps eru þeir leikmenn sem hann ætlar að byggja á í verkefnum haustsins.

Ólafur valdi Eið Smára Guðjónsen í hópinn og hann ætti að vera laus þar sem þetta er opinber landsleikjadagur. „Ég hef ekkert rætt við Eið Smára og á eftir að gera það. Hann er liðinu geysilega mikilvægur og án nokkurs vafa besti fótboltamaður okkar Íslendinga. Hann þarf að vera í góðu lagi þegar hann spilar með okkur til þess að hann nýtist vel,“ segir Ólafur sem boðar jafnvel meiri sóknarleik hjá liðinu. „Það gæti vel verið að við myndum tefla aðeins djarfar núna,“ sagði Ólafur að lokum.

LANDSLIÐSHÓPURINN

Ólafur Jóhannesson hefur valið 20 manna hóp fyrir vináttuleik á móti Aserbaísjan í næstu viku.

Markverðir:

Kjartan Sturluson	Valur
Stefán Logi Magnússon	KR

Varnarmenn:

Hermann Hreiðarsson	Portsmouth
Kristján Örn Sigurðsson	Brann
Grétar Rafn Steinsson	Bolton
Ragnar Sigurðsson	Gautaborg
Birkir Már Sævarsson	Brann
Bjarni Ólafur Eiríksson	Valur

Miðjumenn

Stefán Gíslason	Bröndby
Ólafur Ingi Skúlason	Helsingborg
Aron Einar Gunnarsson	Coventry
Pálmi Rafn Pálmason	Stabæk
Hólmar Örn Rúnarsson	Keflavík

Sóknarmenn:

Eiður Smári Guðjónsen	Barcelona
Gunnar Heiðar Þorvaldsson	Esbjerg
Marel Jóhann Baldvínsson	Breiðablik
Emil Hallfreðsson	Reggina
Theodór Elmar Bjarnason	Lyn
Arnór Smáráson	Heerenveen
Jóhann Berg Guðmundsson	Breiðablik



ÓRN Ætlar að setja sundið í þriðja sæti eftir að hafa lokið keppni í Peking.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Örn Arnarson lauk keppni: **Skólinn fer nú í fyrsta sætið**

PEKING 2008 Örn Arnarson lauk keppni á Ólympíuleikunum í gær þegar hann varð í 49. sæti af 64 keppendum í 100 metra skriðsundi. Örn kom í mark á 50,68 sekúndum, sem er nokkuð frá hans besta tíma sem er 49,97 sekúndur. Þetta var hugsanlega síðasta sund Arnar á Ólympíuleikum.

„Á þessum leikum hefði ég þurft að keppa í 85 metra sundi. Þá hefði ég verið helvíti góður,“ sagði Örn, sem gaf verulega eftir síðustu fimmtán metrana líft og í síðasta sundi. „Annars get ég ekki kennt þjálfaranum um því þá væri ég að kenna sjálfum mér um.“

Örn hefur nú tekið þátt í þrennum Ólympíuleikum. Hann heldur á laugardaginn heim til Íslands og í kjölfarið til Danmerkur þar sem hann fer í skóla og mun keppta með liði skólans að minnsta kosti einn vetur. Erum líkur á því að hann þúfi áfram og mæti næst til London?

„Maður veit aldrei hvað manni dettur í hug. Maður á aldrei að segja aldrei. Ég hætti eftir síðustu leika og byrjaði svo aftur. Það verður bara að ráðast hvað ég geri en skólinn fer í fyrsta sætið, vinnan í annað og sundið í það þriðja. Það verður mikil breyting enda sundið alltaf verið númer eitt,“ sagði Örn.

- hbg

Strákarnir okkar til alls líklegir

Íslenska handboltalandsliðið vann frækinn sigur á heimsmeisturum Þjóðverja, 33-29, í Peking í gær. Strákarnir hafa því unnið tvo fyrstu leiki sína á leikum og tróna á toppi B-riðils. Kóreubúar bíða handan við hornið.

PEKING 2008 Ef mið er tekið af frammistöðu strákanna okkar í fyrstu tveim leikjum liðsins á ÓL eru þeir til alls líklegir. Heimsmeistarar Þjóðverja voru teknir í gegn í gær en Ísland vann sanna-gjarnan fjögurra marka sigur,33-29. Þetta er í fyrsta skipti sem Ísland leggur ríkjandi heimsmeistara á stórmóti.

Strákarnir voru smá tíma í gang en eftir að vörnin small í girinn, með nýliðann Ingimund Ingimundarson fremstan á meðal jafningja, var aldrei spurning hvornig leikurinn færi. Þjóðverjar áttu engin svör við stórkostlegum varnarleik íslenska liðsins.

Á hinum enda vallarins fóru íslensku strákarnir einnig á kostum með fjölbreyttum sóknarleik og mörkum í öllum regnbogans litum. Strákarnir misstu þriggja marka forystu niður strax í upphafi síðari hálfleiks en brotdu ekki þó svo þeir lentu undir heldur eflust við hverja raun, stígu aftur



SIGUR Í HÖFN Allur íslenski bekkurinn stökk á loft þegar sigur á Þjóðverjum í gær var í höfn. Frá vinstri fagna Sigfús Sigurðsson, Ásgeir Örn Hallgrímsson, Óskar Bjarni Óskarsson aðstoðarþjálfari, Róbert Gunnarsson og Snorri Steinn Guðjónsson sigrinum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ÓL Í PEKING

Handbolti:

Ísland - Þýskaland 33-29 (17-14)
Mörk Íslands (skot): Snorri Steinn Guðjónsson 8/4 (11/4), Guðjón Valur Sigurðsson 7 (8), Alexander Petersson 5 (7), Ólafur Stefánsson 4 (7), Arnór Atlason 4 (10), Logi Geirsson 3 (6), Róbert Gunnarsson 2 (2).
Varin skot: Hreiðar Guðmundsson 7 (21/1) 33%, Björgvin Gústavsson 6/1 (21/2) 29%.
Hraðauppflaup: 10 (Alexander 4, Guðjón 2, Arnór 2, Snorri, Logi).
Fiskuð víti: 4 (Róbert 3, Ingimundur).
Útan vallar: 2 mínútur.
Mörk Þýskalands: Krauss 13, Glandorf 8, Hens 2, Schwarzer 2, Jansen 2, Kehrmann 2.
Varin skot: Johannes Bitter 11, Henn, Fritz 4.
Hraðauppflaup: 5
Útan vallar: 12 mínútur (Zeitz rautt).

á bensínið, fóru fram úr og litu aldrei til baka.

Leikurinn var lengstum eins og stríð þar sem Þjóðverjar beittu bolabroögðum gegn íslensku víkingunum, sem lömdu hressilega frá sér í stað þess að væla. Grófir Þjóðverjar sáu um allt vælið enda vissu þeir vart hvornig ætti að bregðast við öflugri mótspyrnu Íslendinga.

Það hefur verið aðdáunarvert að fylgjast með íslensku liðinu í þessum tveim leikjum sem búnir eru á Ólympíuleikunum. Liðsheiðin er ótrúlega sterk og hefur

ekki verið svona sterk lengi. Það eru allir að spila sem ein heild og liðið hreinlega geislar af sjálfs- trausti og leikgleði. Það er morgunljóst að Guðmundur hefur undirbúið liðið frábærlega enda tala allir leikmenn um hversu góður og markviss undirbúningurinn hafi verið.

Vörnin hefur fengið nýtt líf með Ingimundi sem nær vel saman með Sverre. Snorri spilar eins og sá sem valdið hefur og Alexander Petersson hefur einnig verið ótrúlegur á báðum endum vallarins. Ótrúlega drifandi og lunkinn leik-

maður sem á engan sinn líkan. Markverðirnir hafa verið misjafnir en þó staðið upp á örlagastundum og varið.

Þó svo þessir séu teknir út eru nákvæmlega allir í hópnum að leggja þung lód á vogarskálarnar. Haldi liðið áfram á sömu braut eru því allir vegir færir.



HENRY BIRGIR GUNNARSSON Skrifar frá Peking henry@frettabladid.is

Guðmundur Guðmundsson og Ólafur Stefánsson:

Þetta gerist ekki sætara

PEKING 2008 „Þetta var alveg svakalegur sigur og ekki á hverjum degi sem við leggjum heimsmeistara á Ólympíuleikum. Þetta gerist ekki sætara,“ sagði kampakátur landsliðsþjálfari, Guðmundur Guðmundsson.

„Ég er mjög ánægður með leik okkar og fyrir utan upphafið gekk okkar áætlan upp. Baráttan var frábær, við vorum „aggressívir“ og þeir réðu ekki við það,“ sagði Guðmundur, sem hafði áhyggjur af vörninni fyrir mót en hún hefur sprungið út hér í Peking.

„Við erum ekki að fá tvær mínútur að öþörfu eins og Þjóðverjar. Varnarleikurinn er agaður og við verðum að halda þessu áfram en þetta er svakariðill og allir leikir verða áfram erfiðir,“ sagði Guðmundur. „Þetta var alveg æðislegt. Við erum að sýna flotta frammistöðu hérna og allt mjög jákvætt. Við höfum vaxið og erum bara gott lið,“ sagði fyrirliðinn Ólafur Stefánsson og brosti út í annað.

„Það eru allir klárir í liðinu og þessi sigur lofar góðu. Nú þurfum við að leggja næstu þrjá leiki upp þannig að þeir séu æfingaleikir fyrir átta liða úrslitin. Hugsu að þetta séu allt úrslitaleikir og því verðum við klárir þegar kemur að sjálfum átta liða úrslitunum en þangað ætlum við,“ sagði Ólafur.

- hbg



KÁTIR Guðmundur landsliðsþjálfari og Snorri Steinn Guðjónsson voru kampakátir í leikslok í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Guðjón Valur Sigurðsson:

Teipið hélt hjá Guðjóni Vali

PEKING 2008 „Eftir fyrstu 10-15 mínúturnar sáuð við að við þurftum að vera miklu grimmar í vörninni til þess að stoppa Glandorf og Hens. Það er ljótt að segja það en við græðum á því þegar Þjóðverjar missa Hens meiddan af velli,“ sagði Guðjón Valur Sigurðsson, sem spilaði lengstum sárþjáður gegn Þjóðverjum en beit á jaxlinn og spilaði frábærlega. Hann hefur verið í stífri meðferð vegna öklameiðsla sinna undandarið.

„Ég fékk högg í lok fyrri hálfleiks og svo aftur aðeins í síðari hálfleik en teipið hélt. Ég vil nota tækifærið og þakka Gauta, Pétri, Ingu og Brynjólfi fyrir frábært starf og ekki síður þolinmæði. Þau hafa verið með mig í 3-4 tíma á dag í meðhöndlun og allir eflaust löngu komnir með leið á mér,“ sagði Guðjón og glotti. „Þetta fólk á heiður skilinn enda að vinna frábært starf.“

- hbg



BESTI TÍMINN HANS Í ÁR Jakob Jóhann Sveinsson sést hér á fleygiferð í 200 metra bringusundinu á Ólympíuleikunum í Peking. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Jakob Jóhann Sveinsson: Á heima meðal þeirra bestu

PEKING 2008 Jakob Jóhann Sveinsson var aftur mjög svekktur með sjálfan sig eftir að hafa orðið 38. af 52 keppendum í 200 metra bringusundi í gær. Jakob synti á 2:15,58 mínútum, sem er hans besti tími á árinu en nokkuð frá Íslandsmeti hans.

„Þetta var ekki nógu gott. Þegar ég ætlaði að keyra upp hraðann eftir 100 metra var ég ekkert að komast hratt. Ég komst bara ekki hraðar né fram úr þeim sem var fremstur. Ég hélt að ég væri hraðari,“ sagði Jakob, sem telur sig vera betri en úrslitin sýni.

„Ég hef verið að æfa með Evrópumethafanum og öðrum og verið að synda svipað og þeir. Ég fer hraðar þegar ég nær kraftinum upp. Ég á heima meðal þeirra bestu. Ég veit það alveg,“ sagði Jakob Jóhann kokhraustur. - hbg

Danir lágu í því í gær: Kóreumenn eru ógnarsterkir

PEKING 2008 Kóreubúar sýndu og sönnuðu í gær að þeir tefla fram frábæru handboltaliði. Suður-Kóreumenn gerðu sér þá lítið fyrir og skelltu Evrópumeisturum Dana með einu marki, 31-30, í frábærum leik.

Kóreubúar náðu yfirhöndinni um miðbik síðari hálfleiks og það var ekki síst stórleik Suyong Jung að þakka að Kórea vann leikinn. Sá drengur fór gjörsamlega hamföllum í leiknum, skoraði níu mörk og þar á meðal sigurmarkið. Lítil og snöggur strákur sem minnir um margt á hinn frábæra Kang sem Íslendingar muna eflaust vel eftir.

Kóreumenn velgdu Þjóðverjum einnig undir uggu í fyrsta leiknum en þeir spila gríðarlega „aggressívan“ varnarleik og ótrúlega hraðan og lifandi sóknarleik. Er því ljóst að íslenska liðið þarf toppleik í fyrramálið til að stöðva Kóreu, sem er aftur komin með lið í heimsklassa. - hbg

Frjálsíþróttafólkið hefur síðast keppni á Ólympíuleikunum þar sem Þórey Edda Elísdóttir setur nýtt met:

Reynsluboltinn og nýliðarnir tveir

FRJÁLSAR Íslenska frjálsíþróttafólkið er síðast til að hefja keppni á Ólympíuleikunum í Peking. Stefán Jóhannsson segir Ísland senda flottan hóp á leikana en keppendum í frjálsum hefur fjölgað um einn frá því á leikunum í Aþenu fyrir fjórum árum.

„Í frjálsum íþróttum þarft þú að vera framar en í mörgum öðrum greinum því tímaseðillinn er þannig að það mega ekki vera of margir í hverri grein. Lágmarkin eru því mjög ströng í frjálsum. Það er því frábært fyrir þessa krakka að hafa náð þessum lágmarkum. Þau hafa öll sýnt feykilegan dugnað við að vinna sig upp,“ segir Stefán, annar þjálfari hópsins í Peking.

Þórey Edda Elísdóttir hefur glímt við erfið meiðsli í þrjú ár, Ásdís Hjálmsdóttir fór í aðgerð á kasthendi sinni fyrir rúmu hálfu ári og þurfti síðan líkt og Bergur Ingi Pétursson að bæta sig mikið til þess að ná lágmarkinu.

Þórey Edda Elísdóttir keppir í stangarstökki á þriðju leikunum í röð. Hún varð í 22. sæti er hún stökk 4,00 metra í Sydney 2000 en náði síðan stórglæsilegum árangri á síðustu leikum í Aþenu er hún stökk 4,55 metra og tryggði sér fimmta sætið.

„Þórey hefur verið að glíma við meiðsli en það er vonast til þess að hún sé að jafna sig af þeim. Hún hefur verið að gera mjög margt til þess að ná sér góðri og hefur kostað mikið til þess,“ segir Stefán um Þóreyju.

„Hún er gífurlega keppnisreind og það kemur henni til góða á þessum leikum. Það skiptir miklu máli að hún sé að stökkva sársaukafritt og finni sig vel því ef hún gerir það á hún að geta gert stóra og góða hluti. Þórey hefur sýnt það að hún er einn besti íþróttamaður okkar frá upphafi. Hún vill kveðja vel og ég vona að henni takist það,“ segir Stefán.

Hann segir að markmiðið hljóti að vera metnaðarfullt þrátt fyrir meiðsli. „Þórey Edda er búin að fara yfir 4,30 í sumar en við vitum að hún getur farið miklu hærra. Ef hún nær sér sæmilega heilli þá á hún að geta farið mjög hátt. Hún hefur verið í úrslitum á

FIMMTA SÆTI Þórey Edda Elísdóttir náði bestum árangri Íslendinga á síðustu Ólympíuleikum þegar hún endaði í 5. sæti í stangarstökki kvenna.

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR



ÍSLENSKI KRAFTURINN Kastarnir og nýliðarnir Bergur Ingi Pétursson og Ásdís Hjálmsdóttir.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

bæði heimsmeistaramótum og Ólympíuleikum og hún heldur áfram að setja það markmið að komast í úrslit. Það þarf samt eiginlega allt að ganga upp til þess að fólk fari í úrslit,“ segir Stefán.

Íslendingar senda nú tvo kastara til leiks á Ólympíuleikum en enginn kastari var með á Ólympíuleikum í Aþenu fyrir fjórum árum sem voru þá fyrstu Ólympíuleikarnir í 40 ár þar sem enginn íslenskur kastari var með.

Bergur Ingi Pétursson tekur þátt í sleggjukasti fyrstur Íslendinga á Ólympíuleikum og Ásdís Hjálmsdóttir verður fyrsta íslenska konan í tuttugu ár til þess að

kasta spjóti á leikumum, eða síðan að Íris Grönfeldt náði 26. sæti í Seúl 1988.

„Ég er alveg viss um að þetta verði ekki síðustu leikarnir hjá Ásdís og Bergi og ég tel að þau eigi bæði bjarta framtíð fyrir sér,“ segir Stefán. Stefán býst við góðri frammistöðu hjá þeim báðum. „Ásdís hefur sannað það að hún er stórmótamanneskja og ég á alveg eins von á því að hún kasti mjög vel á þessu móti. Hún er númer 33 í heiminum í dag og ég sagði þegar hún kastaði spjótinu 59,80 metra að þá hefði hún kastað sér úr alþjóðlegum klassa upp í heimsklassann,“ segir Stefán en Ásdís fór í aðgerð í nóvember.

„Það er dugnaður hennar og atorkusemi sem hefur orðið til þess að hún er búin að ná sér svona vel,“ segir Stefán. Hann vonast til að sjá Ásdís fara í úrslit. „Takmarkið er að kasta vel. Við vitum það að ef hún kastar vel og hittir á sitt besta þá getur hún alveg farið í tólf manna úrslit. Hún getur líka orðið tuttugasta en takmarkið er

aðallega að kasta vel,“ segir Stefán.

Bergur Ingi Pétursson hefur eins og Ásdís bætt sig mikið á þessu ári. „Bergur þurfti að bæta sig verulega til þess að komast á Ólympíuleikana og hann hefur gert það. Þetta ár hefur verið stórglæsilegt hjá honum og ég veit að hann hefur æft mjög vel. Hann er búinn að bæta Íslandsmetið um fleiri, fleiri metra,“ segir Stefán, sem játar að hann hafi mjög gaman af að fylgjast með honum í keppni.

„Bergur er orðinn virkilega skemmtilegur keppnismaður. Möguleikarnir hjá honum eru mjög góðir og ég hef trú á því að hann setji Íslandsmet miðað við hvernig hann kastaði á meistaramótinu. Hann verður að kasta 76 metra til þess að eiga möguleika á að komast í úrslitin en ég er ekki frá því að hann eigi möguleika á því. Hann getur verið hæstánægður ef hann nær að setja Íslandsmet,“ segir Stefán.

ooj@frettabladid.is

Sundkonan Ragnheiður Ragnarsdóttir er bjartsýn þrátt fyrir erfiðleika í undirbúningi fyrir Ólympíuleikana: Kjúklíngalappirnar voru ekki gómsætar

PEKING 2008 Ragnheiður Ragnarsdóttir stingur sér til sunds í Peking í dag er hún tekur þátt í 100 metra skriðsundi. Það er önnur af tveimur greinum sem Ragnheiður tekur þátt í en hún mun einnig synda 50 metra skriðsund.

„Mér líður mjög vel en þetta hefur verið svolítið erfiðt síðustu vikur. Fyrst voru þjálfaraskipti hjá mér og svo hefur verið erfiðt að aðlagast hitanum og tímamismuninum. Þess utan lenti ég í því úti í Singapore fyrir leikana að léttast svolítið þar sem maturinn var ekki alveg að gera sig. Kjúklíngalappirnar voru til að mynda ekki mjög gómsætar. Ég er búin að ná því aftur og er að jafna mig,“ sagði Ragnheiður og bætti við að maturinn í Ólympíuþorpinu væri aftur á móti mjög góður. „Ég er nokkuð bjartsýn á að ná



RAGNHEIÐUR Keppir í Peking í dag í 100 metra skriðsundi. Hún lætur hnökra á undirbúningnum ekkert á sig fá. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

mínum besta tímum hér og þá helst fyrir 50 metra sundið. Hef verið að einbeita mér meira að því enda er það seinna sundið mitt og mér gekk ekki vel í fyrra sundinu í Aþenu,“ sagði Ragnheiður, sem segist ekki vera eins stressuð núna og hún var í Aþenu fyrir fjórum árum.

„Það er samt alltaf smá spennan og maður titrar þínu að vera komin í nýjan laug og nýja heimsklassu. Ég er mikið í slökun og hugleiðingu til þess að róta taugarnar,“ sagði Ragna, sem lenti í þirrandi uppákomu á æfingu.

„Ég passaði ekki alveg í sundgallann sem ég var að fara í og hann rifnaði í tvennt þegar ég var að fara í hann. Ég reyni samt að láta svona litla hluti ekki trufla mig of mikið,“ sagði Ragnheiður. - hbg

VIÐ PRENTUM Á GOLFBOLTA

Ný kúla

Dimplit 1070

Ef þú kaupir 120 bolta þá er prentunin fri.

Golfgjafavörur. Verðlaunagripir.

HÖFUM EINNIG Á LAGER:

ZINGESTONE, Titleist, Nike, Callaway

MARKO MERKI
AUGLÝSINGAVÖRUR
www.marko.is/565-1999

> Jennifer Love Hewitt

„Þátturinn kennir okkur að lífið er einstakt og maður verður að nota tímann vel. Við verðum að láta fólk vita að við elskum það og biðjast fyrirgefningar áður en það er um seinan,” segir Hewitt um þáttinn Ghost Whisperer sem sýndur er á Stöð 2 í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ SÓLMUNDUR HÓLM HORFIR Á TÍU BESTU

Óláníð elti atvinnumennina okkar

Ég hef séð nokkra af þáttunum Tíu bestu á Stöð 2 sport. Þeir þættir sem ég hef horft á hafa verið afbragðs skemmtun og gaman að fá að vita hversu góðir gömlu reynslu-boltarnir voru í raun og veru. Pétur Pétursson markahæstur í Evrópu, það er ekkert grín. Arnór bestur í Belgíu, Ásgeir Sigurvinsson að rúlla upp Bundesligunni, Siggi Jóns við það að brillera í Arsenal.

Flestir eiga þessir atvinnumenn þó eitt sameiginlegt: Þeir hefðu getað náð miklu lengra. Ásgeir Sigurvinsson var reyndar farsæll og heppinn, Albert Guðmunds líka sem og Guðni Bergs. Flestir hinir hafa einhverja dramatíska sögu að segja. Seldir milli klúbba, þjálfarinn vildi ekki sjá þá. Samningsbundnir klúbbum sem vildu ekki nota þá. Erfið meiðsl, rangar ákvarðanir og sukk.

Á heildina litið hefur óheppni einkennt íslenska atvinnumenn þar til nú, þó að ekki séu þeir allir heppnir. Við erum sífellt að eignast fleiri farsæla atvinnumenn og er það vel.

Dæmi um það eru Hermann Hreiðarsson, Ívar Ingimarsson, Eiður Smári og Brynjar Björn. Eflaust er það vegna þess að nú eru komnir til sögunnar íslenskir umboðsmenn, og auðvitað meira aðgengi að fréttum úr boltanum.

Þessir þættir eru vel unnir en þó er eitt sem ég vildi sjá betur fara. Ég vil fleiri og fjölbreyttari viðmælendur. Það eru alltaf þeir sömu sem koma fyrir í hverjum þætti, auk kannski tveggja nýrra. En á móti kemur spurningin: Við hverja ætti að tala? Jú, kannski gamla liðsfélaga sem eru ekki í sviðsljósinu nú til dags. Bara dæmi. En annars eru þetta flottir þættir.



EIÐUR SMÁRI Farsæll atvinnumaður.

EKKI MISSA AF



▶ **20.00 Employee of the Month** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.15 Newlywed, Nearly Dead** STÖÐ 2



▶ **20.30 Special Unit 2** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.35 Less Than Perfect** SKJÁREINN



▶ **20.50 Hvaða Samantha? (Samantha Who)** SJÓNVARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

- 07.30 ÓL í Peking Samantekt (13:45)
- 08.15 ÓL í Peking Fimleikar, liðakeppni kvenna
- 10.25 ÓL í Peking Sund, undankeppni
- 11.35 ÓL í Peking Fótballi karla
- 13.30 ÓL í Peking Handbolti karla
- 15.10 ÓL í Peking Dýfingar karla
- 16.15 ÓL í Peking Samantekt (14:45)
- 17.00 ÓL í Peking Samantekt (15:45)
- 17.50 Tákn málsfréttir
- 18.00 Disneystundin Nýi skólinn keisarans, Sígdardar teiknimyndir, Finnir kostur.
- 18.54 Víkingalottó
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.00 Afríka heillar (Wild at Heart II)
- ▶ 20.50 Hvaða Samantha? (Samantha Who?) (2:15)
- 21.15 Heimkoman (October Road II)
- 22.00 Tíufréttir
- 22.20 Ólympíukvöld (5:16)
- 22.40 Sumarið '67 (Summer of Love)
- 23.35 Kastljós (e)
- 00.00 ÓL í Peking Júddó, úrslit
- 01.35 ÓL í Peking Ýmsleigt
- 01.55 ÓL í Peking Sund úrslit
- 03.55 ÓL í Peking Badminton
- 05.40 ÓL í Peking Handbolti karla, upphitun fyrir leik Íslands og Kóreu.
- 05.50 ÓL í Peking Handbolti karla, Ísland-Kórea

BÍÓ

- 08.00 Fjölskyldubíó: The Ant Bully
- 10.00 Beauty Shop
- 12.00 Employee of the Month
- 14.00 Field of Dreams
- 16.00 Fjölskyldubíó: The Ant Bully
- 18.00 Beauty Shop
- ▶ 20.00 Employee of the Month Rómantísk gamanmynd vinnufélaga sem keppa um að titillinn starfsmaður mánaðarins til að ganga í augun á stelpu.
- 22.00 Primal Fear
- 00.10 Die Hard
- 02.20 Waiting
- 04.00 Primal Fear

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2 Firehouse Tales, Smá skritirn foreldrar og Kalli kanína og félagar.
- 08.15 Oprah
- 08.55 Í fínu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.35 La Fea Más Bella
- 10.20 Sisters (9:24)
- 11.20 Logi í beinni
- 12.00 Hádegisfréttir
- 12.45 Neighbours
- 13.10 Sisters (2:28)
- 13.55 Grey's Anatomy (30:36)
- 14.40 How I Met Your Mother (8:22)
- 15.05 Friends (9:24)
- 15.30 Friends (10:24)
- 15.55 Skrímslaspilið
- 16.18 BeyBlade
- 16.43 Tommi og Jenni
- 17.08 Ruff's Patch
- 17.18 Tracey McBean
- 17.28 Bold and the Beautiful
- 17.53 Neighbours
- 18.18 Markaðurinn og veður
- 18.30 Fréttir
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.15 Víkingalottó
- 19.20 Veður
- 19.30 The Simpsons (7:25)
- 19.55 Friends (1:24)
- ▶ 20.15 Newlywed, Nearly Dead (3:13) Gagnlegir þættir þar sem við sjáum nýgift hjón í kreppu fá all nýstárlega aðstoð frá færum hjónabandsráðgjöfum.
- 20.40 Hotel Babylon (1:8)
- 21.30 Ghost Whisperer (39:44) Jennifer Love Hewitt snýr aftur í hlutverki sjáandans Melindu Gordon.
- 22.15 Oprah
- 23.00 Grey's Anatomy (31:36)
- 23.45 The Tudors (2:10)
- 00.40 Women's Murder Club (8:13)
- 01.25 Moonlight (12:16)
- 02.10 Crossing Jordan (7:21)
- 02.55 The Closer (3:15)
- 03.40 Beyond Re-Animator
- 05.15 The Simpsons (7:25)
- 05.35 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

besta sætið

- 18.00 Landsbankamörkin 2008 Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilprifin í umferðinni skoðuð í þessum magnaða þætti.
- 19.00 Standard Liege – Liverpool
- 21.00 Twente – Arsenal
- 22.40 PGA Tour 2008 - Hápunktar Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.
- 23.35 Players Championship Á Heimsmótaröðinni í póker setjast snjöllustu póker-spilalar heimans að spillaborðinu og keppa um stórar fjárhæðir.

00.25 Standard Liege – Liverpool

SPORT 2

enski boltinn

- 18.00 Premier League World 2008/09 Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum.
- 18.30 PL Classic Matches Liverpool – Arsenal, 01/02. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnlegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
- 19.00 Coca Cola mörkin Öll mörkin úr ensku 1. deildinni skoðuð í bak og fyrir.
- 19.30 PL Classic Matches Liverpool – Manchester Utd, 01/02. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnlegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
- 20.00 PL Classic Matches Everton – Liverpool, 00/01. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnlegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
- 20.30 Bestu leikirnir Útsending frá frábærum leik Tottenham og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni.
- 22.10 Masters Football Gömlu brýnin leika listir sínar, stjörnur á borð við Matt Le Tissier, Glen Hoddle, Ian Wright, Paul Gascoigne, Lee Sharpe, Jan Mølby og Peter Beardsley. UK Masters cup er vinsæl mótaröð en þar taka þátt 32 lið skipuð leikmönnum sem gerðu garðinn frægan á árum áður í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

- 07.15 Rachael Ray (e)
- 08.00 Dr. Phil (e)
- 08.45 Vörutorg
- 09.45 Óstöðvandi tónlist
- 16.20 Vörutorg
- 17.20 Style Her Famous (e)
- 17.45 Dr. Phil Dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál og gefur góð ráð.
- 18.30 Rachael Ray Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
- 19.20 Design Star (e)
- 20.10 What I Like About You (6:22) Gamansería um tvær ólíkar systur sem búa saman í New York.
- ▶ 20.35 Less Than Perfect Bandarísk gamansería sem gerist á fréttastofu bandarískrar sjónvarpsstöðvar þar sem stór egó og svikult starfsfólk kryddar tilveruna. Claude Casey hefur unnið sig upp metorðastigann en það eru ekki allir á fréttastofunni hrifnir af henni. Hún er orðin von því að fást við snobbaða samstarfsmenn sem gera allt sem í þeirra valdi stendur til að losna við hana.
- 21.00 Britain's Next Top Model (6:12) Bresk raunveruleikasería þar sem leitað er að efnilegum fyrirsætum. Stúlkumar níu sem eftir eru læra ný dansspor og þær bestu fá að koma fram sem dansarar á tónleikum. Síðan sitja þær fyrir í myndatöku fyrir plötuumslag og besta myndin verður notuð.
- 21.50 Sexual Healing (4:9) Í þessari þáttaröð fá áhorfendur að fylgjast með dr. Luru Berman hjálpa þörum sem komin eru í kynlífskrísu. Í hverjum þætti kynnumst við þremur þörum og fylgst er með þeim í ráðgjöfinni og hvernig þeim gengur að framkvæma „heimaverkefni“ sem þeim eru sett fyrir.
- 22.40 Jay Leno
- 23.30 Eureka (e)
- 00.20 Da Vinci's Inquest
- 01.10 Vörutorg
- 02.10 Óstöðvandi tónlist

SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 Fréttir og Að norðan Endurtekið á klukkutíma fresti til kl 12.15 daginn eftir

N4 Sjónvarp Norðurlands

Digital Ísland rás 15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SPORT



CHAMPIONS LEAGUE

KOMAST
ENSKU LIÐIN
ÁFRAM?

Í KVÖLD KL. 18:25



TWENTE – ARSENAL

Í KVÖLD KL. 19:05



STANDARD LIEGE – LIVERPOOL



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.40
Hótel Babylon

Lífið á Hótel Babylon gerist skrautlegra og meira spennandi með hverri þáttaröðinni. Þættirnir gerast á hóteli fina og fræga fólksins í London. Charlie Edwards er þar orðinn hótelstjóri og sér til þess hvern dag að starfsfólkið hafi hugann við það þrennt sem öllu máli skiptir, þjónustu, þagmælsku og þjófnefni. Þessi þriðja séria sló þeim fyrri við í áhorfi í Bretlandi og þykir hún vera sú besta til þessa.



► **VIÐ MÆLUM MED**
Primal Fear
STÖÐ 2 BÍÓ KL. 22.00.

Primal Fear er kvikmynd frá 1996. Hér segir frá hrokafullum lögmanni sem tekur að sér að verja kórdreng sem er sakaður um að hafa myrt kápólskan prest. Þetta er ein af fyrstu kvikmyndunum sem leikarinn Edward Norton lék í en hann fékk Óskarstilnefningu fyrir hlutverkið. Fjöldi frægra leikara leikur í myndinni, s.s. Richard Gere, Laura Linney, Frances McDormand og John Mahoney.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin	15.30 Dr. RÚV
06.50 Bæn	16.00 Síðdegisfréttir
07.30 Fréttayfirlit	16.13 Flækjngur
08.00 Morgunfréttir	17.03 Víðsjá
08.30 Fréttayfirlit	18.00 Kvöldfréttir
09.05 Okkar á milli	18.25 Spegillinn
09.45 Morgunleikfimi	18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
10.13 Viltu syngja minn söng?	19.00 Á sumarvegi
11.03 Samfélagið í nærmynd	19.40 Tónlist úr þularstofu
12.00 Fréttayfirlit	20.00 Leynifélagið
12.02 Hádegisútlarp	20.30 Tímakorn
12.20 Hádegisfréttir	21.10 Út um græna grundu
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar	22.12 Orð kvóldsins
13.00 Hádegisleikhúsið: Dauði trúðsins	22.15 Kvóldsagan: Min liljan fríð
13.15 Á sumarvegi	22.45 Saga Blue Note útgáfunnar
14.03 Bravó, bravó!	23.30 Loftbelgur
15.03 Útlarpssagan: Barnið og tíminn	00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

16.00 Hollyoaks Bresk unglingsápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.

16.30 Hollyoaks

17.00 Seinfeld (7:24)

17.30 Special Unit 2 (11:19)

18.15 Skins (7:9)

19.00 Hollyoaks

19.30 Hollyoaks

20.00 Seinfeld (7:24) Seinfeld er uppstandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er svo smámunarsamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góðan vínahóp sem er álíka duttlungafullur og hann sjálfur.

► **20.30 Special Unit 2** (11:19) Gaman-samir bandarískir spennuþættir þar sem við fylgjumst með sérdeild sem rannsakar allra óvenjulegustu mál sem lögreglan þarf að hafa afskipti af, mál sem oftast en ekki eru af yfirmáttúrulegum toga.

21.15 Skins (7:9) Átakanleg bresk séria um hóp unglunga sem reynir að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturfjaneyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglungum í dag.

22.00 Canterbury's Law (4:6) Elizabeth Canterbury er eldklár verjandi sem vilar ekki fyrir sér að sniðganga lögin þegar frelsi skjólstaðinga hennar er í húfi.

22.45 Moonlight (12:16) Mick St. John er sjarmerandi, dáleiðandi og ódauðlegur einkaspejari sem býr og starfar í Los Angeles. Hann stríðir gegn öllu því sem aðrar vampírur standa fyrir með því að nota yfirmáttúrulega hæfileika til að hjálpa hinum dauðlegu.

23.30 Twenty Four 3 (12:24)

00.15 Myndbönd frá Skífan TV

INN

20.00 Mér finnst... Umsjón: Kolfinna Baldvinsdóttir og Ásdís Olsen. Gestir: Húgó Þórisson, Elísabet Jökulsdóttir og Elly Ármann.

21.00 Nútímafólk Umsjón: Randver Þorláksson.

21.30 Hvað ertu að hugsa? Umsjón: Guðjón Bergmann. Gestur: Jón Vigfús Bjarnason, skólastjóri Hraðlestrarskólans.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

14.30 NI HAO OL hnjdepunkter **15.30** Skæg með tal **15.55** Gurli Gns **16.00** NI HAO OLI dag **16.30** TV Avisen **17.05** Hercule Poirot **18.00** Søren Ryge præsenterer **18.30** Ellens 100 ár **19.00** TV Avisen **19.25** NI HAO afternOL **20.20** En sag for Frost **22.00** Onsdags Lotto **22.05** Seinfeld **22.30** En sag for Frost **00.10** Conviction **01.00** NI HAO OL direkte **05.00** NI HAO OL direkte

NKI

09.10 Sommer-OL í Beijing **11.00** Sommer-OL í Beijing. Håndball Norge-Kasakhstan, kvinner **12.50** Sommer-OL í Beijing. Fotball Kina-Brasil, menn **13.40** Sommer-OL í Beijing **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Fifi og blomsterbarna **16.10** Gnottene **16.40** Distriktsheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Sommer-OL í Beijing. OL-studio **18.55** Distriktsheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** Vikinglotto **19.45** House **20.30** Kaoskontroll **21.00** Kveldsnytt **21.15** Hva skjedde med Madeleine? **22.25** Atomspionasje. Handelsreisende i terror **23.15** St. Elmo's Fire

SVT 1

10.00 Sommar-OS í Peking **16.00** En hundsaga **16.15** Bosse bogserbåt **16.30** Hej hej sommar **16.31** Lilla Melodifestivalen. Artisterna 2007 **16.50** Det femte väderstreet **17.00** Blue water high **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Den olympiska studion **19.30** Olssons studio **20.00** Den inre fienden **20.50** Rapport **21.00** Sommar-OS í Peking **00.55** Sommar-OS í Peking **04.00** Sommar-OS í Peking



Vegg og loftljós á kr. 3.000.-



Borðstofuborð og stólar



Sófasett, sófaborð og hægindastólar



Eldhúsborð og stólar



Garðhúsgögn



Skenkar og stofustáss



Hönnun á heimsmaelivarða

ekki missa af þessu



Einstakt tækifæri til að eignast vandað innbú

15-60%


...af öllum vörum í EXÓ

Reykjavík / Oslo



Fákafen 9
Sími: 568 2866
exo@exo.is
www.exo.is

GAMLA MYNDIN



„Þessi mynd var tekin árið 1978 þegar ég var í hljómsveitinni Júdas. Mér finnst eins og myndin hafi verið tekin fyrir framan Hofteig þar sem ég bjó. Maður var ekki að reyna að fela það að maður notaði gleraugu, á þessum tíma mátti það alveg sjást.“

Magnús Kjartansson tónlistarmaður.

Kunnuglegur kynningartexti

„Já, ég renndi yfir heimasíðu þeirra og hlýtt að dást að liprum og léttum texta en furða mig á hversu kunnuglega hann hljómar,“ segir Viktor Sveinsson, hjá ferðaskrifstofunni Óriental.

Kynningartexti á heimasíðu Vitferða, nýrrar ferðaskrifstofu, er þannig að texti á síðu Óriental hlýtur að vera



HELGI EYSTEINSSON
Ætlar að hafa samband við Viktor og biðja hann persónulega afsökunar á textastuldi.

hafður til hlidsjónar: „Þegar kemur að afþreyingu er af nógu að taka því fyrir utan það að sleikja sólargeislana í ægifygru umhverfinu má meðal annars gleyma sér í spa-dekri, [...] Ekki má svo gleyma því að falla fyrir sjarmerandi söluþólki með því að gera reyfarakaup á heimagerðum hand- og listmunum.“

Sjálfur skrifaði Viktor á síðu sinnar ferðaskrifstofu fyrir ári: „Á Balí kemstu ekki hjá því að gleyma þér í spa-dekri alla daga, að minnsta kosti tvisvar á dag. Þú rambar inni leyndardómsfulla hindúamessu á miðnætti í dulúðugu hverfi, og hugleiðir að skipta um trú. Þú lærir á brimbretti og þeysir yfir flottustu öldutoppa Asíu. Þú getur ekki annað en gert reyfarakaup á handgerðum list- og skrautmunum, og fallið fyrir sjarmerandi söluþólki...“

Frankvæmdastjóri Vitferða er Helgi Eysteinnsson sem segir verktaka hafa ritað textann. „Jú, þarna er að finna ansi frjállega

meðferð á texta af annarri vefsíðu. Við erum búin að taka textann út. Þetta kemur ekki fyrir aftur og ég mun hafa samband við rekstraradila Óriental og biðja hann persónulega afsökunar á þessu,“ segir Helgi.

- jbg

VIKTOR SVEINSSON
Lipur texti en hljómar óneitanlega kunnuglega.



1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. dýrka, 6. frá, 8. átti heima, 9. skraf, 11. belti, 12. brellur, 14. krapí, 16. kallarö, 17. eyða, 18. erlendis, 20. íþróttafélag, 21. skref.

LÓÐRÉTT

1. afkvæmi, 3. í röð, 4. kassabók, 5. tæki, 7. pest, 10. sauðabari, 13. eldsneyti, 15. frekar, 16. hibýli, 19. tveir.

LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. lamb, 3. áb, 4. sjóðbók, 5. töl, 7. farsoft, 10. sól, 13. gas, 15. söa, 18. úti, 20. kr, 21. stíg.

LÁRÉTT: 2. dást, 6. af, 8. bjó, 9. mas, 11. ól, 12. brögð, 14. slabb, 16. hó, 17. 18. úti, 20. kr, 21. stíg.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á síðu 8

- 1 Kristján Jóhannsson.
- 2 Thaksin Shinawatra.
- 3 1-4 fyrir Keflvíkingsa.

Gefðu dýrmætasta efni í heimi

Hjálparstarf kirkjunnar
www.hjelp.is



GUÐMUNDUR SÆMUNDSSON Íþróttamenn nota ákveðið málfar til sérkenningar og vilji menn komast inn í hópinn verða þeir að laga sig að því.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

GUÐMUNDUR SÆMUNDSSON: DOKTORSRITGERÐ UM MÁLFAR Í ÍPRÓTTUM

Tungumál íþróttaröflugt

„Planid er að þessu verði lokið árið 2010 eða 2011. Það fer eftir því hversu vel gengur,“ segir Guðmundur Sæmundsson sem nú ritar doktorsritgerð um málfar í íþróttum við Háskóla Íslands.

Guðmundur, sem er adjúntur og hefur starfað síðastliðin sjö til átta ár á Laugarvatni á menntavísindasviði, segist alltaf hafa fylgt vel með íþróttum í fjölmiðlum. „Á Laugarvatni kviknaði sú löngun að tengja saman þessi tvö svið; íslenskuna, sem ég hef menntun til, og svo íþróttirnar sem eru þarna allt í kringum mig. Svo fór þetta að taka á sig mynd og ég ákvað að drifa í að gera þetta að alvöru rannsókn.“

Fjölmargir hafa orðið til að benda á að málfar íþróttamanna og þeirra sem lýsa íþróttaviðburðum sé oft sérstakt svo ekki sé meira sagt: „fótavinna“, „varnarvinna“,

„sóknaðlega séð“... en því fer fjarri að íslenskumáðurinn vilji fallast á að málfari sé viðbjóður í eyrum sínum.

„Það er náttúrlega mjög sérstakt en ég myndi nú ekki segja viðbjóður. Þetta er auðvitað ekki þetta venjulega málfar sem nýtur viðurkenningar í skólakerfinu eða þjóðféluginu sem gott mál. En samt, margt þar er sterkara en í venjulegu máli. Eins og til dæmis mjög sterkt myndmál, sterkara en í öðrum fréttum þar sem menn eru að gæta sín á að vera nákvæmir. Í íþróttum þurfa menn ekki heldur að setja allt á fullt eins og þeir hafa hugmyndaflug til. Það finnst mér mjög spennandi að skoða og meira spennandi heldur en að telja villur og annað slíkt,“ segir Guðmundur.

Hann segir þetta sérlega skemmtilegt verkefni. Svona svipað því og að fylgjast með málfari

hjá börnum og unglingum. Þau eru á leiðinni, unglingar taka upp ýmislegt sem er alls ekki viðurkennt, breyta beygingum og framburði, sletta en það er í sjálfu sér hluti þess að halda tungumálinu lifandi.

Guðmundur skoðar einnig hvernig málfarið mótir hópinn sem er í kringum íþróttirnar. Þetta er félagshópur sem tekur upp ákveðið málfar til að sérkenna sig. „Menn laga sig að því vilji þeir komast inn í hópinn. Þetta gerist í mörgum öðrum félagshópum en er sterkt í íþróttum meðal annars vegna þess hversu ríkt þetta er í fjölmiðlum. Þannig hefur það áhrif út fyrir hópinn. Krakkar nota þetta mikið og búa til myndmál, éta upp eftir fréttamönnunum, þannig að þetta hefur áhrif á almenna málið og ég hef áhuga á að skoða það,“ segir Guðmundur.

jakob@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Þorsteinn Þórsteinnsson, vert á menningarbúllunni Grand Rokk, gerði sér lítið fyrir og sigraði í fyrsta golfmóti kráar sinnar – Grand Rokk open – sem haldið var að Kálfa-tjörn á Vatnsleysuströnd að kvöldi mánudags. Þótti mótið takast vel en meðal keppenda voru hjónin

Andrea Gylfadóttir og **Einar Rúnarsson** auk

Örnólfs Árnasonar

þýðanda og fleiri góðra

manna. Ekki hafði verið

gengið frá sigur-

verðlaunum fyrir

keppnina en þegar

fyrir lá að foringinn

sjálfur hafði sigrað

var um það rætt að

þau hlytu að vera

sex daga lúxus-golf-

ferð til Tailands þar

sem flatir eru með

besta móti.



Forlagsmenn binda miklar vonir við að þriðja bókin um Eragon muni fara vel ofan í íslenska lesendur eins og þær fyrri tvær. Er ætlunin að hún komi út á íslensku 11. nóvember og situr nú þýðandinn

Guðni Kolbeinnsson sveittur

við og þýðir til að það

hafist í tæka tíð. Til

stendur að opna

sérstaka Facebook-síðu

þar sem má

finna eitt og

annað sem

bókinni

tengist.



Síðustu leikir KR-inga, bæði í kvenna- og karlaboltanum, eru sögulegir. Ekki vegna úrslita, spjalda- eða markafjölda, heldur fyrir þá staðreynd að kempurnar **Gullí Jóns** og **Gulla Jóns** komu við sögu í báðum leikjum. **Gunnlaugur Jónsson** sneri til baka eftir meiðsli í leik gegn FH-ingum eftir nokkra fjarveru og **Guðlaug Jónsdóttir** tók fram skóna á nýjan leik gegn Fylki á föstudagskvöldið.

jbg/shs



Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberinn þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn... ..góðar fréttir fyrir umhverfið

Hugar að framtíð Svalbarða

Grínistinn Þorsteinn Guðmundsson segir það hugsanlegt að spjallþátturinn Svalbarði verði áfram á dagskrá Skjás eins og í vetur. „Ég er að fara af stað með þælingar og hugmyndavinnu en svo veit maður ekkert hvað verður gert,“ segir Þorsteinn.

Tíu Svalbarða-þættir voru sýndir fyrr á árinu við góðar undirtektir og vonast Þorsteinn til að fá tækifæri til að þróa þáttinn enn frekar áfram. „Þetta var mjög skemmtilegt og á margan hátt lærdómsríkt. Ég hefði aldrei ímyndað mér að það væri svona mikið vesen í kringum spjallþátt en ég lærði af því. Ég var líka að setja mig inn í nýtt hlutverk og það er gaman að reyna á sjálfan sig, þannig að ég hef alveg áhuga á að skoða það áfram.“

Þorsteinn hefur haft í nógu að snúast í sumar. Auk þess að leggja drögin að framtíð Svalbarða er hann í fastri vinnu hjá fyrirtækinu Nova ásamt hönnuðinum Degi Hilmarssyni. Jafnframt hefur hann notað sumarið til að gera upp húsið sitt og



ÞORSTEINN GUÐMUNDSSON Þorsteinn vonast til að halda áfram með spjallþáttinn Svalbarða á Skjá einum næsta vetur.

hjálpá tengdaföður sínum að byggja sumarhúsið. Það er því greinilega bjartir tímar fram undan hjá þessum hæfileikaríka grínista.

- fb



PLAZA
made in Italy

SALDI
SOLDES
SALDOS
REBAJAS
AUSVERKAUF
SALE

Útsalan stendur til 23. ágúst

Listaverk til sölu

Sparið 20% á sófum, stólum og húsgögnum.

www.natuzzi.is

Natuzzi Askalind 2

NATUZZI
It's how you live



BAKÞANKAR
Þórhildar Elínar
Elínardóttur

Dýrafóður fyrir börnin

Ekki alls fyrir löngu var hversdagsleg eldamennska innan heimilis einkum talin á verksviði húsmæðra í fullu starfi. Sá sem fékk greitt fyrir matargerð með öðru en lífsfyllingu hét matreiðslumaður ef það var karl. Kona gat til dæmis kallast matráðskona eða jafnvel eldabuska. Sem hljómar svo skemmtilega næstum eins og öskubuska.

EN nú er öldin önnur. Enginn nýtur nú lífsins til fullnustu án þess að hafa alveg óskaplega gaman af að búa til góðan mat, að minnsta kosti ef marka má mjúku áhugasviðsdálkana í blöðunum. Oft í viku má lesa þar krúttleg viðtöl við allskyns fólk sem veit hreinlega ekkert skemmtilegra en hræra í pottum, og því til sönnunar eru gjarnan myndir af viðmælandanum brosandí að hræra í þykjustunni í augljóslega galtómum potti. Textinn snýst svo iðulega um þann unað og undursamlegu slökun sem viðkomandi matgæðingur finnur í eldhúsinu eftir slítandi dag í vinnunni. Soðning á mánudögum, kjötbollur á þriðjudögum og saltfiskur á laugardögum er dottinn úr tísku.

Í sumar hafa svo ýmsar hugmyndir bæst í sarpinn fyrir þá sem ekki fá nóg af skapandi eldhúsvörkum því útilegumaturinn verður auðvitað að vera dásamlegur líka. Fáeinir sólarhringar í tjaldi á Þingvöllum eru nefnilega ekkert slor þegar hægt er að útbúa nestið fyrirfram heima og taka með í handhægum plastboxum. Enginn þarf að kveljast af næringarskortri þegar einfalt er að fönðra glæsilega skreytt smurbrauð, indverska pottrétti eða dálítið sushi sem lagt er fallega í kæliboxið.

TRÚLEGA er kunningja mín um einum ekki lífsspursmál að fá brauðsneið með surimi, krabbasalati, spergli, sitrónu, eggjábátum og steinseljusprota fyrir svefninn því hann segist aldrei þurfa meira en tíu mínútna undirbúning fyrir ferðalag. Þrátt fyrir röskleg handtök og mikla þjálfun tekur minn undirbúningur fyrir jafnvel stuttar útilegur hinsvegar allavega hálfan vinnudag. Og eftir að hugmyndin um að pylsur og bakaðar baunir hrærðar saman í potti á prímus væru dýrafóður sem aldrei í lífinu skyldi gefa börnum hefur pressan aukist til muna. Andófsmaðurinn við höglífínu lætur samt á sér kræla. Einhverstaðar fæðist rómantísk hugmynd um að raunveruleg þægindi felist kannski mest í einfaldleikanum.

GÓÐAN DAG!
Í dag er miðvikudagurinn 13. ágúst, 226. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík 5.14	13.32	21.49
Akureyri 4.47	13.17	21.45

Heimild: Almanak Háskólans



Sól og bíll - Með Toyota

Með flestum tegundum nýrra seldra Toyota bifreiða fylgir utanlandsferð á sólarströnd fyrir allt að fjóra í allt að tvær vikur, að verðmæti allt að 550 þúsund kr.

Öll gjöld og skattar innifalin.

Viðskiptavinur velur hversu lengi hann vill vera (1 eða 2 vikur), hverjum hann býður með sér og hve mörgum (1 til 3). Gjafabréfið er framseljanlegt.

Komdu sem fyrst á sölustaði Toyota um land allt og tryggðu þér gjafabréf að þínum draumaáfangastað. Þetta tilboð rennur út 14. september 2008.

Áfangastaðir: Krít, Mallorca, Tyrkland (Marmaris), Portúgal, Kanarí (Tenerife) og Costa del Sol.

Bílar: Yaris, Auris, Corolla, Verso, Avensis, RAV4, Prius, Land Cruiser, Hilux og Hiace.

Allar nánari upplýsingar á www.toyota.is



TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi Nýbýlavegi 4 Kópavogur Sími: 570-5070	Toyota Akureyri Baldursnesi 1 Akureyri Sími: 460-4300	Toyota Reykjaneshæ Njarðarbraut 19 Reykjaneshæ Sími: 420-6600	Toyota Selfossi Fosnesi 14 Selfoss Sími: 480-8000	Toyota Austurlandi Miðási 2 Egilsstaðir Sími: 470-5070
--	--	--	--	---